

**LÁRA BJÖRK CURTIS**

*Útfærir spangir eftir óskum hvers og eins*

• tíska • heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**VELJUM ÍSLENSKT**

*Leikföng, húsgögn og lífræn framleiðsla*

Sérblaðið Veljum íslenskt

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

**HELGI HRAFN JÓNSSON**

*Algjört ævintýri hjá íslenskum tónlistarmanni*

Vekur athygli fyrir aðra plötu sína

TÓNLIST 32




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. mars 2009 — 56. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**



**Brjóta blað í sögu félagsins**

Félag íslenskra háskólakvenna styrkir erlendar konur í námi

TÍMAMÓT 26

**Tíu lærdómar**

Þorvaldur Gylfason telur upp tíu lærdóma sem draga má af fjármálakreppunni.

Í DAG 22

**Kveður sviðið**



Clint Eastwood hefur leikið í sinni síðustu kvikmynd, 79 ára að aldri.

KVIKMYNDIR 34



**Unnu 6. besta lið í heimi**

Stelpurnar okkar byrjuðu frábærlega í Algarve-bikarnum með því að vinna Noreg 3-1.

ÍÞRÓTTIR 40

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART SYÐRA** Í dag verður norðlæg átt, 8-15 m/s austan Vatnajökuls og norðvestan til, annars hægari. Snjókoma eða él norðan- og austanlands en bjart veður syðra. Frost 0-8 stig.

VEÐUR 4

# Engin áætlun um afnám hafta

**Ekki liggur fyrir áætlun stjórnvalda um hvernig gjaldeyrishöftum verður lyft. Þetta kom fram á fundi ASÍ með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þetta gengur þvert á tilkynningu Seðlabankans sem send var sama dag.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við vorum fyrst og fremst að ræða það við fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) hvernig varða eigi leiðina út úr gjaldeyrishöftunum. En það kom fram að það er ekki búið að gera það,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. „Sú leið hefur ekki verið vörðuð og okkar áhyggjur snúa að því að það sé verið að læsa okkur inni í höftum sem verða okkur til mikilla trafala til lengri tíma.“

Alþingi setti lög um gjaldeyrishöft síðla árs 2008. Lögin hindra meðal annars að erlendir fjárfestar komi með hlutafé í íslensk fyrirtæki og voru meðal annars sett vegna ótta um að erlendir fjárfestar seldu krónubréf upp á hundruð milljarða þegar færi til þess gæfist.

Fulltrúar ASÍ funduðu með sendinefnd AGS á þriðjudag. Gylfi segir að tíminn hafi aðallega verið nýttur til að ræða peningamál. „Við ræddum um stjórn peningamála til framtíðar og áhyggjur okkar yfir því að hér heima séu menn að múra sig inni í þeirri hugsun að reyna að endurreisa fjármálakerfið enn einu sinni á grundvelli krónu. Gjaldmiðils sem er bannað að nota að mestu leyti.“

Gylfi segir að öllum hljóti að vera ljóst að verði gjaldeyrishömlur hér til lengri tíma þá verði afar erfitt fyrir þjóðfélagið að fjármagna sína starfsemi. „Við höfum talið mikilvægt að taka umræðuna um Evrópusambandið og gefa fjármálamörkuðunum þannig sýn á það hvar Ísland ætlar að vera eftir fimm ár. Ef framtíðarsýnin er sú að við ætlum að vera stödd á sama stað með krónu sem gjaldmiðil þá vinnum við ekki trúverðugleika okkar til baka í bráð. Það hefði í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðina.“

Seðlabanki Íslands sendi frá sér tilkynningu á þriðjudag um að skilyrði séu ekki fyrir hendi til að afnema gjaldeyrishöft. Þar segir að bankinn meti reglubundið skilvirkni gjaldeyrishaftanna í samhengi við peningastefnuna „og vinni að áætlun um afnám þeirra í áföngum“. Segir í tilkynningunni að eitt af meginviðfangsefnum viðræðna stjórnvalda og AGS um fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda og AGS, sem nú standi yfir, sé mat á því hvort forsendur þess að hægt sé að gefa fjármagnsflutninga á milli Íslands og annarra landa frjálsa á ný séu fyrir hendi. **- shá**

**LEIÐ HJÁ HÖFTUM**

Eigendur krónubréfa og erlendir kaupendur íslenskra útflutnings-afurða hafa með ábatasömum hætti fundið leið fram hjá gjaldeyrishöftunum. Eigendur krónubréfa hafa selt kaupendum íslenskra útflutningsvara bréf sín á yfirverði í evrum talið. Kaupandinn innleysir og nýtir krónurnar til greiðslu á innlendum útflutningi hér heima.

Eðlilega skilar gjaldeyrir sér því ekki inn í landið gegnum Seðlabankann eins og vonast var til með gjaldeyrislögunum. Viðmælendur Fréttablaðsins segja gjaldeyrisreglurnar ekki hafa náð tilætluðum árangri þar sem þeir einir hagnist sem höftin áttu að vinna gegn. **- jab / Sjá síðu 18**



**Á NYTJAMARKAÐI SAMHJÁLPAR** Nytjamarkaður Samhjálpar verður sífellt vinsælli segir Vilhjálmur Svan Jóhannsson, sem sér um markaðinn meðal annarra starfa hjá Samhjálp. „Það er töluverð umferð hjá okkur á markaðnum og hún hefur aukist dag frá degi.“ **Sjá Allt í miðju blaðsins** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samfélagsverðlaun veitt:

## Verðlaunahátíð haldin í dag

**FJÖLMIÐLAR** Forseti Íslands afhendir í dag Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk heiðursverðlauna.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Fimm eru útnefndir í hverjum hinna fjögurra flokka, alls 20, og voru þeir kynntir í Fréttablaðinu á laugardag.

Flokkarnir fjórir eru: Hvunndagshetjan, Frá kynslóð til kynslóðar, Til atlögu gegn fordómum og loks sjálf Samfélagsverðlaunin en í þeim flokki verða veitt peningaverðlaun sem nema einni milljón króna.

Þetta er í fjórða sinn sem Fréttablaðið veitir Samfélagsverðlaunin. **- st**

Fyrirtæki sem fá niðurfelldar skuldir þurfa að óbreyttu að greiða tekjuskattinn:

## Eftirlitið skoðar fyrirtækjasölu banka

**SAMKEPPNI** Samkeppniseftirlitið er með ýmis mál á borði sínu, sem tengjast fyrirtækjum sem sett hafa verið í söluferli banka. Ýmsar ábendingar og fyrirspurnir hafa borist úr samfélaginu, sem farið er yfir, segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri eftirlitsins.

Spurningar um sanngirnissjónarmið séu skiljanlegar, þegar fyrirtæki, sem er í samkeppni við annað fyrirtæki, fær skuldir sínar felldar niður, meðan hitt liggur óbætt hjá garði. Mikilvægt sé að bankarnir hugi að þessu; ábyrgð þeirra sé mikil.

Þetta sé þó matsatriði hverju sinni, því einnig sé mikilvægt að gera fyrirtækjum kleift að starfa á markaði. Bankarnir búi að áliti eftirlitsins um samkeppnissjónarmið, sem gefið var út í lok október. Jafnræðissjónarmið skuli meðal annars í heiðri höfð.

En það er þó ekki allt unnið með niðurfellingu skulda því skattasérfræðingur segir að ekki verði betur séð en að þær séu skattskyldar. Af hverri niðurfelldri milljón þurfi að greiða 150.000 krónur í tekjuskatt. **- kóþ / sjá síðu 4**




Skoðaðu **MÍN BORG** ferðablöð Icelandair á www.icelandair.is

ICELANDAIR

**OPIÐ**

ALLAN sólarhringinn

Skeifan & Garðabær

24 Hagkaup

HAGKAUP

Ein ferð betra verð



sbarro

lítill pastaréttur og brauðstöng

490 kr.

www.sbarro.is • sími 517 7750

Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46

**SPURNING DAGSINS**



*Grímur, er þetta bara einhver óþjóða-Lýður?*

„Þetta er að minnsta kosti ekki þjóðin."

Grímur Atlason, sveitarstjóri í Dalabyggð, hefur stofnað hljómsveitina Ekkiþjóðin. Með honum í henni er meðal annarra Lýður Árnason læknir á Flateyri.

Öryrki spyr hvort atvinnuleysisbætur sínar standi undir pappírskostnaði:

# Sjö krónur í atvinnuleysisbætur

**SAMFÉLAGSMÁL** Öryrkja, sem ekki vill láta nafns síns getið, brá í brún þegar hann fékk fyrstu greiðslu atvinnuleysisbóta en hún er upp á sjö krónur. Hann fær rúmar 130 þúsund greiddar í örorkulífeyri og því eru atvinnuleysisbæturnar skertar um 43.049 krónur. Þá eru sjö krónur eftir.

„Það er afar sjaldgæft að sjá svona rýrar bætur," segir Líney Árnadóttir, forstöðukona Greiðslustofu Vinnumálastofnunar.

„Ég vil ekki tjá mig um einstaka tilfelli en almennt er það svo að rétturinn til atvinnuleysisbóta er unninn á vinnumarkaði," útskýrir Líney. „Til þess að eignast fullan bótarétt þarf viðkomandi að hafa verið í fullu starfi í 12 mánuði á síðustu tveimur til þremur árum. Þeir sem vinna minna en það vinna sér hlutfallslegan rétt. Hafi menn síðan tekjur annars staðar frá þá skerða þær einnig atvinnuleysisbætur."

Þar sem viðmælandi Fréttablaðsins var ekki í fullu starfi á 12 mánaða tíma fær hann ekki fullar bætur heldur einungis um fjórðung, eða 26 prósent hlutfall.

Hann sagðist afar gáttaður á þessum lágu bótum og veltir fyrir sér hvort þær standi undir pappírskostnaði.

- jse



**HJÁ VINNUMÁLASTOFNUN** Atvinnuleysi hefur aukist hröðum skrefum síðan í haust. FRÉTTABLÐIÐ/GVA

**RÝRAR BÆTUR**

| | |
|---|---|
| Greiðsla á dag | 1.794 kr. |
| Greiddir dagar | 24 kr. |
| Samtals | 43.056 kr. |
| Skerðing v/ örorkulífeyris | -43.049 kr. |
| Greiðsla samtals | 7 kr. |

Snjóflóðahætta liðin hjá:

## Fólk flutt á heimili sín á ný

**VEÐUR Þeir 34 sem gert hafði verið að rýma heimili sín á Vestfjörðum vegna snjóflóðahættu sneru aftur heim í gær. Þá höfðu nokkur flóð fallið á norðanverðum Vestfjörðum.**

**Flest flóðin voru á þekktum snjóflóðastöðum en önnur komu á óvart. Þannig féll flóð í Botnshlíð í Mjóafirði, sem er sjaldgæft. Þá féll óvenju stórt flóð í Óshlíðinni við vegskálann við Hvanná og náði yfir vegskálann beggja vegna. Viðbúnaði er lokið, utan að starfsmenn við sorpbrennslustöðina Funa og við gangnagerð á vegum Ósafls í Bolungarvík hafa haldið sig innandyra.** - kóp

Danskar orrustuþotur komnar:

## Kostnaður um 10 milljónir

**VARNARMÁL Fyrstu þotur og hermenn danskrar flugsveitar sem sjá mun um loftrýmisgæslu hér á landi út marsmánuð komu hingað til lands í gær.**

**Kostnaðurinn við komu flugsveitarinnar verður um 10 milljónir króna. Upphafleg áætlun var mun hærri, en samið var við Danina um að taka á sig hluta kostnaðar vegna fjármálahrunsins, segir Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins.**

**Alls koma fjórar F16 orustuþotur og rúmlega 50 danskir hermenn. Gæslan hefst formlega eftir helgi, segir Urður.** - bj

Ríkisstjórn fundaði í gær:

## Ræddi tillögur í atvinnumálum

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hittist í gærkvöldi í Ráðherrabústaðnum á óvenjulegum fundartíma. Fundurinn hófst klukkan 19 og stóð fram yfir 21. Fundarefnið var tillögur í atvinnumálum.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Ráðuneytin hafa hvert um sig unnið ýmsar tillögur um atvinnuskapandi verkefni og voru þær kynntar á fundinum. Farið var yfir fjölda hugmynda en engar ákvarðanir voru þó teknar. Tillögur eru unnar á vegum hvers ráðherra en verkstjórn er hins vegar á höndum Össurar Skarphéðinssonar, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Heimildir Fréttablaðsins herma að áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum verði kynnt fljótlega. Í gær voru 16.599 skráðir atvinnulausir á landinu. - kóp

# Varnarmálastofnun truflandi milliliður

**Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir brýnt að Landhelgisgæslan yfirtaki þætti í starfsemi Varnarmálastofnunar. Stofnunin stendur starfsemi LHG fyrir þrifum og ógnar björgunarsamstarfi við önnur ríki, að hans mati.**

**ÖRYGGISMÁL** „Við teljum það algjörlega nauðsynlegt að Landhelgisgæslan (LHG) yfirtaki vissa þætti starfsemi Varnarmálastofnunar til að geta sinnt með sómasamlegum hætti öryggis- og auðlindagæslu, öryggishagsmunum þjóðarinnar og leitar- og björgunarþjónustu vegna sjófarenda og alls almennings. Samstarf LHG við erlenda heri hefur byggst upp á löngum tíma en er nú að verða fyrir verulegum áföllum vegna þessa skipulags að setja á fót sérstaka stofnun þarna á milli," segir Georg Lárusson, forstjóri LHG.



GEORG LÁRUSSON



RAGNA ÁRNADÓTTIR

„Innan LHG er áratuga löng hefð fyrir samskiptum við erlenda heri og gífurleg þekking og reynsla á því sviði. Að Varnarmálastofnun sé orðinn þar milliliður í samskiptum er hreinlega farið að valda okkur skaða og þá um leið orðið hættulegt björgunarsamstarfi við nágrannaríkin," segir Georg.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið 23. febrúar að málefni Varnarmálastofnunar væru til rækilegrar skoðunar. Til greina komi að leggja hana niður og miklir möguleikar séu á því að spara fé með því að sameina ýmsa þætti sem eru hjá henni og öðrum stofnunum.



**BJÖRGUNARÆFING** Starfsemi LHG er viðamikil og kostnaðarsöm. Draga verður saman á öllum sviðum á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segir að formleg vinna á milli ráðuneyta sé ekki hafin varðandi málefni stofnananna tveggja. „En eðlilega hafa menn áhuga á öllum hagræðingarmöguleikum í ríkisrekstri. Þetta er einn af þeim möguleikum." Ragna telur eðlilegt að leitar- og björgunarstarfsemi og löggæsla á hafinu sé öll hjá LHG. „Ég vil hins vegar ekki ganga svo langt að segja að yfirtaka LHG á Varnarmálastofnun sé rökréttasta leiðin. Það eru ýmsir þættir hjá Varnarmálastofnun sem eiga ekki endilega heima hjá LHG."

Georg segir ljóst að Landhelgisgæslan verði ekki rekin með nægilega öflugum og öruggum hætti eins og staðan sé í þjóðfélaginu í dag. Hann telur rökrétt að LHG sinni mörgum af þeim verkefnum sem Varnarmálastofnun hefur á sinni könnu. „Þar er ekki einungis hægt að spara peninga heldur er einnig hægt að nýta þær upplýsingar og aðstöðu sem er hjá Varnarmálastofnun í þágu lands og þjóðar með miklu öruggari og skilvirkari hætti en gert er í dag."

Frá Varnarmálastofnun fengust þau svör að ákvörðun um sameiningu væri pólitísk. Forsendur fyrir samstarfi væru verulegar og LHG hafi lengi staðið til boða að nýta aðstöðu á Keflavíkurflugvelli. Það hafi hins vegar ekki verið þegið.

svavar@frettabladid.is

Hæstiréttur hafnar kröfu:

## Skattamáli Jóns Ólafssonar lokið

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur hafnað ósk saksóknara um að fá að kæra niðurstöðu héraðsdóms í skattamáli Jóns Ólafssonar athafnamanns til Hæstaréttar.



JÓN ÓLAFSSON

Þar með er úrskurður héraðsdóms endanleg niðurstaða málsins. Þar var ákærum á hendur Jóni og tveimur öðrum sakborningum vísað frá þar sem skattayfirvöld hefðu gert þeim refsingu.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra, kærði frávísunina, en þar sem hann gat þess ekki nákvæmlega hvað hann kærði vísaði Hæstiréttur kærunni frá dómi. - bj

Saka Kaupþing um blekkingar:

## Afskrifuðu ekki tap af bréfum

**VIÐSKIPTI Staða Kaupþings var fegruð með því að afskrifa ekki tugmilljarða króna tap vegna skuldabréfa. Með þessu voru fjárfestar blekktir. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.**

**Kaupþing fjárfesti í skuldabréfum í gegnum dótturfélag í Bretlandi, og námu fjárfestingarnar um 8 milljörðum evra haustið 2007. Á þeim tíma varð ljóst að fjárfestingarnar voru áhættusamar, en í stað þess að afskrifa bréfin flutti Kaupþing tugi milljarða í annað félag.**

**Í samtali við Stöð 2 sagði Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, að engin þörf hafi verið á því að afskrifa bréfin.** - bj




Reykjavík á enn 1,3 milljarða ógreidda úr peningamarkaðssjóði Landsbanka:

# Tekur þögninni ekki þegjandi

**EFNAHAGSMÁL** Reykjavíkurborg hefur enn ekki fengið svar við fyrirspurnum um innistæðu sína í peningamarkaðssjóði Landsbankans. Borgin átti þar 4,1 milljarð króna fyrir bankahrun og fékk eins og aðrir greidd 68,8 prósent af því fé í lok októ-ber. Eftir standa um 1,3 milljarðar.



KRISTBJÖRG STEPHENSEN

Fyrirspurnir borgarinnar voru sendar í lok nóvember og þann 22. desember.

„Við fáum engar skýringar. Skilanefnd Landsbankans hefur ekki séð ástæðu til að svara okkur," segir Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður.

Hún segir sitt fólk nú skoða til hvaða ráða megi grípa. Að sjálfsögðu þurfi að knýja fram svör um hvort innistæðan fáist greidd. Hvort sem það gerist með aðstoð dómstóla eður ei.

„Og þetta er vissulega ekki eitthvað sem Reykjavíkurborg ætlar að taka þegjandi," segir hún. Flókið sé að eiga við skilanefndirnar vegna gildandi neyðarlaga, en nýfallinn héraðsdómur um að þau lög standist ekki stjórnarskrá gefi von um að málin skýrist brátt. Sérstaklega ef sá dómur verður staðfestur fyrir Hæstarétti.



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Borgarlögmaður segir að engin svör fáist frá skilanefnd Landsbankans um innistæðu borgarinnar í peningamarkaðssjóði bankans. DADFA

Blaðið spurði skilanefnd Landsbanka á mánudag um innstæðurnar og hvers vegna eigendurnir hafi ekki verið upplýstir um þær. Svar hefur ekki borist. - kóþ

## GENGIÐ 04.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,14 | 114,68 |
| Sterlingspund | 160,71 | 161,49 |
| Evra | 142,81 | 143,61 |
| Dönsk króna | 19,164 | 19,276 |
| Norsk króna | 15,926 | 16,02 |
| Sænsk króna | 12,391 | 12,463 |
| Japanskt jen | 1,1487 | 1,1555 |
| SDR | 166,27 | 167,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
176,426

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forstjóri Haga segir Samkeppniseftirlitið vinna að því að draga úr samkeppni:

# 315 milljóna sekt Haga staðfest

**SAMKEPPNISMÁL** Hagar skulu greiða 315 milljónir króna í stjórnvaldssekt fyrir stórfellda misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þetta er niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfestir þar með úrskurð Samkeppniseftirlitsins (SE) frá því í desember.

Um er að ræða brot sem framin voru í verðstríði á milli Bónuss og annarra lágvöruverðsverslana, einkum Krónunnar, á árunum 2005 til 2006. Verðstríðið hófst þegar Krónan kynnti allt að fjórðungs verðlækkun á mjólkurvörum. Verðstríðið vatt mjög upp á sig og þegar hæst stóð seldi Bónus mjólkurvörur á nánast ekki neitt. Verslanir Bónuss voru vegna þessa reknar með hundruða milljóna tapi.



**VERÐSTRÍÐ** Bónus seldi mjólk á sama og ekki neitt til að laða að viðskiptavini. Tap varð á rekstrinum vegna þess. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SE komst að þeirri niðurstöðu að slík undirverðlagning fyrirtækis í markaðsráðandi stöðu hafi verið til þess fallin að hindra samkeppni og koma þeim skilaboðum til keppinauta á markaði að engum líðist til frambúðar að bjóða lægra verð en gengur og gerist hjá Bónus. Áfrýjunarnefndin fellst á öll rök SE.

„Þetta eru mikil vonbrigði og við munum fara með þetta áfram fyrir dómstóla,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. Verið sé að refsa Högum fyrir það að selja ódýrt. „Þessi úrskurður gefur það í skyn að Samkeppniseftirlitið vinni markvisst að því að draga úr samkeppni,“ segir hann. - sh

Iðnþing Samtaka iðnaðarins:

# Öflug fyrirtæki forsenda vaxtar

**EFNAHAGSMÁL Öflug fyrirtæki sem skapa verðmæti og stuðla að vexti eru frumforsenda þess að þjóðin geti haldið áfram að vaxa og dafna. Þetta kemur fram í ritinu Vöxtur og verðmæti - mótum eigin framtíð sem verður lagt fram á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins. Ritið fjallar um efnahagsvandann sem þjóðin stendur frammi fyrir.**

**Þingið verður haldið á Grand Hótel Reykjavík og hefst með aðalfundi SI klukkan 10. Klukkan 13 hefst opinn fundur þar sem Össur Skarphéðinsson og Helgi Magnússon formaður SI taka til máls meðal annarra. - sls**

Starfsmenn Kaupþings:

# Greiða skatt af vaxtahagræði

**SKATTAMÁL Þeir starfsmenn Kaupþings sem fengu eina fimmtíu milljarða króna lánaða til hlutabréfakaupa í bankanum þurfa líklega að gefa upp til tekna á skattframtali það hagræði sem þeir nutu af láninu.**

**Þegar launagreiðandi veitir starfsmanni lán, skal miðað við fjórtán prósenta vexti og verðbætur. Séu vextir á láninu lægri en þetta, skal starfsmaðurinn telja sér mismuninn til tekna á skattframtali. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum. Af fyrrgreindum mismuni á þessu öllu skal greiða tekjuskatt.**

**Lán starfsmannanna stendur enn óbreytt í nýja bankanum. - kóþ**

Vímuefnamarkaðurinn:

# Kannabisfólk velur íslenskt

**VÍMUEFNI** Þeir kannabisneytendur sem leituðu aðstoðar SÁÁ í síðasta mánuði velja fremur gras, maríúana, oft framleitt innanlands, en innflutt kannabisefni, svo sem hass. Þetta má lesa á vef SÁÁ.



KANNABISPLÖNTUR

Þar er birt ný verðkönnun 28 sjúklinga og kemur fram að vímuefni hækki nokkuð í verði. Mest hækkar kókaín, úr 11.500 í janúar og í 14.750 og hefur aldrei mælst dýrara. Grammið af amfetamíni hefur verið um og yfir 5.000 krónur síðustu fjóra mánuði. Grasið kostar 3.380 og hækkar um 530 krónur milli mánaða. Hass kostar 2.670 grammið.

Heróín mun hafa kostað 30.000 krónur grammið. - kóþ

# Gætu borgað álíka í skatt og í nýtt hlutafé

**Þau fyrirtæki sem bankarnir setja í söluferli frekar en nauðasamninga eða gjaldþrot eiga að greiða fullan tekjuskatt af niðurfellingu skulda sinna, þegar nýir eigendur hafa tekið við. Ríkisskattstjóri segist fylgjast mjög vel með öllu þessu.**

**SKATTAMÁL** Þegar illa statt fyrirtæki er selt í gegnum svokallað söluferli hjá bönkum ætti félagið að greiða fullan tekjuskatt af niðurfelldum skuldum, miðað við þær fregnir sem berast úr bönkunum.



SÍMON JÓNSSON



SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON

Fyrirtækin virðast ekki uppfylla þau skilyrði sem víkja þeim annars frá skattskyldu: þau eru ekki í nauðasamningum, gjaldþroti eða í greiðsluaðlögun. Þetta er mat Símons Jónssonar, forstöðumanns skattasviðs KPMG.

Sem dæmi má nefna fyrirtæki sem skuldar 500 milljónir. Kaupandinn greiðir 50 milljónir í nýtt hlutafé og tekur yfir 200 milljónir af skuldunum. Eftir standa 250 milljónir króna af skuldum, og eru sagðar niðurfelldar.

Nýir eigendur að fyrrgreindu fyrirtæki þurfa því að greiða fimmtán prósenta skatt af 250 milljónum, en tekjuskattshlutfall fyrirtækja var í fyrra lækkað úr átján prósentum af ríkisstjórn Geirs H. Haarde. En væri hið sama gert við einstaklinga þyrftu þeir að greiða 37,2 prósenta skatt.



**NIÐURFELLING GÆTI ORÐIÐ DÝR** Það gæti komið við pyngjuna að kaupa illa stödd félög í gegn um bankana. Miðað við upplýsingar sem borist hafa frá bönkum og skattayfirvöldum þurfa þeir að greiða fimmtán prósent skatt af niðurfelldum skuldum.

Fimmtán prósent af 250 milljónum króna gera 45 milljónir, nærri því jafnmikið og lagt er í nýtt hlutafé ímyndaða fyrirtækisins.

Spurður hvort þessi niðurfelling skulda sé hagkvæmasta leiðin fyrir bankann og kaupandann, segir Símon að það þurfi að meta í hverju tilfelli. Önnur leið væri til að mynda niðurfærsla skulda. Þá eru skuldirnar metnar lægra í bankanum, en þær má svo hækka aftur, ef fyrirtækið kemst á beinu brautina. Á meðan sé skuldarinn ekki skattskyldur að þessu leyti.

Hins vegar gagnist niðurfellingin líklega ekki bönkunum, skattalega séð. Þeir hafi ofgnótt frádráttarmöguleika við núverandi aðstæður og séu ef til vill þegar búnir að eyða tekjuskattstofni sínum.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri vill ekki úttala sig um þessi mál að svo stöddu en segir þó: „Í þessu umróti sem nú er í íslensku þjóðlífi mun ríkisskattstjóri fylgjast mjög vel með að allar upphæðir séu gefnar upp til skatts.“ klemens@frettabladid.is

Bréf frá Obama til Rússa:

# Vill samstarf gegn Írönum

**RÚSSLAND** Í bréfi frá Barack Obama Bandaríkjaforseta bauð hann Rússum að falla frá áformum um eldflaugavarnir í Póllandi og Tékklandi gegn því að Rússar starfi með Bandaríkjamönnum að því að tryggja að Íranar komi sér ekki upp kjarnorkuvopnum.



DMITRÍ MEDVEDEV

Natalíja Timakova, talsmaður Dmitrís Medvedevs Rússlandsforseta, segir að vísu ekkert hæft í því, að einhver skilyrði hafi verið sett í bréfinu eða ákveðin tilboð gerð um samstarf.

Reiknað er með því að utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Rússlands, þau Hillary Clinton og Sergei Lavrov, muni ræða þessi mál þegar þau hittast í Genf á föstudaginn. - gb

Forval í Norðausturkjördæmi:

# Þrjú efstu sætin hjá VG óbreytt

**STJÓRNMÁL Óbreytt uppröðun verður í þrjú efstu sætin á lista Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi. Talningu í forvali flokksins lauk í gær. Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, fékk afgerandi kosningu í fyrsta sætið.**

**Þuríður Backman hafnaði í öðru sæti, Björn Valur Gíslason í þriðja og Bjarkey Gunnarsdóttir í því fjórða. Alls var kosið í átta sæti.**

**Heimildir Fréttablaðsins herma að nokkur óánægja sé meðal flokksmanna í kjördæminu með að ekki hafi orðið nein endurnýjun í þremur efstu sætunum. - bj**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**ÁGÆTT SYÐRA**
Sé horft á veðurhorfurnar fram yfir helgi eru þær góðar fyrir sunnanvert landið. Heildrænt séð verður þar yfirleitt bjart veður en snjókoma eða él norðanlands og austan. Það verður að líkindum ekkert mjög sólríkt á laugardaginn en vindurinn verður hægur og úrkomulítið. Hann mun hins vegar blása á Vestfjörðum í dag og næstu daga.



**Á MORGUN**
8-13 m/s á Vestfjörðum
annars 3-8 m/s

**LAUGARDAGUR**
8-13 m/s á Vestfjörðum
annars hæg breytileg átt

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Amsterdam | 7° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 5° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 6° |
| New York | 7° |
| Orlando | 23° |
| Osló | 1° |
| París | 7° |
| Róm | 13° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# **ÁFRAM** ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR

Það er okkur mikill heiður að viðskiptavinir okkar skuli vera þeir ánægðustu á meðal fjármála-fyrirtækja á Íslandi tíunda árið í röð!




*Skv. mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar.
2. nóv. - 11. des. 2008.

**Persónuleg og vönduð fjármálaþjónusta** hefur skilað sparisjóðunum ánægðustu viðskiptavinunum **10 ár í röð eða allt frá því mælingar hófust**. Þetta eru ánægjuleg tíðindi fyrir okkur og hvetur okkur til að starfa **áfram fyrir þig og þína.** Kynntu þér starfsemi sparisjóðanna á **www.sparisjodirnir.is**

**Bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf,**
**starfsfólk sparisjóðanna**

SPARISJÓÐIRNIR
Á ÍSLANDI
*– áfram fyrir þig og þína*

Sparisjóðirnir á Íslandi samanstanda af Byr sparisjóði, SPRON og öllum öðrum sparisjóðum á landinu.



**Tryggjum samkeppni**
Við erum einu fjármála-fyrirtækin á Íslandi sem veita alla almenna bankaþjónustu og starfa án atbeina ríkisvaldsins.



**Ný framtíðarsýn**
Framtíðarsýn sparisjóðanna er að byggja á enn hagkvæmari rekstrareiningum með áherslu á persónulega þjónustu í námunda við þig.

**Lærdómur sögunnar**
Saga okkar hefur verið samofin sögu íslensks samfélags í yfir 100 ár. Þessi saga er rétt að hefjast.



**Þitt samfélag**
Sparisjóðirnir leggja ríka áherslu á stuðning við ýmis samfélagsverkefni og félagastarf.



DYNAMO REYKJAVÍK



**Allir við sama borð**
Forsenda þess að sparisjóð-irnir geti áfram veitt samkeppnishæfa þjónustu er að fyllsta jafnræðis sé gætt í aðgerðum stjórnvalda við endurreisn íslenska fjármálakerfisins.

**Fyrir Íslendinga**
Án Íslendinga værum við ekki til. Sparisjóðirnir hafa alltaf lagt höfuðáherslu á að þjónusta íslenskt samfélag og munu halda því ótrauðir áfram.

**Fjórðungur þjóðarinnar**
Fjórðungur þjóðarinnar nýtur ánægjunnar af viðskiptum við sinn sparisjóð og við bjóðum þig velkominn í viðskipti.



Áfram
sparisjóðirnir á
**sparisjodirnir.is**



## KJÖRKASSINN



*Ert þú sátt(ur) við ferðir forseta Íslands með þotum í eigu eða leigu íslenskra fyrirtækja?*

| | |
|---|---|
| Já | 28% |
| Nei | 72% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú vinstri stjórn eftir kosningar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Framkvæmdastjóri og fjárreiðustjóri Ísfélagsins reknir vegna samninga við banka:

# Ollu tapi upp á hundruð milljóna

**SJÁVARÚTVEGUR** Ægi Páli Friðbertssyni framkvæmdastjóra og Baldvini Johnsen fjárreiðustjóra Ísfélagsins í Vestmannaeyjum hefur verið vikið úr starfi. Ákvörðunin var tekin á stjórnarfundi í fyrrakvöld.

Í fréttatilkynningu fyrirtækisins segir að ástæðan sé að þeir hafi farið út fyrir heimildir sínar í störfum sínum þegar þeir gerðu afleiðusamninga við íslenska banka en fyrirtækið hefur orðið fyrir hundruð milljóna tapi vegna þeirra. Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson stjórnarformaður gagnrýndi störf tvímenninganna á mbl.is í gær og sagði það reyndar ekkert óeðlilegt að útflutningsfyrirtæki gerði slíka samninga til að tryggja sig gegn gengistapi en þeir sem þarna voru gerðir hafi verið langt umfram það sem eðlilegt geti talist. Hann telur þó ekki að um glæpsamlegt athæfi hafi verið að ræða né að tvímenningarnir hafi ætlað að græða persónulega með samningunum. „Okkar starf er að veiða, vinna og selja fisk og það er því annarra að reyna að hagnast á fjármálabraski,“ sagði hann ennfremur.

Hörður Óskarsson fjármálastjóri vildi ekki tjá sig um málið frekar en Þórarinn Sigurðsson stjórnarmaður. Ekki náðist í Ægi Pál, Gunnlaug Sævar né Guðbjörgu M. Matthíasdóttur sem sæti á í stjórninni. -jse



**ÆGIR PÁLL FRIÐBERTSSON** Ægir varð framkvæmdastjóri 2001, skömmu eftir bruna hjá Ísfélaginu í desember 2000. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Reykjavíkurborg ræður fólk:

# Yfir 4.100 ráðnir í sumarstörf

**ATVINNA Reykjavíkurborg mun ráða yfir 4.100 manns í sumarstörf í ár. Þetta tilkynnti borgarstjóri, Hanna Birna Kristjánsdóttir, á borgarstjórnarfundi á þriðjudag. Flestir munu starfa hjá Vinnuskóla Reykjavíkur, eða um 2.900 manns. Þá verða 860 ráðnir til afleysinga á fagsviðum borgarinnar, flestir, 414, hjá umhverfis- og samgöngusviði.**

**Samkvæmt fjárhagsáætlun fara 96 milljónir til að skapa um 400 sumarstörf. Um 46 milljónir eru eyrnamerktar ákveðnum verkefnum en samráðsnefnd um sumarstörf ákveður hvernig afganginum verður varið.** - kóp




# Endurreisnarnefnd segir evru framtíðina

**Evran blasir við sem framtíðargjaldmiðill, segir í drögum að ályktun endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins um samkeppnishæfni.**

**EFNAHAGSMÁL** Í niðurstöðum draga að ályktun endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins um samkeppnismál segir að ganga eigi til samninga við Evrópusambandið um gjaldeyrismál „sem tryggi Íslendingum aðild að evrópsku myntsamstarfi sem fyrst“. Krónan, ein á báti, skapi ekki þá umgjörð um efnahagslífið sem það þarfnast. Drögin voru skrifuð af Ólafi Ísleifssyni hagfræðingi, að beiðni Sjálfstæðisflokksins.

„Engin von er til þess að efnahags- og atvinnulíf landsmanna nái að eflast og dafna til hagsbóta fyrir almenning nema fyrirtæki og heimili búi við gjaldmiðil sem tækur er í alþjóðlegum viðskiptum,“ segir í drögunum og ljóst er að ekki er verið að ræða um íslensku krónuna sem tæka í alþjóðlegum viðskiptum.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins segist fyrirfram ekki halda að það sé vilji til þess innan Sjálfstæðisflokksins að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Því telur hann ekki líklegt að drögin verði samþykkt eins og þau standa.

„Ég er sammála því að það þarf að marka skýra framtíðarstefnu í peninga- og gjaldmiðilsmálum,“ segir Sigurður Kári. Íslenska krónan hefur reynst okkur fjötur um fót. Í slíkri framtíðarstefnu eigi þó ekki að felast aðild að Evrópusambandinu.

„Evran blasir við sem framtíðargjaldmiðill um farveg umsóknar að Evrópusambandinu,“ segir í drögum endurreisnarnefndarinnar, en hún verði ekki tekin upp nema í góðri sátt við Evrópusambandið. Þar er því einhliða upptöku annarrar myntar hafnað.

„Það liggur fyrir að ef við stöndum fyrir utan Evrópusambandið þurfum við að finna lausn á okkar peningastefnu,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokks. Hann lofar starf endurreisnarnefndarinnar, segir hana ferskan andblæ og það sem fram hafi komið málefnalegt. „Varðandi einstaka þætti þá eru það mál sem menn munu fara yfir. Það er mikilvægt að öll sjónarmið fái að koma fram, en ekki er búið að taka afstöðu til þeirra,“ segir hann. Líkt og Evrópuumræðan hafi styrkt flokkinn þá eigi sjálfstæðisfólk að fara yfir gjaldmiðlamál og vera óhrætt við að velta upp hugmyndum. svanborg@frettabladid.is



**EVRUR Í STAÐ KRÓNA** Efnahags- og atvinnulíf nær ekki að eflast og dafna með íslensku krónunni, segir í drögum að ályktun um samkeppnismál frá endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**




Súrmjólk slett yfir fulltrúa orkufyrirtækjanna á grænum dögum í Háskólanum:

# Græn orka fékk grænar slettur

**LÖGREGLUMÁL** Þrír svartklæddir og grímuklæddir menn skvettu grænum vökva yfir fulltrúa orkufyrirtækja á Háskólatorgi í dag og hlupu síðan á braut.

Orkufyrirtækin Landsvirkjun, Nýorka, Geysir Green Energy og Metan voru að kynna starfsemi sína á torginu þegar mennina bar að. Kynningin var hluti af svokölluðum Grænum dögum sem Gaia - félag meistaranema í umhverfis- og auðlindafræðum stendur að í samstarfi við aðra. Með þeim á að vekja nemendur og starfsfólk skólans til vitundar um vistvæna neyslu og endurvinnslu, að því er segir á heimasíðu Gaia.

Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs við HÍ, segist hafa rökstuddan grun um úr hvaða hópi fólkið kom. Hann segir fólk í skólanum vera miður sín yfir atvikinu. „Mér finnst þetta nú ósköp aumt þegar menn eru að mótmæla einhverju að vera grímuklæddur og þora ekki að sína andlit sitt. Svo er bara hlaupið í burtu og ekki gengist við neinu.“ Hann segir að starfsmaður háskólans hafi stöðvað einn hinna grímuklæddu, en verið truflaður af einum áhorfanda þannig að sá grímuklæddi slapp. Lögreglan hefur málið til rannsóknar.

Ekki er vitað hvað fólkinu gekk til þar sem engin yfirlýsing hefur borist vegna aðgerðarinnar. - kóp



**SÚRMJÓLK Í HÁDEGINU** Grænum vökva, sem lögreglan telur vera súrmjólk með matarlit, var slett yfir fulltrúa orkufyrtækja í Háskóla Íslands í hádeginu í gær. MYND/GUNNAR GUNNARSSON


SENSAI
Háþróaðir rakagjafar veita undurmjúka og silkikennda húð
Rakagjafar SENSAI CELLULAR PERFORMANCE-línunnar byggja á háþróaðri rakaformúlu sem gefur húðinni bæði áferð og tilfinningu fínasta silkis. Stútfullir af eðalfínum innihaldsefnum eins og Hydrachange Complex og Aqua Floral Fragrance leggja þeir grunninn að rakabrunni sem á áhrifamikinn hátt bætir stöðugt rakastig húðarinnar þannig að hún býr yfir ríkulegum raka við hvaða aðstæður sem er.
Fágaðu og undirstrikaðu fegurðina með SENSAI.
Yndislegur raki og ný förðunarlína.
Sérfræðingar verða í Hagkaup Kringlu og Smáralind fimmtudag og föstudag kl. 12-17 og laugardag kl. 13-17
Fáðu grunnlínu í Sensai að gjöf þegar keypt er fyrir 5.900.-
• Tveggja þrepa hreinsun
• Cleansing Cream
• Creamy soap
• Tveggja þrepa rakagjöf,
Sensai CP Lotion II og Emulsion II 30 ml.
SENSAI
www.sensai-cosmetics.com
Kanebo
INTERNATIONAL
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað hefur verið gefinn út stór loðnukvóti á yfirstandandi fiskveiðiári?*

**2.** *Hver tekur tímabundið við forsetaembætti í Gíneu-Bissá?*

**3.** *Hver leikur í leikverkinu Óskar og bleikklædda konan hjá Borgarleikhúsinu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Sjálfstæðismenn gagnrýna umbúðir og innihald persónukjörsfrumvarps:

# Sturla segir ætlunina að skapa ófrið

**ALÞINGI** Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Geir H. Haarde formaður, Ólöf Nordal og Sturla Böðvarsson, gerðu, í umræðum í þinginu í gær, margvíslegar athugasemdir við frumvarp þingflokksformanna hinna þingflokkanna fjögurra um að persónukjör verði gert mögulegt í alþingiskosningum.

Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, mælti fyrir frumvarpinu sem snýst um að gefa þeim sem standa að framboðum kost á að bjóða fram óraðaða lista. Kjósendum listans yrði þá falið að raða frambjóðendum í sæti.

Geir Haarde harmaði að ekki hefði verið haft samráð við alla flokka um breytingar á kosningalögunum, líkt og venja væri. Þá vakti hann athygli á tilmælum ÖSE og Evrópuráðsins þess efnis að kosningalögum sé ekki breytt ári fyrir kosningar.



STURLA BÖÐVARSSON



LÚÐVÍK BERGVINSSON

Ólöf taldi kjósendum gerður óleikur með lagabreytingunni þar sem hún flækti framkvæmd kosninga. Efaðist hún jafnframt um að breytingin samræmdist stjórnarskrá.

Sturla sagði sjálfstæðismenn fylgjandi persónukjöri en með framferði sínu væru flutningsmenn fyrst og fremst að skapa ófrið í þinginu.

Lúðvík hafnaði öllum þessum athugasemdum og bað sjálfstæðismenn vinsamlegast um að færa efnisrök fyrir máli sínu. **- bþs**

Tekist á um greiðslustöðvun:

# Baugur Group fari í gjaldþrot

**DÓMSMÁL Lögmenn Íslandsbanka og Glitnis mótmæltu því í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær að Baugur Group fengi áframhaldandi greiðslustöðvun til þriggja mánaða.**

**Lögmennirnir töldu ekki skilyrði fyrir að verða við beiðninni. Krafa þeirra felur í sér að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta.**

**Ragnar H. Hall, lögmaður Baugs Group, segir að ekki hafi verið tekin afstaða til kröfu lögmanna Íslandsbanka og Glitnis. Munnlegur málflutningur verði um kröfuna næstkomandi mánudag. Von er á úrskurði dómara í málinu eftir viku í síðasta lagi. - bj**

## SKOÐANAKANNANIR

### Lögreglan nýtur trausts

Lögreglan nýtur enn mikils trausts þó traust landsmanna á öðrum ríkisstofnunum dali. Í nýjum þjóðarpúlsi Gallup segjast 79 prósent aðspurðra treysta lögreglunni. Þetta er næstbesta útkoman hjá ríkisstofnunum. Aðeins Háskóli Íslands nýtur meira trausts, hjá 80 prósentum aðspurðra.

## FÉLAGSMÁL

### Atvinnutækifæri í Manitoba

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir félagsmálaráðherra fundaði með Nancy Allan, atvinnu- og innflytjendamálaráðherra Manitoba í Kanada í gær. Unnið var að því á fundinum að ljúka við samkomulag sem skapar atvinnutækifæri fyrir Íslendinga í Manitoba. Allan er stödd hér á landi í boði Ástu Ragnheiðar.






# Á handtöku yfir höfði

**Alþjóðlegi sakadómstóllinn gefur út handtökuskipun á hendur forseta Súdans vegna stríðsglæpa í Darfúrhéraði. Þjóðhöfðingjar njóti engrar friðhelgi.**

**HAAG, AP** Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Haag hefur gefið út handtökuskipun á hendur Omar al-Bashir Súdansforseta. Hann er sakaður um stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni, sem framdir hafa verið á íbúum Darfúrhéraðs í Súdan síðan 2003.

Þetta er í fyrsta sinn sem alþjóðleg handtökuskipun er gefin út á hendur þjóðhöfðingja, sem enn situr í embætti.

Dómstóllinn segir að herferð vígasveita á hendur íbúum Darfúrhéraðs hafi verið skipulögð af stjórnvöldum landsins. Omar al-Bashir beri þar fulla sakarábyrgð. Þriggja manna dómnefnd segir þó ekki nægar sannanir fyrir hendi til þess að ákæra hann fyrir þjóðarmorð.

Fáir hafa þó trú á því að unnt verði að handtaka al-Bashir á næstunni, þótt hann þurfi framvegis að forðast að ferðast til þeirra hundrað landa sem hafa aðild að dómstólnum.

Al-Bashir vísar ákærunum á bug og Súdansstjórn viðurkennir ekki lögsögu dómstólsins.

„Engin viðurkenning verður veitt dómstól hvíta mannsins né samið við hann, sem hefur ekkert umboð í Súdan né gegn neinum af þjóð þess lands,“ segir í yfirlýsingu frá upplýsingaráðuneyti Súdans í gær.

Dómstóllinn segir engu síður að Súdansstjórn beri skylda til þess, samkvæmt ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, að sýna dómstólnum fulla samvinnu. Að öðrum kosti muni dómstóllinn leita til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.



**FLÓTTAMENN Í DARFÚR** Á þriðju milljón manna hefur hrakist að heiman undan ofbeldi vígasveita. Talið er að um þrjú hundruð þúsund manns hafi látið lífið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Suleiman Sandal, leiðtogi uppreisnarmanna í Darfúrhéraði, fagnar hins vegar handtökuskipuninni, segir hana sögulega og mikinn sigur fyrir íbúa Súdans og Darfúr.

„Þetta eru endalokin fyrir hvern einræðisherra sem fremur glæpi í skjóli ríkisvalds síns og hers,“ segir Sandal.

Þúsundir manna héldu hins vegar út á götur höfuðborgarinnar Khartoum til að lýsa stuðningi við al-Bashir forseta. Mannfjöldinn veifaði myndum af forsetanum en hrópaði skammaryrði um Lous Moreno Ocampo, aðalsaksóknara dómstólsins í Haag.

Alþjóðlegi sakadómstóllinn er sjálfstæð stofnun, óháð Sameinuðu þjóðunum. Leiðtogar 139 ríkja hafa undirritað stofnsáttmála dómstólsins og hundrað ríki hafa þegar staðfest sáttmálann.

**gudsteinn@frettabladid.is**


# RÉTTLÁTT SAMFÉLAG

**Opinn fundur um ný viðhorf og breyttar áherslur í skatta- og velferðarmálum**

**á Hótel Borg í kvöld, fimmtudag, kl 20.00**









*Frummælendur*

**Stefán Ólafsson**, prófessor við H.Í.

**Indriði H. Þorláksssson**, fyrrverandi ríkisskattstjóri og núverandi ráðuneytisstjóri í Fjármálaráðuneytinu

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir**, þingmaður

*Fundarstjóri*

**Guðrún Birna le Sage de Fontenay** formaður Hallveigar – Ungra jafnaðarmanna í Reykjavík

Samfylkingin

***Allir velkomnir! – Steinunn Valdís***




**KOSNING** Þetta er í fyrsta sinn sem ÖSE skoðar framkvæmd kosninga á Íslandi, en verið er að skoða kosningar í öllum aðildarríkjunum.

Sendinefnd Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:

# Skoðar komandi alþingiskosningar

**KOSNINGAR** Sendinefnd frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) er stödd hér á landi til að meta þörf á kosningaeftirliti við komandi alþingiskosningar. Í þessari heimsókn er fundað með fulltrúum Alþingis, fjölmiðla og frjálsra félagasamtaka, auk kosningasérfræðinga og verður skýrsla um heimsóknina birt fljótlega á heimasíðu stofnunarinnar. Á grundvelli þeirrar skýrslu verður tekin ákvörðun um umfang kosningaeftirlitsins.

Frá 2004, þegar ÖSE fylgdist með forseta- og þingkosningum í Bandaríkjunum, hefur það verið stefna stofnunarinnar að vera með kosningaeftirlit í öllum aðildarríkjunum. Er í skýrslum stofnunarinnar um kosningar í rótgrónum lýðræðisríkjum bæði fjallað um það sem betur mætti fara auk þess sem fjallað er um góða stjórnhætti við kosningar. Meðal annarra vestrænna ríkja þar sem ÖSE hefur verið með kosningaeftirlit eru Kanada, Írland, Frakkland og Sviss.

Ekki hefur áður verið kosningaeftirlit á Íslandi, en mögulegar breytingar á kosningalögum og stjórnarskrá er meðal þess sem vakti áhuga stofnunarinnar. **- ss**

# Það minnsta sem þú getur gert

...er að kaupa miða til styrktar Karlmönnum og krabbameini. En auðvitað viljum við að þú lifir heilbrigðu lífi og dragir þannig úr líkum þess að fá krabbamein.






Leggðu málstaðnum lið í þinni matvöruverslun. Þar getur þú keypt 250, 500 eða 1000 króna miða.

Alcoa Fjarðaál

Karlmennogkrabbamein.is



**FÓTBLAK** Þó Brasilíumenn séu annálaðir fótboltaiðkendur láta sumir sér ekki nægja árangur í þeirri íþrótt. Þessir kappar skemmtu sér í því sem kalla mætti fótblak á ströndinni við Rio de Janeiro og sýndu mikil tilþrif. NORDICPHOTOS/AP

Hillary Clinton lýsir stuðningi við Palestínustjórn Fatah-samtakanna:

# Gagnrýnir framferði Ísraels

**PALESTÍNA, AP** Hillary Clinton, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, sakar Ísraela um að torvelda friðarviðræður við Palestínumenn með því að eyðileggja íbúðarhús Palestínumanna í Jerúsalem.

Hún hitti í gær Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, í bænum Ramallah á Vesturbakkanum og lýsti eindregnum stuðningi sínum við hann. Hún sagði stjórn Fatah-samtakanna, sem Abbas er í forsvari fyrir, „hina einu lögmætu stjórn Palestínumanna“, en minntist ekki orði á Hamas-samtökin sem unnu kosningasigur fyrir tveimur árum og mynduðu ríkisstjórn, sem síðan hraktist frá völdum í átökum við Fatah-samtökin.



**CLINTON OG ABBAS** Clinton lýsti yfir eindregnum stuðningi við Palestínustjórn Fatah-samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að fundi þeirra Abbas loknum sagðist Clinton ætla að vinna af fullum krafti að lausn á hinum langvarandi deilumálum Ísraela og Palestínumanna.

Stuttu áður höfðu ísraelsk stjórnvöld skýrt frá því að fimm íbúðarblokkir Palestínumanna í austanverðri Jerúsalem verði jafnaðar við jörðu. Ljóst þykir að húsin séu rifin til þess að styrkja yfirráð Ísraela yfir þessum hluta borgarinnar, sem Palestínumenn vilja að verði höfuðborg sjálfstæðs ríkis þeirra.

Í vikunni hitti Clinton einnig ísraelska ráðamenn, þar á meðal Shimon Peres forseta og Benjamin Netanjahu, sem væntanlega verður orðinn forsætisráðherra Ísraels innan fárra vikna. - gb

## PRÓFKJÖR

### FRAMSÓKNARFLOKKUR



Bernharð Arnarson sækist eftir 5. til 8. sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi.



Styrmir Þorgilsson sækist eftir 2. til 4. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi.

Bryndís Bjarnarson býður sig fram í 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi.

### VINSTRI GRÆN



Einar Ólafsson gefur kost á sér í 5. til 6. sæti á lista Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi.

Borgarahreyfingin stefnir á framboð til Alþingis í öllum kjördæmum:

# Útilokar samstarf við D-lista

**STJÓRNMÁL** Borgarahreyfingin – þjóðin á þing ætlar að bjóða sig fram til Alþingis í öllum kjördæmum undir listabókstafnum O. Hreyfingin óskar eftir því að þeir hafi samband sem tilbúnir eru að taka sæti á listum. Forsvarsmennirnir vilja félagshyggjustjórn og útiloka samstarf við Sjálfstæðisflokkinn við hugsanlegar stjórnarmyndunarviðræður í vor.

Borgarahreyfingin hélt blaðamannafund í Iðnó í gær þar sem stefna framboðsins var kynnt. Hreyfingin hefur eina meginreglu að leiðarljósi, sem er að færa völdin frá flokksræði til lýðræðis.

Meðal þess sem fram kom á fundinum er að meðlimir Borgarahreyfingarinnar vilja að eignir efnamanna sem grunaðir eru um fjármálamisferli séu frystar strax, að þjóðareign yfir auðlindum verði tryggð og að fimm prósenta þröskuldurinn svokallaði verði afnuminn.



**FRAMBOÐIÐ KYNNT** Herbert Sveinbjörnsson, þriðji frá vinstri, er formaður hreyfingarinnar, og Birgitta Jónsdóttir, önnur frá vinstri, er varaformaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá vill Borgarahreyfingin að landsmenn semji sína eigin stjórnarskrá. Það verði best gert með því að velja fulltrúa á stjórnlagaþing með slembiúrtaki úr þjóðskrá.

Borgarahreyfingin stefnir að því að leggja sjálfa sig niður þegar markmið hennar hafa náðst eða ef ljóst verður að þau muni ekki nást. - sh

## PRÓFKJÖR



Guðbergur Egill Eyjólfsson gefur kost á sér í 2. til 3. sæti á lista Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi.



Grímur Atlason gefur kost á sér í 1. til 2. sæti á lista Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi.



Karólína Einarsdóttir gefur kost á sér í 3. til 4. sæti á lista Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi.



Andrés Magnússon gefur kost á sér í prófkjöri Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi.

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR



Rósa Guðbjartsdóttir gefur kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.



Jón Magnússon gefur kost á sér í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Ármanns Kr. Ólafsson gefur kost á sér í 2. til 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

Aðgerðaáætlun Símans fyrir fólkið og fyrirtækin!

Síminn kynnir þrjár nýjar leiðir í GSM

ENNEMM / SÍA / NM36599

## PRÓFKJÖR

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Ólafur Hannesson gefur kost á sér í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.



Sigurður Kári Kristjánsson býður sig fram í 2. til 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokks í Reykjavík.



Guðlaugur Þór Þórðarson býður sig fram í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Kolbrún Baldursdóttir býður sig fram í 4. til 5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Gréta Ingþórsdóttir gefur kost sér í 4. til 5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Grazyna Maria Okuniewska býður sig fram í 5. til 6. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Sveinbjörn Brandsson gefur kost á sér í 7. til 8. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Guðbjörn Guðbjörnsson býður sig fram í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.



Kristín Linda Jónsdóttir sækist eftir 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi.



Kjartan Ólafsson gefur kost á sér í 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi.

### SAMFYLKING



Arnór Brynjar Þorsteinsson gefur kost á sér í 1. til 3. sæti í prófkjöri í Norðvesturkjördæmi.



Katrín Júlíusdóttir gefur kost á sér í 2. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.



Þórunn Sveinbjarnardóttir gefur kost á sér í 1. til 2. sæti í prófkjöri Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi.



Össur Skarphéðinsson býður sig fram í 3. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.



Mörður Árnason óskar eftir kosningu í 4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.



Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sækist eftir 4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.





512 5050
Auglýsingasími
– Mest lesið

Veldu þína leið og byrjaðu að spara!

**Lægsta mínútuverðið 11,90 kr.**
- Lægsta mínútuverð í GSM á Íslandi, 11,90 kr. óháð kerfi.
- Einn GSM vinur innan kerfis.
- Hentar þeim sem tala jafnan lengi í hverju símtali.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

**Sex vinir óháð kerfi**
- Veldu þér sex GSM vini í hvaða kerfi sem er.
- Þetta er leiðin fyrir þá sem hringja mest í sama fólkið aftur og aftur.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

**Núll í alla heimasíma**
- Ekkert mínútugjald úr GSM í alla heimasíma á Íslandi.
- Þrír GSM vinir innan kerfis.
- Nánari upplýsingar á siminn.is.

Hringdu núna í síma 800 7000 og veldu þína leið!

Þitt val • Það er Síminn










**FRÉTTASKÝRING:** Flugferðir forseta Íslands



**FÆRRI ÞOTUR** Einkaþotur íslenskra fyrirtækja og auðmanna voru algeng sjón á Reykjavíkurflugvelli fyrir bankahrunið, en komum þeirra mun hafa fækkað verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Ferðir í boði fyrirtækja

**Eins og Fréttablaðið upplýsti í vikunni hefur Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flogið alls níu sinnum milli landa með þotum eða flugvélum sem ekki voru í reglubundnu áætlunarflugi frá ársbyrjun 2005. Vélarnar sem flogið var með voru í eigu eða leigu íslenskra fyrirtækja.**

Í svari embættis forseta Íslands við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að frá árinu 2009 hefur Ólafur Ragnar Grímsson flogið níu sinnum milli landa með þotum sem ekki voru í áætlunarflugi.

Í þremur tilvikum var um skipulagða hópferð að ræða, fjórum sinnum var um hluta úr lengri ferð að ræða, og tvær ferðir voru farnar með leiguvél á vegum íslenskra fyrirtækja.

Ljóst er að embættið hefði haft talsverðan kostnað hefði forsetinn flogið allar níu ferðirnar með áætlunarflugi. Örnólfur Thorsson, þáverandi skrifstofustjóri, nú ritari forseta, var með í öllum ferðunum. Í þeirri fyrstu voru að auki þrír starfsmenn embættisins.

### Til Peking, Sófíu og Pétursborgar

Fyrsta ferð forsetans á umræddu tímabili var frá Íslandi til Peking í Kína 15.-22. maí 2005. Forsetinn fór í opinbera heimsókn í boði Hu Jintao, forseta Kína.

Flogið var með leiguvél frá flugfélaginu Atlanta, en flugið var skipulagt af ferðaskrifstofunni Samvinnuferðir-Landsýn. Ekki kemur fram í svari forsetaembættisins hver borgaði brúsann. Í ferðinni voru auk forseta Íslands opinber sendinefnd, fulltrúar um 100 íslenskra fyrirtækja, og um 300 almennir farþegar.

Önnur ferðin var frá London til Sófíu í Búlgaríu í boði Georgi Parvanov, forseta landsins. Flogið var með áætlunarflugi til London, en með vél á vegum Novators til Búlgaríu. Heimferðin var í áætlunarflugi. Ólafur Ragnar var viðstaddur landsleik Íslands og Búlgaríu í fótbolta og átti viðræður við ráðamenn í tengslum við sókn íslenskra fyrirtækja í landinu.

Þriðja og síðasta ferð Ólafs Ragnars með þotum sem ekki voru í áætlunarflugi árið 2005 var frá Íslandi til Pétursborgar í Rússlandi og til baka. Flogið var með leiguvél á vegum Actavis, dagana 13. til 14. desember.

Í Pétursborg var Ólafur Ragnar viðstaddur undirritun samkomulags um þátttöku Pétursborgar í forvarnarverkefninu Ungmenni í Evrópu – gegn fíkniefnum. Hann ræddi einnig við borgarstjóra Pétursborgar um samstarf á norðurslóðum.

### Tvisvar frá Helsinki til London

Fjórða ferðin, og sú fyrri árið 2006, var frá Helsinki í Finnlandi til London 24. maí 2006. Ólafur Ragnar hafði fundað með Tarja Halonen, forseta Finnlands, og tekið þátt í kynningarátaki á íslenskri síld.

Forsetinn flaug að því loknu til London með leiguvél á vegum KB-banka (síðar Kaupþingi banka). Flugið var að kvöldi dags 24. maí, en morguninn eftir flutti Ólafur Ragnar ræðu á ráðstefnu Útflutningsráðs í London. Fram kemur í svari forsetaembættisins að hann hefði ekki náð að ávarpa ráðstefnuna hefði hann flogið með áætlunarflugi.

Fimmta ferðin var einnig milli Helsinki og London 6. október 2006. Forsetinn hafði flutt setningarávarp í Oulu á Rannsóknarþingi norðursins ásamt forseta Finnlands, og setið fund með honum í finnsku forsetahöllinni. Flogið var með vél á vegum Novators til London að heimsókn lokinni, og þaðan til Íslands með áætlunarflugi.

### Til New York, Köben og Leeds

Sjötta flugferðin var milli Íslands og Kaupmannahafnar, og til baka aftur, 3. til 4. maí 2007. Um var að ræða hópferð á vegum FL-Group, og flutti forsetinn ávarp við opnun nýrra höfuðstöðva félagsins í Kaupmannahöfn. Meðal þátttakenda í ferðinni voru tugir Íslendinga af ýmsum sviðum þjóðlífsins, segir í svari forsetaembættisins.

Sjöunda ferðin var einnig hópferð, nú til New York dagana 4. til 7. september 2007. Ferðin var skipulögð af Glitni, og flogið fram og til baka með vél á vegum fyrirtækisins. Forsetinn flutti setningarávarp á alþjóðlegri ráðstefnu um jarðhita og orkunýtingu, og fyrirlestur í boði alþjóðlegrar friðarstofnunar. Tugir Íslendinga voru með í för.

Áttunda ferðin, og sú þriðja árið 2007, var frá Íslandi til Leeds á Englandi 10. til 11. september. Forsetinn flutti ávarp við opnun skrifstofubyggingar í eigu Eimskipafélags Íslands, en ferðin var farin með leiguvél á vegum félagsins. Forsetinn heimsótti meðal annars Háskólann í Leeds, skoðaði sýningu á íslenskum handritum og bókum, og sæmdi tvo prófessora fálkaorðu fyrir framlag til kynningar á íslenskri menningu.

### Heimsleikarnir í Sjanghæ

Níunda og síðasta ferðin var frá Íslands til Sjanghæ í Kína 1. október 2007. Forsetinn fór með leiguvél á vegum Glitnis. Tilgangur ferðarinnar var meðal annars að vera viðstaddur Heimsleika þroskaheftra og seinfærra (Special Olympics).

Samkvæmt upplýsingum frá forsetaembættinu var ógjörningur fyrir Ólaf Ragnar að ná til Sjanghæ í tæka tíð fyrir boðaðan fund hans með Hu Jintao, forseta Kína, ef flogið hefði verið með áætlunarflugi. Ekki var unnt að leggja fyrr af stað þar sem Alþingi var sett 1. október.

Í ferðinni heimsótti Ólafur Ragnar nokkrar borgir og flaug jafnan með áætlunarvélum. Forsetinn flutti meðal annars fyrirlestur í Fudan-háskóla, heimsótti starfsstöð Glitnis í Sjanghæ og var viðstaddur opnun skrifstofu stoðtækjafyrirtækisins Össurar í borginni.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is




**SEX FYRIRTÆKI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flaug tvisvar í boði Glitnis, tvisvar í boði Novators, og einu sinni í boði FL-Group, KB-Banka, Actavis og Eimskipafélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



KJARTAN GUÐMUNDSSON
staðgengill umboðsmanns neytenda

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

**NEYTENDUR:** Hvenær er hægt að auglýsa frítt og hvenær er ekki hægt að auglýsa frítt?:

# *Smáa/ósýnilega letrið*

Felix Valsson hafði samband við staðgengil umboðsmanns neytenda:

*„Ég var að setja íbúð á leigu og hafði samband við Leigulistann og þar var mér sagt að ég gæti sett inn auglýsingu frítt hjá þeim. Þetta stóðst allt fullkomlega.*

*Síðan leið smá tími og ég ákvað að reyna að auglýsa á fleiri stöðum. Þá rakst ég á heimasíðuna leiga.is. Þar eins og á Leigulistanum var auglýst að hægt væri að auglýsa eignina frítt svo ég skellti inn auglýsingu þar líka. Ég náði síðan að leigja út íbúðina nokkrum dögum seinna (í gegnum kunningja). Nokkrum vikum seinna kom síðan reikningur upp á 5.000 krónur frá leiga.is. Ég reyndi að hafa samband við þá í síma en var tjáð að þetta væri einungis netfyrirtæki og ég yrði að senda netpóst til að kvarta. Í stuttu máli hef ég ekki fengið nein svör önnur en að í smáletrinu standi að með orðinu „frítt“ (gæsalappirnar eru frá heimasíðunni) sé átt við 10 daga fría auglýsingu, og síðan taki við „taxti“. Þennan taxta tókst mér aldrei að finna á heimasíðunni. Ég hef verið í sambandi við Neytendastofu og Neytendasamtökin og það virðist ekkert vera hægt að gera við svona falskar auglýsingar (mér skilst að þótt taxtinn væri 100.000 þá væri það líka löglegt). Ég vil því eindregið vara fólk við þessari hörmulegu heimasíðu.“*



Smá yfirlega á heimasíðunni leiga.is leiðir í ljós að þetta smáa letur sem Felix talar um er sannarlega annaðhvort mjög smátt eða ósýnilegt. Slíkt er auðvitað fyrir neðan allar hellur og full ástæða til að vara neytendur við slíku. Á nýja Íslandi á nefnilega allt að vera uppi á borðum og ekkert bannsett baktjalda- eða smáaletursmakk.



**SÓLARORKA** Verkamaður leggur hluta af risavöxnum sólarsellum í Weinbourgh í Frakklandi. Sólarsellurnar verða um 36 þúsund fermetrar, sem samsvarar sjö fótboltavöllum. Þær munu safna um 4,5 megavöttum af orku á ári. NORDICPHOTOS/AFP

## PRÓFKJÖR

### SAMFYLKING

Herdís Björk Brynjarsdóttir býður sig fram 3. til 4. sæti í prófkjöri Samfylkingar í Norðausturkjördæmi.

Oddný Guðbjörg Harðardóttir gefur kost á sér í 2. sæti í prófkjöri Samfylkingar í Suðurkjördæmi.



Amal Tamimi gefur kost á sér í 2. til 3. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Þórður Már Jónsson gefur kost á sér í 3. sæti í prófkjöri Samfylkingar í Norðvesturkjördæmi.

Hilmar Kristinsson gefur kost á sér í 4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.



Svala Jónsdóttir gefur kost á sér í 3. til 5. sæti í prófkjöri Samfylkingar í Norðausturkjördæmi.



Einar Már Sigurðarson gefur kost á sér í 2. sæti í prófkjöri Samfylkingar í Norðausturkjördæmi.



Valgerður Bjarnadóttir býður sig fram í 1. til 4. sæti í prófkjöri Samfylkingar í Reykjavík.



Guðrún Erlingsdóttir gefur kost á sér í 1. til 2. sæti í prófkjöri Samfylkingar í Suðurkjördæmi.



Steinunn Valdís Óskarsdóttir býður sig fram í eitt af efstu sætunum í prófkjöri Samfykingarinnar í Reykjavík.



Helgi Hjörvar sækist eftir 4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.

### FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN



Aðalheiður Ármann sækist eftir 2. til 3. sæti Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.

VÖXTUR OG VERÐMÆTI

MÓTUM EIGIN FRAMTÍÐ



IÐNÞING 2009

**Í dag, fimmtudaginn 5. mars, verður efnt til umræðu um efnahagsmálin, á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins á Grand Hótel Reykjavík.**

**Dagskrá hefst kl. 13.00 og lýkur kl. 16.00.**



Helgi Magnússon
**Ávarp formanns Samtaka iðnaðarins**



Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi
**Orkumikill iðnaður**



Össur Skarphéðinsson
**Ávarp iðnaðarráðherra**



Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands
**Menntun á tímum endurreisnar**



Ólafur Ísleifsson, lektor í Háskólanum í Reykjavík
**Úr hruni til hagsældar**



Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris
**Frá heimamarkaði til alþjóðavæðingar**

Fundarstjórn er í höndum Svanhildar Hólm Valsdóttur og Sölva Tryggvasonar.

Þingið er opið og aðgangur ókeypis.

SI Samtök iðnaðarins - www.si.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ali Grísakjöt
GRÍSAHNAKK
50% AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR ÚRB.GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
MERKT VERÐ 1798 KR. 899 kr./kg.
Ali Grísakjöt
GRÍSAKÓTILETTU
50% AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
MERKT VERÐ 1783 KR./KG. 892 kr./kg.
ALI GRÍSAKJÖT Ali AF NÝSLÁTRUÐU
399
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 399 kr./kg.
FLATKÖKUR BÓNUS 5 stk.
69
BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK 69 kr.
198
BÓNUS NÝBAKAÐIR KORNKUBBAR
4 STK 198 kr.
198
BÓNUS NÝBAKAÐAR
MJÚKAR KRINGLUR
4 stk. 198 kr.
HEIMILISBRAUÐ
98
MYLLU 1/2 HEIMILSIBRAUÐ 375 gr 98 kr.
198
BÓNUS NÝBAKAÐIR KLEINUHRINGIR 2 stk. 198 kr.
12 BÓNUS 12
GRÆNIR + VANILLU
24 PINNAR
498
BÓNUS ÍSPINNAKASSI 24 STK
498 kr.
PEPSI MAX
HÁLFUR LÍTRI Í DÓS
PEPSI
Egils APPELSÍN
69
lúxus Diletto kaffi
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
VINSÆLASTA KAFFIÐ
Í BÓNUS Í DAG
298
DILETTOKAFFI 400g
298 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
OPIÐ:FIMMTUDAGA 12:00-18:30

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 872 KR./KG. 523 kr./kg.

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 1679 kr./kg.

# HOLTA KJÚKLINGUR 40% AFSLÁTTUR

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 698 KR. 419 kr./kg.

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 898 KR./KG. 539 kr./kg.

598

KB FRESKT BLANDAÐ HAKK
NAUT/SVÍN 598 kr./kg.

898

NV FERSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.

399

KF NÝTT KJÖTFARS
GAMALT VERÐ
399 kr./kg.

698

BÚHNYKKUR FROSNIR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR 698 kr./kg.

1998

BÓNUS HANGIÁLEGG Í SNEIÐUM
MERKT VERÐ 2498 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
1998 kr./kg.

959

KS FROSIÐ LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 1198 KR./KG.
20% AFSLÁTTUR
959 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: FIMMTUDAGA 12:00-18:30

MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR EÐA UPPSELDAR VÖRUR

## „ORÐRÉTT“

### *Það er jú þeirra eðli*

**„Stjórnmálamenn fóru að leita að sökudólgum til að beina athygli og óánægju frá sjálfum sér og skora jafnframt pólitísk stig.“**

JÓNAS FR. JÓNSSON, FYRRVERANDI FORSTJÓRI FME

**Fréttablaðið 4. mars**

### *Stjórnarskráin hvað!*

**„Engu máli skiptir hvaðan settur seðlabankastjóri kemur. Það jaðrar við rasisma að fordæma bráðabirgðasetu hans á grundvelli þjóðernis.“**

REYNIR TRAUSTASON, RITSTJÓRI DV

**DV 4. mars**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÁSGEIR SÆMUNDSSON KOKKUR OG TÓNLISTARMAÐUR

## *Von á endurkomu Pax Vobis*

„Ég segi allt þokkalegt bara. Ég er svo heppinn að vera einn af þeim sem eru með vinnu enn þá, er að elda æðislegan, ferskan silung með íslenskum kartöflum og flottu salati,“ segir Geiri Sæm, kokkur á Hrafnistu og tónlistarmaður. „Svo er ég alltaf að vinna í tónlist líka með félögunum. Ég er að vinna að sólóplötu með Kristjáni Edelstein og ætla að fara í stúdíó að taka upp í vor eða sumar. Stefni svo að því að gefa plötuna út í haust eða strax eftir áramótin. Þetta er svona minn eigin bræðingur, ég sem allt efnið sjálfur en á voðalega erfitt með að flokka tónlist yfir höfuð, hvað þá mína eigin. Maður kann ekki alveg að tala svona um sjálfan sig og tónlistina sína. Svo veit ég ekki hvort ég eigi að tala mikið um það strax en það eru viðræður í gangi um endurkomu hljómsveitarinnar Pax Vobis. Sú sveit var upp á sitt besta í kringum 1984, á blómatíma „eitís“ bylgjunnar. Við Þorvaldur Bjarni og Skúli Sverrisson erum spenntir fyrir því að taka upp þráðinn þaðan sem frá var horfið á níunda áratugnum, semja nýtt efni og gefa eitthvað út fljótlega. Það sem stendur aðallega í veginum er tímaleysi því Skúli býr í Bandaríkjunum og erfitt að samræma okkur þrjá. En vonandi gengur þetta eftir og þá má fólk eiga von á að heyra nýtt efni frá Pax Vobis á þessu eða næsta ári.“



## FRÓÐLEIKUR

### TRÚÐAFÆLNI ER EKKERT GRÍN

■ Trúðafælni, eða coulrophobia, er líklega algengari en margir halda. Oftast nær eru það börn sem þjást af slíkri fælni, en hún finnst líka hjá unglingum og fullorðnum. Flestir fyllast sjúklegri hræðslu við trúða eftir að hafa lent í erfiðri trúðatengdri reynslu eða séð trúð haga sér á skelfilegan hátt í kvikmyndum. Til dæmis má telja líklegt að upphaf coulrophobiu hjá mörgum sé hægt að rekja til áhorfs á kvikmyndina „It“ frá 1990, en í henni hrellir djöfulleg vera í trúðaskrúða lítil börn. Einnig þekkist að of mikil andlitsmálning geti komið þeim sem þjást af trúðafælni úr jafnvægi.


Lagersala

20-75% afsláttur






GRANÍTVASKAR OG STÁLVASKAR
GASHELLUBORÐ
INNBYGGÐIR KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR
HÁFAR Á VEGG OG YFIR EYJUR
OFNAR OG GASELDAVÉLAR

Missið ekki af einstöku tækifæri til að eignast glæsileg heimilistæki á frábæru verði. Takmarkað magn af sýningar- og lagertækjum ásamt lítið útlitsgölluðum tækjum.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur heimilistæki á tækifærisverði.

General Electric elica Collection LIEBHERR smeg Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




STEINGRÍMUR VÖRUBÍLSTJÓRI „Ég er þarna ungur og frískur, ábyggilega rúmlega tvítugur, og bara nokkuð vörpulegur uppi á bílnum!“ MYND/ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI

# Steingrímur flytur hval

**Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vann áður fyrir sér sem vörubílstjóri á sumrin þegar hann var í námi. Þá flutti hann til dæmis þrjár hrefnur frá Bakkafirði á Þórshöfn í kringum árið 1980. Mynd af þessu hangir uppi á Hvalasafninu á Húsavík.**

„Þarna er ég að leysa böndin af þremur hrefnum sem voru veiddar austur á Bakkaflóa,“ segir Steingrímur um myndina.

„Það var hið góða skip Faldur ÞH sem Þorbergur Jóhannsson, hrefnuveiðimaður og skipstjóri, gerði út. Hann fékk þessar hrefnur austur við Digranes og til að spara sér siglinguna fyrir Langanesið samdi hann við mig um að koma austur á Bakkafjörð og sækja þær og keyra þær svo á Þórshöfn til skurðar,“ segir Steingrímur. Hann gerði út vörubíl á sumrin á þessum árum, meðan hann var í háskóla.

„En það er gaman að segja frá því að þetta merka skip, Faldur, er nú hvalaskoðunarskip á Húsavík. Nú halar hann inn tekjum í þjóðarbúið, ekki með því að veiða hvali heldur með því að sýna þá,“ segir Steingrímur.

Saga skipsins sé því lýsandi fyrir andstæðurnar í hvalamálum. Spurður hvort hún endurspegli sögu Steingríms, hvað hvalveiðar varðar, segir hann nei.

„Ég hef aldrei verið andvígur því að nýta sjávarspendýr frekar en aðrar tegundir. Ég er enginn friðunarsinni í þeim skilningi og hef aldrei verið. En ég hef viljað nálgast þessi mál ábyrgt og skoða allar hliðar þeirra,“ segir Steingrímur. Hann tilkynnti þann 18. febrúar að ákvörðun fyrrum sjávarútvegsráðherra stæði, um að heimila hvalveiðar. Ákvörðunin væri bindandi fyrir stjórnina.

„En það er einfaldlega staðreynd að hagmsunir Íslands í þessu dæmi eru orðnir allt aðrir og blandaðri en þeir voru. Hin pólitíska og þjóðréttarlega staða er allt önnur. Við þurfum að horfast í augu við þetta,“ segir hann.

Steingrímur telur sig vera rúmlega tvítugan á myndinni. Hún hafi verið tekin á árunum 1978 til 1981 þegar hann keyrði bílinn. Hann er stoltur af því að starfið hafi dugað sér nógu vel til að hann þurfti einungis einu sinni að taka námslán.

klemens@frettabladid.is

Ásdís Jenna hefur orðið fleiri fötluðum hvatning:

# Skáldsaga föst í viðjum tölvunnar

Þórey Rut Jóhannesdóttir lætur hreyfihömlun sína ekki aftra sér frá ritstörfunum en hún hefur gefið út ljóðabókina Ljóðaperlur og er nú að glíma við skáldsögu.

„Ég ákvað að byrja að skrifa eftir að vinkona mín Ásdís Jenna hafði hvatt mig til þess,“ segir Þórey Rut. Sú ætti að vera mönnum kunn en þrátt fyrir að vera fjölfötluð hefur hún gefið út ljóðabók, en hún skrifar ljóðin með því að styðja á takka með hökunni. Hún lét sér ekki nægja að fara fram á ritvöllinn heldur hóf nám í Háskóla Íslands og brautskráðist í táknmálsfræði árið 2007.

En þó ekki skorti viljann hjá Þóreyju Rut þá verður einhver töf á því að skáldsagan verði gefin út. „Skáldsagan er nefnilega föst í tölvunni,“ segir hún. „En ég fæ örugglega einhvern til að bjarga þessu.“ Hún vill ekki segja mikið um innihald sögunnar en segir þó ekkert skorta á rómantík og kímni þar.

**VOR**

Það er komið vor
Ég heyri fuglasöng óma í eyra mér
Fuglarnir fljúga upp í himininn
Ég get ekki flogið.



**MEÐ LJÓÐABÓKINA** Þórey Rut ákvað að skrifa ljóðabókina eftir hvatningu frá vinkonu sinni.


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki









Sæktu um Staðgreiðslukort Skeljungs fyrir 1. júní og þú færð 7 kr. afslátt af eldsneytislítranum í fyrsta skipti sem þú notar kortið. Staðgreiðslukortið veitir þér síðan 4 kr. afslátt af eldsneytislítranum og góðan afslátt af öðrum vörum og þjónustu Skeljungs og samstarfsaðila. Staðgreiðslukortið er mjög þægilegt í notkun auk þess sem það veitir aðgang að þjónustvefnum þar sem þú finnur allar helstu upplýsingar um viðskipti þín við Skeljung.

**Sæktu um Staðgreiðslukortið núna á www.skeljungur.is**

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 103 **Velta:** 325 milljónir kr.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **OMX ÍSLAND 15** | | **OMX ÍSLAND 6** | |
| 271 | **+0,64%** | 849 | **+3,49%** |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **STRAUM. - BURÐ.** | 13,04% | **ATLANTIC PETROL.** | -12,96% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 6,67% | **CENTURY ALUMIN.** | -5,42% |
| **MAREL** | 5,09% | **ÖSSUR** | -1,02% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,70 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 235,00 -12,96% ... Bakkavör 1,88 -0,53% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,80 +6,67% ... Føroya Banki 99,00 -1,00% ... Icelandair Group 12,20 +0,00% ... Marel Food Systems 53,70 +5,09% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,82 +13,04% ... Össur 87,00 -1,02%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn …*

### Reynslubolti

Erlendir greinendur hafa tekið almennt ágætlega í skipun hagfræðinganna Þórarins G. Péturssonar, Gylfa Zoëga og Anne Sibert í peningastefnunefnd Seðlabankans. Það hefur svo sem ekki farið hátt, en Sibert er gift hollensk-breska hagfræðingnum Willem Buiter, en eins og kunnugt er skrifuðu þau saman svokallaða leyniskýrslu um veikleika íslenska fjármálakerfisins fyrir Landsbankann í fyrravor. Sibert er reynslubolti á sínu sviði en hún hefur skrifað lærðar greinar um eðli og starfsemi seðlabanka í víðu samhengi um árabil. Á meðal þess sem finna má í langri ferilskrá hennar er seta í skuggapeningamálanefnd Englandsbanka. Á meðal afreka þar er andstaða hennar gegn ákvörðun Englandsbanka að lækka stýrivexti í viðspyrnu sinni gegn kreppunni sem læðst hefur yfir breskt efnahagslíf.



### Endurskoðaðir milljarðamæringar

Eins og margir muna sló bókin um íslensku milljarðamæringana eftir Pálma Jónasson í gegn fyrir einum átta árum. Einn milljarð þurfti til að komast á blað þá. Búast má við einhverjum breytingum – í sumum tilvikum talsverðum – í uppfærðri útgáfu hennar eftir efnahagshrunið í haust. Áhugafólk um viðskiptasögu getur orðið sér úti um eintak á Bókamarkaði íslenskra bókaútgefenda í Perlunni. Reyndar er engu líkara en að forspár prentari hafi snert á bókunum sem þar liggja en talsvert er um auðar síður í því eintaki sem Markaðurinn varð sér úti um og vantar stóra parta um nokkra af þeim stórvesírum sem illa urðu fyrir barðinu á hruninu í haust. Verðið er sömuleiðis í takt við breytta tíð, eða 390 kall.

## Verðhjöðnun á Írlandi í janúar

**Verðbólga var langhæst hér innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í janúar.**

**Á sama tíma og verðbólgan var 18,6 prósent hér var hún að meðaltali 1,3 prósent innan OECD. Þetta er 0,2 prósentustiga samdráttur á milli mánaða, samkvæmt upplýsingum sem birtar voru í gær.**

**Mishratt hefur dregið úr verðbólgu innan aðildarríkjanna og ramba nokkur þeirra, svo sem Bandaríkin, á barmi verðhjöðnunar. Írland kemur verst inn í árið en verðhjöðnun þar nam 0,1 prósenti í mánuðinum.**

**- jab**

## Loks jákvæðar fréttir héðan

Skipan Sveins Haralds Øygard í sæti seðlabankastjóra á föstudag í síðustu viku og breytingar á bankastjórninni samhliða fullskipan peningastefnunefndar eru fyrstu jákvæðu fréttirnar sem berast frá Íslandi í langan tíma. Þær munu efla trúverðugleika bankans á erlendum vettvangi, segir Beat Sigenthaler, sérfræðingur nýmarkaða hjá breska verðbréfafyrirtækinu TD Securities.

Sigenthaler segir í fréttabréfi sínu mikið óvissuástand hafa skapast um forystu Seðlabankans og barátta á milli stjórnar bankans og



**SEÐLABANKASTJÓRARNIR** Arnór Sighvatsson, nýskipaður aðstoðarseðlabankastjóri, og Svein Harald Øygard, nýr seðlabankastjóri, í pontu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

minnihlutastjórnar Jóhönnu Sigurðardótturhafi hafi verið bagaleg.

**- jab**

## Vöruskipti jákvæð í febrúar

Vöruskipti voru jákvæð um rétt tæpa sex milljarða króna í febrúar, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar, sem birtar voru í gær.

Samkvæmt bráðabirgðatölunum nam verðmæti útflutnings rúmum 32,3 milljörðum króna en innflutnings 26,4 milljörðum.

Vöruskipti hafa ekki verið jákvæð í febrúar í fimm ár, eða síðan 2004, en þá voru þau jákvæð um 131,9 milljónir króna. Árið þar á undan voru þau jákvæð um rétt rúma tvo milljarða.

Hagstofan segir vísbendingar um að draga muni úr verðmæti útflutnings af áli og innfluttu eldsneyti og hrá- og rekstrarvöru í mánuðinum miðað við janúar.

**- jab**

# Fjárfestar hagnast á gjaldeyrishöftum

**Erlendir fjárfestar semja sín á milli um viðskipti með íslenskar vörur og krónubréf. Erlendur gjaldeyrir skilar sér því ekki inn í landið og veldur því að krónan styrkist hægar en vonast var til.**



**VÖRUR FLUTTAR Í HÖFNINNI** Erlendir fjárfestar og eigendur krónubréfa hafa fundið ábatasama leið til að komast hjá gjaldeyrishöftunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erlendir fjárfestar hafa fundið leið til að komast hjá gjaldeyrishöftum Seðlabankans og hagnast á viðskiptum við íslensk útflutningsfyrirtæki.

Íslensk fyrirtæki taka því hvorki gengishagnað af viðskiptunum né geta haldið tekjum af afurðasölu erlendis vegna skilaskyldu á erlendum gjaldeyri líkt og reglur um gjaldeyrisviðskipti kveða á um.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins felur leiðin í sér að erlendir aðilar semja við eigendur íslenskra krónubréfa, sem festust inni við innleiðingu gjaldeyrishafta hér í enda nóvember, um kaup á bréfum þeirra á genginu 180 til 184 krónur fyrir hverja evru, sem er um fjórðungi til 30 prósentum yfir meðalgengi Seðlabankans.

Í kjölfarið innleysa þeir krónubréf sín hér og greiða viðkomandi útflutningsfyrirtæki vöruna eins og um var samið.

Þetta veldur því að erlendur gjaldeyrir skilar sér aldrei inn í landið gegnum Seðlabankann eins og vonast var til með gjaldeyrislögunum þar sem samningarnir eru manna á milli auk þess sem viðskiptin eiga sér stað hér á landi en ekki erlendis. Þetta, ásamt samdrætti á erlendum mörkuðum, birgðasöfnun útflutningsfyrirtækja af þeim sökum og lengri greiðslufresti en áður, eru talin skýra að gengi krónunnar hefur ekki styrkst eins og til var ætlast.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja erlenda fjárfesta, bæði viðskiptavini íslenskra útflutningsfyrirtækja og erlenda krónubréfaeigendur, hafa hagnast mjög vel á viðskiptunum og ljóst að gjaldeyrislögin hafi ekki náð tilætluðum árangri.

Að þeirra mati hefði árangursríkari leið falist í því að halda krónunni á floti þrátt fyrir gengishrun og láta fjárfestana, sem hafi keypt áhættusöm krónubréf, festast inni. Telja þeir líklegra að íslensk útflutningsfyrirtæki hefðu hagnast á þeim hætti og krónan jafnað sig mun fyrr en raunin hefur verið.

Þegar gjaldeyrishöft voru sett á í enda nóvember áttu fjárfestar krónubréf upp á fjögur hundruð milljarða króna hér. Tilgangur haftanna var að koma í veg fyrir frekara gengishrun af völdum fjármagnsflótta.

Upplýsingar um innlausn krónubréfa í eigu erlendra aðila fengust ekki frá Seðlabankanum áður en blaðið fór í prentun í gær.

**jonab@markadurinn.is**

# Glitnis-stjórar kaupa Senu

**Kaupendur fá skuldlausa eign í hendur. Líklegt að Landsbankinn tapi allt að 1,5 milljörðum króna vegna mistaka.**

Garðarshólmi keypti í gær Senu af Íslenskri afþreyingu fyrir hálfan milljarð króna. Félagið er í eigu Jóns Diðriks Jónssonar, fyrrverandi aðstoðarforstjóra Glitnis, og Magnúsar Bjarnasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Alþjóðasviðs bankans.

Sena er umsvifamesta afþreyingarfyrirtæki landsins en undir það eru fjögur kvikmyndahús, verslanir Skífunnar og netfyrirtæki auk atburðafyrirtækisins Bravó.

Skuldirnar, rúmir fjórir milljarðar króna, verða eftir í móðurfélaginu, Íslenskri afþreyingu, og fá kaupendur því í hendur skuldlausa eign.

Straumur sá um söluferlið, sem hófst í janúar. Til stóð að Landsbankinn, sem taldi sig eiga forgangskröfu á hendur Senu, veitti vilyrði fyrir fjármögnun kaupanna. Seint í síðasta mánuði kom í ljós að veðsamningur hélt ekki og dró bankinn vilyrðið til baka.

Eftir því sem næst verður komist fellur krafa Landsbankans upp á 1,5 milljarða króna, á móðurfélag Senu, Íslenska afþreyingu, og óvíst hvort hún fáist greidd. Þá hafði Vísir.is heimildir fyrir því í gær að 365 miðlar ættu sömuleiðis kröfu á hendur Senu upp á 750 milljónir króna. Sú krafa varð til við kaup félags Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á 365 miðla út úr 365 hf. í fyrravetur.

Tveir gerðu tilboð í félagið auk Garðarshólma. Á meðal þeirra voru bíókóngurinn Árni Samúelsson og fjölskylda og Þóroddur Stefánsson, kenndur við Bónusvídeó og Vídeóhöllina.

Jón Ólafsson, stofnandi Skífunnar, og bandaríski afþreyingarisinn William Morris Agency hættu við að leggja fram tilboð í reksturinn.

**- jab**



**REGNBOGINN** Sena er stærsta afþreyingarfyrirtæki landsins en undir því eru þrjú kvikmyndahús á höfuðborgarsvæðinu og eitt á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




International studies in Denmark?

**Computer Science** (2½ years)
Systems designer, Programmer, IT consultant, Project manager, Systems administrator.

**Marketing Management** (2 years)
Marketing coordinator, Advertising consultant, Account manager, Purchasing assistant.

**Multimedia Design and Communication** (2 years)
Web designer, Web developer, Multimedia consultant, Media planner, Event manager.

Higher education academy programmes. Direct qualifications for employment or 1-1½ years top-up to become a bachelor.

**Information meeting, 6 March at 18**
Hilton Reykjavik Nordica
Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavik

www.aabc.dk/english

The Business Academy
Aarhus Business College

# Sparaðu meira í leiðinni

Aðeins
5 DAGAR
til stefnu
tilboðinu lýkur
8. mars

**Þú sparar bæði meira og víðar með N1**

## Þú færð betri kjör út mars 2010

- -5 kr. af eldsneyti
- -15% af viðgerðum, smur- og hjólbarðaþjónustu
- -15% af vörum, m.a. af stærsta varahlutalager landsins
- Betri kjör á meira en 100 stöðum á landinu
- Safnkortspunktar jafngilda krónum hjá N1

**Sæktu um núna á n1.is**






1 punktur
=
1 króna

Safnkortspunktar eru jafngildur gjaldmiðill og krónur, í öllum viðskiptum hjá N1. Með tímabundnum tilboðum á þjónustustöðvum er hægt að margfalda gildi punktanna.

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

Meiri sparnaður í leiðinni



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**MATHILDE** barstóll, svart, hvítt eða creme leður, króm.

**16.780**

VERÐ ÁÐUR: 23.980

NÚNA 60%

**BLAISE BARBORÐ**



BARBORÐ

**11.990**

VERÐ ÁÐUR: 29.980

**BLAISE** barborð, Þ:66 H:100 cm, eik, króm.

BARSTÓLL

**11.990**

VERÐ ÁÐUR: 23.980

**BLAISE** Barstóll, svart leður, króm.



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**PAULA** borðstofustóll, svart eða hvítt leður.

**9.990**

VERÐ ÁÐUR: 16.980

# ÞÆGINDI & GA



**BOSTON** tungusófi B:244 D:89/160 H:70 cm, grár.

NÚNA 30% AFSLÁTTUR

TUNGUSÓFI

**124.980**

VERÐ ÁÐUR: 179.980



NÚNA 55% AFSLÁTTUR

**MOES** borstofustóll, brúnt leður.

**14.980**

VERÐ ÁÐUR: 34.980

PÚÐAR 30%

**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PÚÐUM**



HÚSGAGNAHÖLLIN

NÚNA
40%
AUSTIN
3 SÆTA SÓFI



**AUSTIN** 2 sæta sófi B:182 D:110 H:96 cm, rauður eða beige.

**AUSTIN** 3 sæta sófi B:235 D:110 H:96 cm, rauður eða beige.

2 SÆTA
**129.980**
VERÐ ÁÐUR: 219.980

3 SÆTA
**139.980**
VERÐ ÁÐUR: 239.980

## TILBOÐIN GILDA 5. - 9. MARS

# ÆÐI Á BETRA VERÐI



NÚNA
40%
AFSLÁTTUR



NÚNA
45%
AFSLÁTTUR

**59.980**
VERÐ ÁÐUR: 109.980

**ARINN 1800**
B:107 D:37 H:105 cm. Hvítur.

LAZBOY

**LAWRENCE** la-z-boy stóll
B:95 D:95 H:106 cm.
Microfiber áklæði.

LA-Z-BOY
STÓLL
**69.980**
verð áður 119.980

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Breytingar á kosningalögum:

## Munu ekki hafa raunveruleg áhrif

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Stuttu fyrir kosningar þarf að fara varlega í að breyta kosningalögum. Sérstaklega þegar kosningaundirbúningur er í raun hafinn. Mun eðlilegra og lýðræðislegra væri að slíkum lögum væri breytt, að undangenginni mikilli undirbúningsvinnu, í upphafi kjörtímabils, áður en þeir sem sitja á þingi og bera fram lagafrumvarpið verða helsjúkir af kosningaskjálfta.

Það er þó ekki hægt að segja að þær breytingar sem voru til umræðu á Alþingi í gær, að framboðum gefist kostur á að velja á milli þess að bjóða fram óraðaðan eða raðaðan lista, sé róttæk breyting í eðli sínu eða að slík kosningalög muni leiða til mikilla umbreytinga á umhverfi íslenskra stjórnmála. Alþingiskosningarnar komandi munu nú, sem endranær, byggjast á framboðum flokka eða kosningabandalaga, líkt og kosningakerfið með úthlutun jöfnunarmanna gerir ráð fyrir. Persónukjörið verður því ekki algjört, líkt og er til dæmis í mun meira mæli á Írlandi, en möguleikar kjósenda til að hafa áhrif á mannaval gætu í sumum tilfellum aukist. Líklegt er þó að slík áhrif hafi frekar áhrif í þeim kosningum sem síðar koma, þar sem flestir flokkarnir hafa þegar ákveðið að bjóða fram raðaða lista, með því að halda prófkjör þessa dagana.

Aukið persónukjör þarf ekki heldur að hafa mikil áhrif á nýju framboðin sem nú hafa tilkynnt um framboð, þar sem þeir sem munu í raun leiða lista hvers kjördæmis, eða vera talsmenn kjördæmisins, eiga meiri möguleika á að verða kjörnir til þings en aðrir þeir sem á listunum verða. Talsmennirnir munu fá meiri kynningu en aðrir á listanum, í gegnum fjölmiðlaumfjöllun, og munu því eiga meiri möguleika. Þá gerir frumvarp það sem rætt var um á þingi í gær einnig ráð fyrir að hægt verði að raða einungis hluta þeirra sem eru á listanum eða engum og taka því ekki afstöðu til allra eða nokkurs frambjóðenda.

Óhægt er að segja til um hvert fylgi L-listans eða Borgarahreyfingarinnar verður í komandi kosningum, þar sem þessi framboð hafa ekki enn mælst í skoðanakönnunum. Hægt er þó nú að taka tillit til þess að í nýbirtum skoðanakönnunum voru um tvö prósent sem sögðust myndu kjósa annað framboð en þá sem nú sitja á þingi. Um tíu prósent til viðbótar voru óákveðnir. Miðað við hversu fylgið hefur verið mikið á hreyfingu síðan í október er ekki ólíklegt að staðan breytist, en hún gefur ekki tilefni til mikillar bjartsýni um að nýju framboðin nái inn mörgum þingmönnum í hverju kjördæmi. Því eru stjórnmálahreyfingar í raun að velja sér framboðsefnið með því að velja sér talsmann í kjördæmi.

Breytingar á kosningalögunum nú verða því líklega breytinganna vegna, til að róa andóf og mótmæli almennings sem krefst breytinga, en munu varla hafa nokkur áhrif á raunverulegt val kjósenda á þingmönnum komandi þings.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Í þágu lýðræðis

Bjarni Harðarson, bóksali og talsmaður hins nýstofnaða L-lista, ritaði grein í Morgunblaðið í gær þar sem hann reifar þá skoðun sína að það sé andstætt lýðræðinu að kjósa um aðildarviðræður við ESB, hvað þá um aðild. Rökin eru á þá leið að allar slíkar kosningar myndu kalla á nýjar kosningar þar til fengin væri niðurstaða sem væri hinu ólýðræðislega ESB að skapi og myndi lykta með afsali á sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar. Þetta er auðvitað hárrétt ábending hjá Bjarna. Að gefa almenningi kost á að ganga til atkvæða um framtíðarskipan mála hér á landi er augljóslega á skjön við lýðræðið. Í framhaldinu liggur því beint við að svipta þá kjörgengi sem aðhyllast ESB-aðild og lýsa þau framboð sem stefna á aðildarviðræður ólögleg. Í þágu lýðræðisins, sko.



### Í nafni lýðræðis

Í viðleitni sinni til að efla lýðræðið og sporna við flokksræði hefur L-listinn þann háttinn á að efsti maður listans í hverju kjördæmi ræður hverjir verða með honum á framboðslista. „Er það lýðræði að einn ráði?“ spurði fréttamaður í hádegisfréttum RÚV í gær. „Lýðræðið getur aldrei komið að uppstillingu listanna,“ svaraði Bjarni Harðarson, talsmaður L-listans – en L-ið kvað standa fyrir lýðræði.

### Samhljóða

Samtök iðnaðarins hafa sent frá sér ritling í tilefni af Iðnþingi 2009. Þar má meðal annars finna grein eftir Ólaf Ísleifsson hagfræðing um endurreisn efnahagslífsins. Ólafur tæpir meðal annars á peningamálum í grein sinni og segir evruna blasa við sem framtíðargjaldmiðil Íslands. Athygli vekur hins vegar að kafli Ólafs um evruna er svo gott sem samhljóða ályktun endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins um peninga- og gjaldmiðilsmál. Enda mun sami höfundur hafa verið að verki.



bergsteinn@frettabladid.is

# Tíu lærdómar

Fjármálakreppan úti í heimi heldur áfram að dýpka og ógnar framleiðslu og atvinnu mikils fjölda fólks. Þetta átti ekki og á ekki að geta gerzt, því að ríkisvaldið býr yfir stjórntækjum, sem eiga að duga til að vinna bug á djúpri kreppu eða kæfa hana í fæðingu. Ósætti í röðum stjórnmálamanna í Bandaríkjunum og Evrópu hefur tafið og truflað mótvægisaðgerðir, en Bandaríkjastjórn hefur nú ráðizt gegn kreppunni með róttækum inngripum af hálfu ríkisins, úr því að einkageirinn liggur sem magnvana af völdum kreppunnar. Evrópa, Japan og Kína hljóta að grípa til svipaðra ráðstafana. Þetta er enginn áfellisdómur yfir blönduðum markaðsbúskap. Almannavaldið þarf stundum að hlaupa í skarðið fyrir einkaframtakið og öfugt.



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Hvað má læra af kreppunni?

Hvað getum við lært af kreppunni? Hvað getum við gert til að draga úr líkum þess, að sagan endurtaki sig? Mig langar að tilgreina tíu lærdóma.

1. Við þurfum lagavernd gegn vafasömum lánveitingum, gegn ránslánum, líkt og sjálfsagt þykir að hafa lög gegn skottulækningum. Vandinn er sá í báðum dæmum, að læknar og bankamenn vita jafnan meira um flóknar aðgerðir og flókna fjármálagerninga en grunlausir sjúklingar og lántakendur og geta misnotað þessa slagsíðu. Lög myndu vernda lítilmagnann.
2. Matsfyrirtækjum á ekki að haldast uppi að þiggja greiðslur af bönkum, sem þau taka til mats. Þennan augljósa hagsmunaárekstur þarf að girða fyrir án frekari tafar.
3. Þörf er á skilvirkara opinberu fjármálaeftirliti. Þingið í Washington ákvað 1999 að létta af bandískum fjármálamarkaði hömlum, sem lagðar voru á hann 1933; þetta var liður í uppreisn repúblikana gegn arfleifð Roosevelts forseta. Nú sést, að slökunin var misráðin.
4. Embættismenn og stjórnmálamenn þurfa að kunna að lesa hættumerkin, þegar þau byrja að hrannast upp. Tilfinnanlegt var, að bankastjórn Seðlabanka Íslands reyndist ekki vita, að gjaldeyrisforði seðlabanka má ekki síga niður fyrir erlendar skammtímaskuldir bankanna. Látum vera, að stjórnmálamenn flaski á tæknilegum atriðum eins og þessu, en hátt settum embættismönnum á ekki að leyfast það; þess vegna meðal annars var bankastjórnin rekin.
5. Viðskiptabankar mega ekki vaxa efnahagslífinu og ríkisvaldinu yfir höfuð, því að þá geta hvorki seðlabankinn né ríkissjóður rækt hlutverk sitt sem lánveitendur til þrautavara, þegar bankarnir komast í kröggur. Því þarf að vanda vel til regluverks og eftirlits á fjármálamarkaði og stuðla að heilbrigðum vexti banka með bindiskyldu, skattheimtu og ströngum álagsprófum.
6. Viðskiptabönkum á ekki að líðast að starfrækja í öðrum löndum útibú, sem vaxa innlánstryggingum heima fyrir yfir höfuð. Öðru máli gegnir um dótturfyrirtæki, því að innlán þar eru tryggð í útlöndum. Rekstur Landsbanka Íslands á útibúum erlendis og þær þungu skuldbindingar, sem þessi rekstur lagði skyndilega og óvænt á íslenzka skattgreiðendur, kann að varða við hegningarlög, en 249. grein þeirra hljóðar svo: „Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.“
7. Brýnt er að reisa trausta varnarveggi milli bankastarfsemi og stjórnmála. Ríkisbankarekstur á Íslandi frá fyrstu tíð vitnar um þessa þörf. Þess vegna var einkavæðing gömlu ríkisbankanna nauðsynleg. Spillt einkavæðing er ekki áfellisdómur yfir einkavæðingu, heldur yfir spillingu.
8. Nauðsyn ber til að láta þá, sem keyrðu bankana í kaf, sæta ábyrgð að lögum. Að minnsta kosti þarf að leiða sannleikann í ljós. Heiður Íslands er í húfi. Árangursrík endurreisn efnahagslífsins og trausts milli manna innan lands og út á við kallar á undanbragðalaust uppgjör við fortíðina.
9. Rökin fyrir almennu aðhaldi í fjármálum ríkisins þurfa í bili að víkja fyrir brýnni þörf á inngripum ríkisins, úr því að einkaframtakið er lamað.
10. Við skulum ekki hrapa að röngum ályktunum. Þótt bankar þurfi nú ríkishjálp og hafi sumir færzt í ríkiseigu um skeið, eru bankastarfsemi og stjórnmál enn sem fyrr gjöróótt blanda. Reynslan ber vitni. Einkabankar þurfa strangt aðhald og eftirlit vegna kerfislægrar tilhneigingar þeirra til að vaxa of hratt og velta þungum byrðum á saklausa vegfarendur.

# Myndum kosningabandalag

**UMRÆÐAN**

Davíð Stefánsson skrifar um alþingiskosningar

Þótt Guðmundur Andri Thorsson gangi ansi langt í að verja gjörðir Ingibjargar Sólrúnar í pistli sínum í Fréttablaðinu mánudaginn 2. mars sl. snertir hann á mjög mikilvægri umræðu – æskilegu kosningabandalagi Samfylkingar og VG. Engum dylst að efnahagshrunið kom að okkur frá hægri hliðinni og að rætur þess er ekki hægt að rekja til vinstri stefnu í nokkrum einasta skilningi. Einmitt þess vegna er mjög áríðandi að vinstri flokkarnir – VG og Samfylking – myndi stjórn eftir kosningar. Þetta er sögulegt tækifæri sem verður að grípa.



DAVÍÐ STEFÁNSSON

Einstaklingar úr öllum flokkum virðast sammála því að Sjálfstæðisflokkurinn þurfi nauðsynlega á fríi að halda og kominn sé tími á nýjar áherslur í stjórn landsins. Margir gamlir kunningjar mínir, íhaldssamir og helbláir til margra ára, taka líka undir þetta sjónarmið. Þeir líta svo á að sitt lið þurfi að fara í æfingabúðir, læra nýjar leikaðferðir og finna aftur kjarnann sinn. Þann tón má líka greina í drögum að skýrslu endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins.

Slíkri endurskoðun ber auðvitað að fagna. Stjórnmálaflokkur byggir á samspili margra ólíkra þátta. Því miður hefur Sjálfstæðisflokkinn rekið af eigin leið síðustu árin og í ofanálag hafa flokksmenn hans blindast af leiðtogadýrkun og ofurtrú á kapítalíska hugmyndafræði. Núna súpum við öll biturt seyðið af því.

En nóg um hægrimennsku og afleiðingar hennar: Við þurfum að snúa samfélaginu aftur í átt að vinstrinu – að jöfnuði og félagshyggju. Fyrir slíkum gildum muna aðeins tveir flokkar berjast: VG og Samfylkingin. Megi þeir sameinast í sterku og afgerandi kosningabandalagi til að íslensku samfélagi gefist færi á að sleikja sín djúpu sár og ná skjótum bata. Núna óska kjósendur eftir skýrum línum í stjórnmálum. Stígum heillaskrefið og gerum opinbert kosningabandalag.

*Höfundur er bókmenntafræðingur og býður sig fram í forvali VG í Reykjavík.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Mjúkir dagar
1
2
3
4
5
© Inter IKEA Systems B.V. 2009
1. OFELIA púðaver 2.590,-/2 í pk. B50xL50cm. Beinhvítt/ljósgrátt. 2. IRMA púði 150,- B35xL35cm. Ljósblátt. 3. OFELIA BLAD púði 2.390,- B40xL60cm. Hvítt.
4. OFELIA VÅG púði 1.790,- B40xL60cm. Hvítt. 5. OFELIA værðarvoð 4.790,- B130xL170cm. Hvítt
KRAMFORS legubekkur, hægri 64.900,-
B105×D160, H74cm. Leður, dökkbrúnt
BARNSLIG PARK sængurverasett 2.990,-
B150×L200/L50×B60cm.
FELICIA púðaver 1.190,-
B50×L50cm. Ýmsir litir
SULTAN ELSFJORD latexdýna 32.950,-
B90×L200cm. Hvítt
IKEA 365+ MYSA sæng 4.990,-
B150×L200cm. Fylling: Módal og pólýester
KLAPPAR IGELKOTT mjúkdýr 495,-/2 í setti
Brúnt
44.400,-
GRIMEN rúmgrind m/miðspýtu
B140×L200cm. Grænt. Rimlabotn og dýna seld sér.
SULTAN rúm 19.950,- B90×L200cm.
SULTAN STORFORS boxdýna, SULTAN TORSMO yfirdýna og SULTAN birkifætur 4 stk.
KILAN rúmteppi 4.290,-
B180×L280cm. Ýmsir litir
FELICIA teppi 1.790,-
B130×L170cm. 100% akrýl.
Grængult
GOSA VÄDD koddi 695,-
L50×B60cm. Fylling: pólýester trefjar.
ANDREA sængurverasett 4.490,- B150×L200/
B50xL60cm. Marglitað
LYCKSELE 2ja sæta svefnsófi m/dýnu og áklæði 47.900,- B140×L188cm. Svart
Grænmetisbuff
með graslaukssósu, kúskús og grænmeti
395,-
Ókeypis máltíð fyrir börnin!
Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri, að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.
IKEA
Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

# Beint lýðræði – vænlegur kostur

UMRÆÐAN

Jón Sigurðsson skrifar um kosningafyrirkomulag



JÓN SIGURÐSSON

Margir vænta mikils af beinu lýðræði sem virkum þætti stjórnkerfisins jafnt á landsmálasviði sem í sveitarfélögum. Beint lýðræði er ekki aðeins tækifæri minnihluta á þingi eða í sveitarstjórn til að vísa máli til almennings. Beint lýðræði getur líka verið að frumkvæði almennings. Hér verður vakin athygli á nokkrum þáttum sem snerta beint lýðræði, og ekki síst miðað við reynslu Kaliforníumanna.

*Sums staðar hefur almenningur tækifæri til að losa sig við embættismann sem fólki hugnast ekki lengur þótt kjörtímabili sé ekki lokið (recall).*

1) Máli er vísað til almennings, hvort sem er allsherjaratkvæði í sveitarfélagi eða þjóðaratkvæðagreiðsla, til staðfestingar eða synjunar eftir að þing eða sveitarstjórn hefur fjallað um málið (referendum). Þekkt er að skylt sé að vísa máli til almennings, ekki síst stjórnarskrárákvæðum. En líka er víða að minnihluta eða meirihluta er heimilt að vísa máli þessa leið, og að undirskriftasöfnun meðal almennings geti knúið þetta fram.

2) Áhugamenn ganga í hús og afla undirskrifta við tillögu sem síðan er lögð fyrir allsherjaratkvæði í sveitarfélagi eða þjóðaratkvæði (initiative). Þekkt er að áður skuli lögfræðinganefnd samþykkja tillögutextann til að ábyrgjast að virt séu mannréttindi og aðrar grundvallarreglur. Ýmist verður samþykkt tillaga þegar að stjórnarskrárákvæði eða lögum, en líka er þekkt að þing eða sveitarstjórn sé skylt að vinna áfram úr tillögunni og afgreiða málið formlega á eftir í samræmi við dóm almennings.

3) Víða eru embættismenn kjörnir beinu kjöri. Nefna má lögreglustjóra, ríkissaksóknara, ríkisendurskoðanda, ríkisféhirði, héraðsdómara, hæstaréttardómara, fræðslustjóra, fræðslumálastjóra, umboðsmann almennings, þjóðareftirlitsmann með fjármálastofnunum, þjóðareftirlitsmann með meðferð náttúruauðlinda, sveitarstjóra, borgarstjóra, ríkisstjóra, ríkisritara (sem er nokkurs konar forsætisráðherra í fylkjum vestan hafs), skólanefndir og fleiri dæmi má nefna. Þekkt er að áður skuli lögfræðinganefnd ákvarða um kjörgengi manna, t.d. varðandi dómaraembætti.

4) Sums staðar hefur almenningur tækifæri til að losa sig við embættismann sem fólki hugnast ekki lengur þótt kjörtímabili sé ekki lokið (recall). Þá ganga áhugamenn í hús og afla undirskrifta við tillögu sem síðan er lögð undir dóm almennings.

5) Algengast er að beint lýðræði skuli ráða um stjórnarskrárákvæði. En víða á hið sama við um stjórnvaldsreglur sveitarfélaga og almenna löggjöf. Kunn eru dæmi þess að menn fái ráðrúm, þótt stutt verði, til að kalla eftir beinu lýðræði varðandi einstök ákvæði fjárhagsáætlana sveitarfélags og fjárlaga, svo og varðandi einstakar stjórnvaldsákvarðanir eða opinberar athafnir og framkvæmdir.

Enda þótt beint lýðræði sé eftirsóknarvert getur það líka leitt til mistaka. Vandi við beint lýðræði er að kjósendur verða ekki krafnir skýringa, eins og við á um kjörna fulltrúa sem geta brugðist við óvæntri reynslu. Orkukerfi Kaliforníu varð gjaldþrota vegna mistaka í beinu lýðræði. Ómálefnaleg harka í sakamálum á sömu rætur þar sem ekki var gætt að afleiðingum löggjafar. Við beint lýðræði er líka hætta á óhóflegum skyndiáhrifum fjölmiðla.

Beint lýðræði getur hnekkt stöðu og mikilvægi þingsins. En tilhögun getur líka verið með þeim hætti að löggjafarþing og þingræði dafni vel með sterku beinu lýðræði.

*Höfundur er lektor við HR.*

# Flokksræðisríkið Ísland

UMRÆÐAN

Róbert Hlöðversson skrifar um stjórnmál



RÓBERT HLÖÐVERSSON

Íslenskir stjórnmálamenn komast til áhrifa í gegnum flokksstarf. Til að ná frama innan stjórnmálaflokks er nauðsynlegt að vera vel tengdur og er þá vænlegast til árangurs að vera bundinn núverandi forystu vina og/eða venslaböndum. Einnig er nauðsynlegt að sýna flokknum hollustu, sama á hverju dynur. Kjósendur hafa þannig ekkert um það að segja hverjir veljast til forystu í stjórnmálaflokki. Flokksforystan ræður nánast öllu um stefnu flokksins og það er sú stefna sem ríkir í landinu komist flokkurinn til valda.

## Afleiðingar helstefnu

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið við völd hérlendis í tæplega tvo áratugi samfleytt, lengst af með dyggum stuðningi Framsóknarflokksins. Þessir flokkar hafa haft svo kallaða frjálshyggju á stefnuskrá sinni. Þessi stefna leiddi m.a. til þess að fiskveiðikvóta landsins var úthlutað til sérvalinna aðila án endurgjalds. Í kjölfarið varð til ný stétt auðmanna, sem með stuðningi stjórnvalda sölsaði undir sig ríkisbankana. Bankarnir fjármögnuðu síðan skuldsettar yfirtökur á öflugustu fyrirtækjum landsins. Í dag eru þessir bankar gjaldþrota og mörg vel rekin fyrirtæki standa tæpt vegna mikilla skuldsetninga. Landsmenn eru rétt að byrja að upplifa afleiðingar þessarar helstefnu og eiga eftir að lifa í skugga hennar næstu áratugina. Sagt er að kapítalisminn hafi marga góða kosti, en það verði að setja honum strangar leikreglur. Sé það ekki gert muni hann tortíma sjálfum sér að lokum. Það er hlutverk löggjafarvaldsins að setja þessar leikreglur. Þjóðkjörnir fulltrúar okkar brugðust þessari skyldu sinni og því fór sem fór.

Þar sem hérlendis ríkir ekki lýðræði hafa kjósendur mjög lítil áhrif á stefnu stjórnvalda. Á fjögurra ára fresti er þeim gefinn kostur á að kjósa flokk en hafa engin áhrif á val frambjóðenda. Þessi flokkur hefur ákveðna stefnu sem hann telur sig þó ekki vera bundinn af að fylgja komist hann í aðstöðu til að mynda ríkisstjórn með öðrum flokki. Þetta er íslenskt lýðræði í hnotskurn.

## Tillögur til úrbóta

Gera þarf landið að einu kjördæmi. Þetta kemur í veg fyrir það óréttlæti að mismunandi atkvæðavægi er að baki þingmanna eftir kjördæmum. Kjördæmapotið, sem er skilgreint afkvæmi núverandi kjördæmaskipunar, mun í kjölfarið hverfa af löggjafarþinginu. Fækka þarf þingmönnum um helming og hækka laun þeirra verulega. Þingmönnum verði jafnframt bannað að sinna öðrum störfum meðan þeir sitji á þingi og þingseta takmörkuð við 12 ár.

Forsætisráðherra verði þjóðkjörinn. Þetta mun styrkja löggjafarvaldið gagnvart framkvæmdarvaldinu, en áhrif þess eru alltof sterk í núverandi kerfi. Forseti Alþingis yrði jafnframt þjóðhöfðingi landsins og embætti forseta lagt niður. Til að skerpa enn frekar á aðskilnaði á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds hefðu ráðherrar ekki rétt til þingsetu. Við val á ráðherrum yrði fyrst og fremst horft til reynslu þeirra og þekkingar á málaflokki þess ráðuneytis sem þeir eiga að stjórna.

Gefa þarf kjósendum kost á að kjósa fólk auk flokks. Til að auðvelda framkvæmdina á þessu er nauðsynlegt að taka upp rafrænar kosningar. Hægt er að hugsa sér að kjósendur geti valið um tvo möguleika í kjörklefanum. Núverandi kerfi þar sem einungis er krossað við listabókstaf og uppröðun flokksins á frambjóðendum samþykkt, eða að kjósandinn raði frambjóðendum í númeraröð sjálfur. Sá frambjóðandi sem hlýtur flest atkvæði yrði leiðtogi síns flokks eftir kosningarnar. Þetta mundi veita þingmönnum nauðsynlegt aðhald og koma í veg fyrir endurkjör þeirra sem standa sig illa að dómi kjósenda.

Stækka þarf sveitarfélögin umtalsvert og ber í því sambandi að stefna að því að íbúafjöldi sem flestra sveitarfélaga verði í kringum 10 þúsund manns. Ljóst er að í fámennari byggðum landsins er þetta ekki mögulegt og verður þá að miða stærð sveitarfélagsins við landfræðilegar aðstæður. Í kjölfarið þarf að stórefla sveitarstjórnarstigið og færa fleiri verkefni s.s. framhaldsskóla og heilbrigðisþjónustu þangað.

Þjóðin þarf að ganga í Evrópusambandið hið fyrsta. Það að innganga í ESB mundi stefna fullveldi þjóðarinnar í voða er algjör firra. Raunar eru líkur á að innganga í ESB muni styrkja fullveldið því áhrif þeirra ólýðræðislegu afla sem hér ráða ríkjum munu dvína. Þetta m.a. skýrir andstöðu þessara sömu afla gegn inngöngu. Innganga í ESB mundi færa þjóðinni stöðugan og traustan gjaldmiðil. Verðbólgan hérlendis yrði sú sama og innan ESB-ríkjanna og sama gildir um vexti af lánum. Samkeppni yrði á bankamarkaði og hin séríslenska svikamylla verðtryggingin mun heyra sögunni til. Aukin erlend samkeppni á öllum sviðum atvinnulífsins gerði það að verkum að verðlag færðist nær því sem tíðkast í Evrópu.

Það er algjört lífsspursmál fyrir afskekkt smáríki eins og Ísland að tryggja sér aðgang að stærra efnahagssvæði. Fullveldi þjóðarinnar er stefnt í mikið meiri hættu með einangrun en með inngöngu í Evrópusambandið.

*Höfundurinn er sviðsstjóri.*

# Rauðgræn ríkisstjórn í boði norskra ráðherra

UMRÆÐAN

Sturla Böðvarsson skrifar um ríkisstjórnina



STURLA BÖÐVARSSON

Ríkisstjórnin virðist nú leggja allt sitt traust á norska stjórnmálamenn og þeir gera sig mjög gildandi hér um þessar mundir. Það birtist m.a. í því að ráðinn var fyrrverandi stjórnmálamaður frá Noregi í stöðu bankastjóra Seðlabanka Íslands.

Upplýst hefur verið að það var gert að undirlagi fjármálaráðherra Noregs. Það gerðist þrátt fyrir að það stangist á við stjórnarskrána að skipa erlendan ríkisborgara sem embættismann. Bæði forsætisráðherra og ekki síður fjármálaráðherra gerðu sig ber að því í viðtölum að vanvirða ákvæði stjórnarskrárinnar með því að halda því fram að breytingar á lögum um Seðlabankann ýti til hliðar skýrum ákvæðum í stjórnarskránni. Í verkum ráðherranna og framgöngu var tilgangurinn látinn helga meðölin. Vonandi gengur seðlabankastjóranum nýja vel þann stutta tíma sem honum er ætlað að vera við störf hér á Íslandi og vonandi hefur hann áttað sig á því að hann vinnur í umboði íslenskra stjórnvalda en ekki þeirra norsku. En vinnubrögðin við ráðningu hans eru einsdæmi og ekki til þess fallin að auka traust á Seðlabankanum eða ríkisstjórninni. Nær hefði verið fyrir Jóhönnu að setja Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra Alþýðuflokksins og fyrrum seðlabankastjóra, til verksins meðan beðið var auglýsingar og „faglegrar“ ráðningar í starfið. Hann þekkir vel til verka og hefur alla þá reynslu sem til þarf og hefði sómt sér vel í þessu mikilvæga embætti. Í þessu máli birtist virðing Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir stjórnarskránni með sérkennilegum hætti eftir þrjátíu ár á þingi.

## Jens Stoltenberg leggur þeim lið

Í síðustu viku var fundur forsætisráðherra Norðurlandanna haldinn hér í Bláa lóninu. Við það tilefni ræddi fréttamaður Kastljóssins við Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs.

*Á mínum langa ferli í stjórnmálum hef ég ekki áður orðið vitni að öðrum eins vinnubrögðum og þeim sem Jóhanna og Steingrímur J. viðhafa á öllum sviðum.*

Ekki fór á milli mála að norski forsætisráðherrann hugsaði sér að hafa áhrif á innanlandsmál á Íslandi með ótrúlega ósvífnum hætti og notaði tækifærið í Kastljósi sem nær til margra kjósenda á Íslandi. Í viðtalinu kom fram eftirfarandi kafli þar sem Kastljósið kallar fram undarlegt inngrip í íslensk stjórnmál. Hér fer á eftir endurrit úr Kastljósþættinum.

Fréttamaður Kastljóssins: Þú hittir Ingibjörgu Sólrúnu hér á eftir og mér skilst að þú hafir mikinn áhuga á væntanlegum kosningum. Dreymir þig um að hér verði rauð og græn vinstri stjórn eftir kosningarnar?

Jens Stoltenberg: Við höfum góða reynslu af slíku stjórnarfyrirkomulagi í Noregi. Það verður áhugavert ef slíkt verður reynt hér á Íslandi. Ég hef þekkt Ingibjörgu í mörg ár og við Jóhanna, forsætisráðherra ykkar, hittumst og ég þekki marga aðra íslenska stjórnmálamenn og ég vona að þeim takist að koma á rauðgrænni stjórn hér. Við höfum góða reynslu af því fyrirkomulagi.

## Til valda með aðstoð að utan.

Hver pantar slíkar spurningar? Hvað gengur forsætisráðherra Noregs til að hefja hér afskipti af stjórnmálum á Íslandi? Var það hluti af beiðni Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar til forsætisráðherra og fjármálaráðherra Noregs að þau tækju þátt í kosningabaráttunni hér? Á hjálpin að berast að utan til þess að hægt verði að mynda hér rauðgræna ríkisstjórn? Verður stuðningur Framsóknarflokksins við ríkisstjórnina óþarfur?

Á mínum langa ferli í stjórnmálum hef ég ekki áður orðið vitni að öðrum eins vinnubrögðum og þeim sem Jóhanna og Steingrímur J. viðhafa á öllum sviðum. Og það er vert að minnast þess og rifja upp að þau komust til valda í skjóli ofbeldisfullra aðgerða gegn Alþingi. Aðgerða sem ráðherra Vinstri grænna hefur hreykt sér af að hafa staðið að baki og margir telja að hafi verið skipulagðar í skjóli Vinstri grænna bæði innan þingsins og utan. Það geta ekki verið vinnubrögð sem við viljum innleiða á Íslandi.

*Höfundur er alþingismaður.*


Gorenje þvottavél




A Orkunýtni
A Þvottahæfni

1200 snúninga þvottavél
WA50120
Einföld, hljóðlát þvottavél og góð þvottavél með íslenskum leiðavísi.

Tilboð 86.900

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

PIPAR • SÍA • 90265



**NETVERSLANIR.IS** er vefsíða þar sem má finna tengla á fjölda íslenskra netverslana eftir flokkum. Meðal flokka eru fatnaður og skór, barnavörur og leikföng, heimilið og viðburðir og farartæki og samgöngur.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Meirapróf






ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 5670300

Næsta námskeið byrjar 11. mars 2009




Lára Björk býr til spangir í fjölbreyttum útfærslum en hér er hún með fremur látlausa spöng úr svörtu leðri, tjulli og perlum. „Ég geng yfirleitt í frekar látlausum fötum en skreyti mig svo bara með fylgihlutum," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lítur á spangir sem skart

**Lára Björk Curtis dó ekki ráðalaus þegar hana langaði í fallega skreytta spöng til að setja punktinn yfir i-ið. Hún einfaldlega bjó hana til og síðan þá hafa margar spangir bæst í safnið.**

„Ég er tiltölulega nýbyrjuð að búa til spangir en ég byrjaði fyrir um þremur mánuðum á þeirri fyrstu," segir Lára Björk Curtis, deildarstjóri hjá Hagkaupum í Holtagörðum og spangagerðardama.

„Þetta byrjaði þannig að mig langaði í skrautlega spöng eins og svo margir eru að gera en fann aldrei neina sem var nákvæmlega eins og ég vildi þannig að ég brá á það ráð að búa hana bara til sjálf. Svo var þetta bara svo skemmtilegt að ég hélt áfram," útskýrir Lára og brosir. Spangirnar eru að mestu skreyttar með leðri en stundum bætir Lára tjulli, perlum og efni við. „Ég hef að mestu gert þetta fyrir sjálfa mig, vini og kunningja, en þar sem margir hafa spurt mig út í spangirnar þá ætla ég að opna heimasíðu með þeim á laruspangir.skipasund.com, en þar verður hægt að skoða spangir og panta," segir Lára áhugasöm.

Sumar spangirnar eru nánast orðnar eins og hattar þegar þær eru hvað mest skreyttar. „Ég bjó til dæmis til eina með köflóttri blúndu í grunninn, þar sem ég er hálfur Skoti og var á leiðinni á skoskt kvöld og vantaði eitthvað í staðinn fyrir skotapils," segir Lára og nefnir að þegar hún búi til spangir fyrir aðra þá reyni hún að útfæra spangirnar eftir óskum hvers og eins.

Lára er að eigin sögn gefin fyrir skart og fylgihluti og henta spangirnar því fullkomlega. „Ég lít á þær eins og skartgripi, jafnvel eins og stórt hálsmen eða eitthvað í þá veru. Ég er forfallinn skartgripafíkill," segir Lára og viðurkennir að hún sé mikill föndrari í sér. „Ég geri öll kort, skrappa og svona þannig að ég nýt mín í þessu."

*hrefna@frettabladid.is*


Námskeið í Heilsuhúsinu

30 ára heilsuhúsið

**Hvar á maður eignlega að byrja?**

*Langar þig til þess að breyta mataræðinu til batnaðar en veist ekki hvar þú átt að byrja?*



**Inga Kristjánsdóttir** næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar.

**Farið verður með einföldum hætti yfir:**
- *Hvernig við getum náð stjórn á blóðsykrinum*
- *Hvernig verðum við okkur úti um rétt næringarefni*
- *Hvernig við getum öðlast meiri orku, vellíðan & heilbrigði*

Þriðjudaginn 10. mars eða 31. mars kl: 20-22 í Heilsuhúsinu Lágmúla.
Þriðjudaginn 17.mars kl:20-22 í Heilsuhúsinu á Selfossi.

*Upplýsingar og skráning í síma: 899 5020 eða á eig@heima.is*
*Verð pr. mann: 3.500 kr.*

**Hentugt, Hagkvæmt, Hollt og Gott!**



**Auður Ingibjörg Konráðsdóttir** heilsukokkur með meiru heldur matreiðslunámskeið í Heilsuhúsinu. Auður mun sýna fram á hversu einfalt, fljótlegt og budduvænt það er að útbúa gómsæta rétti úr heilsusamlegu hráefni.

Fimmtudaginn 18. mars kl: 19:30 - 22:00
í Heilsuhúsinu í Lágmúla.

*Upplýsingar og skráning í síma 865 5576 eða á heilsukokkur@gmail.com. Verð pr mann: 5.200 kr.*
*Innifalið er uppskriftamappa og sitthvað gott að smakka fyrir alla.*



BÍLAOUTLET
NOTAÐIR BÍLAR
UMBOÐSSALA

Viltu losna við notaða bílinn fljótt?

Mikil traffík
Stór salur
VIÐ LEYSUM MÁLIÐ

Við höfum enga heimasíðu
og svörum ekki í síma
Þú bara mætir á staðinn

Bílaoutlet - Korputorgi
Opið: mán-fös kl. 11-19, lau kl. 12-16

BÍLAOUTLET

# TÍSKA

**HÁR** getur verið of þurrt af mörgum ástæðum. Of mikill þvottur, blástur og efnameðhöndlun getur þurrkað hárið auk þess sem ástæðan getur verið vítamínskortur. Best er að leita ráða fagfólks.




BIRKENSTOCK



Arisona herrainniskór
Stærðir: 36 - 48 litur: svart
Verð: 10.350.-





Profi-Birki vinnuskór
Vatnsheldir klossar úr Alpro-foam
með lausu fótlaga innleggi.
Henta vel í eldhús, matvælaiðnað,
þrif og margt fleira.
Stærðir: 39 - 47
litir: svart og hvítt
Verð: 10.790.-

BIRKENSTOCK

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is





**teg** 11001 - mjög fínt snið og vinsælt í CDEF skálum á kr. 3.850,- og buxur í stíl kr. 1.950,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




Grá opin peysa frá tískuvöruversluninni Rítu á krónur 7.500 í stærðum 38 til 56 og brúnar kvartbuxur á 12.900 í stærðum 36 til 56.



Fyrir þá sem litagleðin heltekur með hækkandi sól gæti ferð í Zik Zak tískuhús Kringlunni borgað sig. Toppur á krónur 4.990 í stærðum 16 til 24 eða 44 til 54.



Það eru ekki bara þvengmjóar fyrirsætur sem geta gengið í tískufötum. Þetta blómlega módel tekur sig svo sannarlega vel út í sumardressinu.

# Tískuflíkur í stærri stærðum

**Nú þegar hlýnar í veðri er tilvalið að endurnýja svolítið í fataskápnum. Þeir sem fundu ekkert á útsölunum þurfa ekki að örvænta því nýjar vörur streyma nú inn í öllum stærðum, líka í stærri númerum.**

Yfir köldustu vetrarmánuðina erum við gjörn á að ganga í sömu fötunum og langar lítið til að breyta til. Með hækkandi sól lifnar yfir litagleðinni, hægt að leggja vetrarfötunum og kíkja í búðir. Verslanir eru í óða önn að taka upp nýjar vörur eftir janúarútsölurnar og úrvalið er gott, einnig í stærri stærðum en þó nokkrar verslanir sérhæfa sig í númerum fyrir ofan 42. Sjón er sögu ríkari.

*heida@frettabladid.is*



Í Evans fást fallegir toppar í stærri stærðum. Fjólublár toppur á krónur 7.995 í stærðum 16 til 26 eða 44 til 54.

Bleikur kjóll frá versluninni Ríta á krónur 4.900 í stærðunum 38 til 50 og svört opin peysa á 7.500 krónur í stærðunum 38 til 52.



Fallegur grænn kjóll frá versluninni Rítu í Bæjarlind og Eddufelli. Kjóllinn er á krónur 12.900 og er í stærðum 42 til 54. Svartar leggingsbuxur á 2.900 krónur.




Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir



Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir



Takk!

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is





ULTRATONE
Faxafeni 12
sími 588-1166

Grenning - styrking - líkamsþjálfun

Í GOTT FORM FYRIR VORIÐ!

Slappaðu af í þægilegu umhverfi og láttu Ultratone tækin sjá um að móta líkamann og bæta líðan þína.

Laugardaginn 7. mars verður kynning á LifeWave verkjaplástrinum í Ultratone, Faxafeni 12 kl. 14:00. Allir velkomnir!



Nánari upplýsingar er að finna á www.ultra.is



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Dauði listarinnar í tískunni

Fyrsta boðorð tískuhúsanna í dag er að skila hagnaði. Eðlilegt í nútíma viðskiptaumhverfi. En gleymum því ekki að tískuhönnun hefur lengi talist til listgreina hér í landi. Þrátt fyrir að talað sé um gjaldþrot frjálshyggju og peningastefnu virðist heimur tískunnar þó samur við sig.

Tískuhús Chanel stóð fyrir nokkru að hönnun á færanlegu sýningarhúsnæði sem líkist helst svífandi furðuhlut og kallast Mobile Art, gerður af arkitekt sem er „inn“ um þessar mundir, Zaha Hadid. Inni í þessum furðuhlut var sýnd nútímalist sem þó er hvergi að finna á netsíðu sýningarinnar eða Chanel, líkt og að listin og listamennirnir séu aukaatriði. Sýningin var fyrst sett upp í Hong Kong svo í Tókýó og síðan New York. Ætlunin var að sýningin héldi áfram í Evrópu en nú hefur öllu verið aflýst vegna kreppu. Tískublöðin voru full af myndum af stjörnum og fyrirsætum við opnun sýningarinnar, allar klæddar í Chanel auðvitað. Hvergi er hins vegar minnst á listamennina og þeir því aðeins notaðir í auglýsingaskyni fyrir tískuhúsið.

Ólíkt höfðust þeir að, Yves Saint Laurent og Pierre Bergé, sem söfnuðu gríðarlegu safni listmuna sem nýlega voru seldir til styrktar rannsókna á alnæmi. Hver listmunur valinn af smekkvísi og kostgæfni enda málverk oft meistara Saint Laurent innblástur á sjöunda áratugnum, t.d. verk Picasso. Hjá þeim félögum var listin í fyrirrúmi en ekki tæki til að vekja athygli á hönnuninni. Ekki skrýtið að Saint Laurent hafi verið kallaður síðasti listamaðurinn í tískunni, ólíkt Karl Lagerfeld sem endurvinnur gamlar hugmyndir í þágu miskunnarlausrar peningamaskínu. Þar skipta umbúðirnar öllu en kjarninn, listin, er aukaatriði.

Smekkleysunni, þegar tískan er annars vegar, eru heldur engin takmörk sett eins og sjá mátti í tískuþætti í tímaritinu Next, fylgiriti dagblaðsins Libération um tísku. Tískumyndirnar eru teknar í ríkulegum húsakynnum, með fallegum fyrirsætum, sýna fjölskyldu verðbréfabraskara þar sem allt er að fara fjandans til. Fötin eru ekki af verri endanum svo sem YSL, Dolce & Gabbana og fleiri. Án þess að gleyma Kelly-tösku frá Hermès úr krókódíl sem kostar líklega einar fimm þúsund evrur. Myndaþættinum lýkur svo á því að konan fer með fínu krókódílatöskuna en fætur braskarans sjást hangandi niður úr loftinu í næsta herbergi því braskarinn hefur svipt sig lífi. Sem betur fer hefur maðurinn þó farið í Louis Vuitton-skóna sína áður, það breytir auðvitað öllu að deyja með stæl. Líklega hefur hreinsunareldur kreppunnar ekki enn brunnið í tískuheiminum.

*bergb75@free.fr*



Fólk á öllum aldri festir kaup á gleraugunum og ekki spillir verðið fyrir.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gamall lager rifinn út

**Linsan selur eldri gleraugu við góðar undirtektir.**

Gamaldags gleraugu og sólgleraugu hafa notið vinsælda að undanförnu og í Linsunni að Aðalstræti 9 fást vintage dömu-, herra- og barnaumgjarðir á 5.000 krónur.

„Við fundum fyrir aukinni eftirspurn á síðasta ári. Í kjölfarið fórum við á stúfana og fundum lager sem við höfðum lagt til hliðar. Hann er að slá í gegn,“ segir Sigrún Bergsteinsdóttir, eigandi Linsunnar. „Þetta eru franskar og ítalskar umgjarðir frá frægum hönnuðum á borð við Jil Sander, Jean Franco Ferre og Laura Biagiotte. Fólk á öllum aldri festir kaup á gleraugunum og ekki spillir verðið fyrir.“

*- ve*



Umgjarðirnar eru franskar og ítalskar.



















**DAGSBIRTAN** er hressandi og um að gera að hleypa henni inn þegar hún er í boði. Nú þegar daginn er farið að lengja er jafnvel möguleiki á smá birtu að vinnudegi loknum og um að gera að nýta það.



# Gamalt og nýtt í bland

**Heimilistæki og -áhöld eru í meirihluta þess sem er í boði á Nytjamarkaði Samhjálpar, þar sem hægt er að fá nýja hluti í bland við gamla. Að sögn rekstraraðila markaðarins nýtur hann sívaxandi vinsælda.**

Nytjamarkaður Samhjálpar verður sífellt vinsælli segir Vilhjálmur Svan Jóhannsson, sem sér um Nytjamarkaðinn meðal annarra starfa hjá Samhjálp. „Það er töluverð umferð hjá okkur á markaðnum og hún hefur aukist dag frá degi. Við höfum ekkert auglýst en orðið spyrst út og þetta fréttist.“

Vilhjálmur segir mest vera af áhöldum og tækjum fyrir heimilið á markaðnum. „Við erum mikið með vörur frá sjöunda áratugnum núna til sölu en við fengum gamlan lager og gjafir frá verslun Þorsteins Bergmann í töluverðu magni. Við erum líka með mikið af leirtaui og handverkfærum en auk þess eru gamlir og notaðir hlutir til sölu á markaðnum.“

Vilhjálmur segist taka eftir mikilli aukningu á gjöfum til markaðarins og er mjög þakklátur því fólki sem hefur lagt Samhjálp lið. Hann segir enn fremur gott vöruúrval og spennandi verð vera lykilinn að því að markaðurinn hafi gengið svona vel.

Samhjálp opnaði Nytjamarkaðinn til að létta undir með rekstri kaffistofu Samhjálpar, sem gefur bágstöddum frítt að borða. „Það vantar alltaf pening í reksturinn þrátt fyrir örlæti birgja. Við fáum gjafir og góðan afslátt af þeirri vöru sem við fáum til reksturs kaffistofunnar og við finnum fyrir auknum stuðningi við kaffistofuna frá fólki, enda koma fleiri til okkar nú en nokkru sinni fyrr og því fleiri að tala um starfið okkar.“

Nytjamarkaður Samhjálpar er til húsa í kjallara höfuðstöðva Samhjálpar að Stangarhyl 3 og er gengið inn að austanverðu. Markaðurinn er opinn þriðjudaga til laugardaga frá klukkan 13 til 18 og tekið er á móti gjöfum alla daga nema sunnudaga frá klukkan 9 til 18. Samhjálp sækir líka gjafir til fólks sem á ekki hægt um vik að komast með hlutina sjálft. *- rlf*



Vilhjálmur segir gjöfum hafa fjölgað mikið til markaðarins og er mjög þakklátur því fólki sem hefur lagt Samhjálp lið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Forstofur urðu fyrst áberandi í húsum á Viktoríutímanum. Hatta- og regnhlífastandar urðu þar með stöðluð húsgögn. Í forstofum var einnig töluvert lagt í val á húsgögnum til að ganga í augun á gestum.

wikipedia.com


White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Þurrkari
- 10 kg -
Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Auglýsingasími 512 5473
ALLT

bfo.is
Þjónustuverkstæði fyrir eftirtaldar bifreiðar
reynsla – þekking – góð þjónusta
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Kjarni málsins
Ekkert viðhald
REHAU
Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.
gluggar@kjarnagluggar.is
AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN
Kjarnagluggar
Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

Ísland er landið – njótum og upplifum
Æfing í Esjunni
Fimmtudagur kl. 18
Fararstjóri: Ólafur Örn Haraldsson
Þátttaka ókeypis – allir velkomnir
Takið með ykkur góðan útbúnað.
Skráðu þig inn – drífðu þig út
www.fi.is
Ferðafélag Íslands

VANDAÐAR DANSKAR
BÓKAHILLUR
VIÐARTEGUNDIR
LJÓS - EIK. HLYNUR.
COFFEE OG KIRSUBERJA
NÝJUNG
LJÓS EIK OG-STÆRRI-SJÓNVARPSSKÁPUR
HEIMILISPRÝÐI
HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553 1400 heimilisprydi.is hallarmuli@islandia.is

Auglýsingasími 512 5447
ALLT

Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is



eitthvað alveg
einstakt



# veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 5. MARS 2009




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ó
RESTAURANT



Smørrebrød & Íslenskt tapas

**Ó restaurant** býður meðal annars uppá Íslenskt tapas
Verð frá 1.400 kr./4 réttir.
Opið mán-lau. 15-22.

**Brauðbær** býður uppá ekta danskt smørrebrød. Verð frá kr. 850 sneiðin
Opið mán-lau. 12-18

BRAUÐBÆR





Hótel Óðinsvé • Þórsgata 1 • S: 511 6677 • www.orestaurant.is
www.braudbaer.is

# Leiktækjafyrirtæki í útrás

Barnasmiðjan hefur frá árinu 1986 sérhæft sig í hönnun og framleiðslu útileiktækja og barnahúsgagna undir vörumerkinu KRUMMAGULL. Framleiðslan hefur einskorðast við íslenskan markað en fyrirtækið er að færa út kvíarnar og hefja útflutning á leiktækjum til Evrópu.

„Við höfum verið að vinna markvisst að útrás frá því í haust. Í raun má kannski segja að við höfum byrjað að markaðssetja okkur erlendis, í Evrópu, fyrir um tveimur árum. Nú er þetta allt að smella saman,“ segir Hrafn Ingimundarson, sem á og rekur Barnasmiðjuna ásamt eiginkonu sinni, Elínu Ágústsdóttur.



Hrafn segir að leiktækjum Barnasmiðjunnar hafi verið sýndur mikill áhugi erlendis. Genginu sé að þakka og svo framleiðslunni sjálfri sem njóti sérstöðu. „Hönnunin okkar er sérstök, séríslensk, og því annar stíll á markaðinum,“ segir hann og nefnir að sum tækjanna vísi til uppruna Íslendinga, minni á skip og fleira. Helsta hindrunin sé þó flutningskostnaður, en fyrirtækið vinnur að því að ná fram betri nýtni í flutningi.

Með aukinni eftirspurn reiknar Hrafn með að fyrirtækið þurfi meira pláss, ekki síst í ljósi þess að það hefur aðeins kynnt 100 af þeim 150 vörum sem það hefur hannað. Þá útilokar hann ekki að með auknum umsvifum komi fyrirtækið til með að ráða til sín fleiri starfsmenn, sem eru nú 14 talsins. *- rve*



Sólóhúsgögn framleiða stílhrein húsgögn úr tré og stáli.

# Sterk og stílhrein

„Sólóhúsgögn er íslenskt framleiðslufyrirtæki sem útbýr aðallega húsgögn eins og eldhúsborð og stóla og við erum líka í sérsmíði,“ segir Magnús J. Magnússon, sölumaður hjá Sólóhúsgögnum og nefnir að margir íslenskir hönnuðir starfi með fyrirtækinu. „Má þar nefna hönnuði eins og Erlu Sólveigu Óskarsdóttur, Reyni Sýrusson, Pétur B. Lúthersson, Þórdísi Zoëga og Sigurð Gústafsson sem eru allt þekktir íslenskir húsgagnahönnuðir en auk þeirra er fjöldi annarra hönnuða sem Sólóhúsgögn hafa unnið með í gegnum tíðina.“

Fyrirtækið Sólóhúsgögn ehf. var stofnað árið 1960 og hefur starfsemin að mestu leyti tengst framleiðslu á stálhúsgögnum. „Í upphafi var vörulínan ekki breið en þegar núverandi eigandi, Björn Ástvaldsson, keypti fyrirtækið fyrir rúmum 20 árum fór hann að leggja áherslu á að fá húsgagnahönnuði til liðs við sig. Samvinna húsgagnahönnuða og framleiðenda er mjög mikilvæg þar sem báðar greinar eiga erfitt með að starfa án hinnar,“ útskýrir Magnús.



Þessi stóll kallast Smári ..

Auk húsgagnaframleiðslu taka Sólóhúsgögn að sér hvers kyns sérsmíði fyrir fyrirtæki og einstaklinga. *- hs*



MYND/GÁ HÚSGÖGN

Í verslun GÁ húsgagna er hægt að velja sér grunnsófa og fá honum breitt eftir sínu höfði.



Tungusófinn er á undanhaldi og hornsófar heitir.



Hlýleg tauáklæði eru vinsæl.



Engin smíði er eins frá degi til dags.



Hvítt og svart leður er á undanhaldi.

# Íslenskt gæðanna vegna

**Grétar Árnason stofnaði GÁ húsgögn fyrir 34 árum en fyrirtækið sérhæfir sig í sérsmíði húsgagna fyrir heimili og stofnanir.**

„Við erum alfarið í sérsmíði og sérþörfum,“ segir Grétar. „Ef fólk finnur ekki það sem því líkar eða sem passar úti í bæ þá getum við sérsmíðað fyrir það inn í rýmið.“

Biðtími eftir sérsmíði er frá hálfum mánuði og upp í fimm vikur. Viðskiptavinurinn getur valið sér einhverja af grunntýpum verslunarinnar og látið svo aðlaga þær eftir sínum hugmyndum, meðal annars valið áklæði og lit.

„Fólk getur komið með sínar hugmyndir upp að vissu marki. Til dæmis má setja arma af einni týpu af sófa á aðra. Við höfum þó alltaf eitthvað um útlitið og hönnunina að segja enda teljum við okkur hafa nokkurt vit á þessu eftir öll þessi ár,“ segir Grétar. Hann segir alltaf einhverja tískustrauma í gangi og í raun sé enginn hlutur eins sem þeir smíði frá degi til dags. Hinn stóri kantaði funkisstíll í svörtu og hvítu, sem hefur verið allsráðandi undanfarin misseri, sé meðal annars á undanhaldi.

„Núna eru að koma mýkri línur í hlutina og hlýrri litir. Það gerist alltaf í svona árferði eins og nú er, eins og 1982 og aftur 1991. Það er minna af peningum í umferð og menn hugsa meira um sjálfa sig og hvað þeir vilja. Týpíski tungusófinn er til dæmis á undanhaldi en nú er meira um sófa í horn. Eins er aðeins minna að gera hjá okkur en undanfarin ár en við þurfum þó alls ekki að kvarta.“

Grétar telur að velja eigi íslenska vöru gæðanna vegna og segir ýmislegt í bígerð hjá fyrirtækinu í nýsköpun. Hann vill þó ekkert gefa upp hvað það er.

„Í dag erum við að vinna í mjög spennandi verkefnum í nýsköpun en það kemur allt saman í ljós með vorinu. Nú er vakning í því að fólk velji íslenskt, sem er gott að vissu leyti, en það er þó mín skoðun að við eigum ekki eingöngu að kaupa íslenskt þegar illa árar. Það á að kaupa íslenskt gæðanna vegna.“ *- rat*


**AUGLÝSENDUR ATHUGIÐ:**

**Í EINU** FRÉTTABLAÐI
**NÆRÐU TIL FLEIRI LESENDA**
**HELDUR EN SAMTALS Í ÖLLUM**
**SJÖ** MORGUNBLÖÐUM **VIKUNNAR.**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




**Allt sem þú þarft...**

* Meðallestur á hvert tölublað Fréttablaðsins: 65,1%. Uppsöfnuð dekkun á 7 tölublöð Morgunblaðsins: 63,6% skv. könnun Capacent nóv. 2008 - jan. 2009, 18-49 ára allt landið.


Veljum íslenskt
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is



Gæðabakstur ehf.
Álfabakka 12 | 109 Reykjavík | S: 545 7000

Ekta fiskur
466 1016
www.ektafiskur.is

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940

Veljum íslenskt
- VELJUM ÍSLENSKT -
Vörumerking
síðan 1962
Vörumerking ehf. Bæjarhrauni 24 220 Hafnarfirði
ími: 414 2500 fax: 555 4588


Dóra og Kristján á Neðra-Hálsi í Kjós vitja um kýrnar sínar sem aðeins borða hey en ekki korn eða annan fóðurbæti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hugsjón varð að veruleika

**Hjónin Kristján Oddsson og Dóra Ruf á Neðra-Hálsi í Kjós framleiða lífræna mjólk. Hún er síðan notuð í jógúrt, smjör, skyr og ís frá fyrirtækinu Biobú sem þau Kristján og Dóra stofnuðu árið 2002.**

„Þetta tók langan tíma því í upphafi var þetta aðeins hugsjón,“ segir Kristján Oddsson, bóndi á Neðra-Hálsi í Kjós, sem er einn fárra bænda á Íslandi sem stundar lífrænan kúabúskap. Kristján hefur unnið við búskap frá unga aldri enda er hann fæddur og upp alinn á Neðra-Hálsi og rak búið ásamt föður sínum frá 1978 en tók alfarið við búrekstrinum árið 1982.

„Þá var ég búinn að ná í konuna mína en við erum mjög samstiga í áhuga okkar á lífrænni ræktun,“ segir Kristján og tekur fram að Dóra kona hans sé frá Sviss þar sem lífræn ræktun var komin mikið lengra á veg en hér á landi fyrir þrjátíu árum. „Þar kynntist maður þessum sjónarmiðum og sú kunnátta bakkaði okkur upp í að reyna þetta hér,“ segir Kristján. Þau hjónin tóku sér langan tíma til að laga búreksturinn að lífrænu formi. „Við minnkuðum smám saman tilbúinn áburð og vorum lengi að hugsa okkur í gegnum þetta enda er alltaf áhætta að breyta til,“ segir Kristján en til dæmis er hætta á að grasið á túnum hætti að spretta ef snögglega er hætt með tilbúinn áburð.



**Lífrænt smjör og ís frá Biobúi eru væntanleg í verslanir á næstu vikum. Annars framleiðir Bióbú gríska jógúrt, skyr og sex bragðtegundir af jógúrt.**

„Þar sem við tókum þetta yfir svona langan tíma hefur umbreytingin verið nokkuð átakalaus og kostnaðarlítil,“ segir Kristján en þau Dóra byrjuðu fyrst að rækta lífrænar gulrætur sem fóru á markað árið 1989. Þegar sett var á alþjóðlegt vottunarkerfi árið 1994 sóttu þau um og fengu síðan lífræna vottun á allan búreksturinn árið 1996.

Um fjörutíu mjólkandi kýr eru á Neðra-Hálsi sem framleiða 150 þúsund lítra af mjólk á ári. Árið 1998 hóf Mjólkursamsalan framleiðslu á lífrænni mjólk frá Neðra-Hálsi en vildi ekki fara út í fleiri lífrænar afurðir. Úr varð að Kristján og Dóra ákváðu að stofna fyrirtækið Biobú árið 2002. „Við gerðum þá samning við MS um að kaupa þá lífrænu mjólk sem ekki var notuð hjá þeim,“ útskýrir Kristján, sem hætti í grænmetisrækt um þetta leyti og einbeitti sér að mjólkurframleiðslu.

Fyrst um sinn var framleidd jógúrt í Biobú en síðan hafa nokkrar vörutegundir bæst við á borð við gríska jógúrt, skyr og það nýjasta er lífrænt smjör, mysuís og rjómaís sem koma á markað innan fárra vikna.

Kristján segir reksturinn ganga ágætlega. „Kreppan sverfur vissulega að en við munum lifa hana af,“ segir hann glaðlega og bætir við að lífrænir bændur standi ágætlega að vígi miðað við aðra þar sem tilbúinn áburður hefur hækkað mikið í verði.

Inntur eftir því hvort þeim hafi ekki tekist að smita fleiri bændur af hinum lífræna áhuga segir Kristján: „Menn eru almennt jákvæðir en eitthvað stendur í þeim, þeir eru ekki tilbúnir að sleppa áburðinum.“ Hins vegar segir hann kreppuástandið örugglega verða til þess að menn skoði þessa hluti af meiri alvöru. *- sg*

# Úrvals ostar úr íslenskri sauða- og geitamjólk

Brie-ostar úr íslenskri geita- og sauðamjólk hafa verið framleiddir undanfarin ár hjá MS í Búðardal. Mjólkin var drýgð með kúamjólk þar til fyrir um ári þegar farið var að framleiða ostana úr hreinni geita- og sauðamjólk.

„Okkur finnst það meira ekta,“ segir Jóhannes H. Hauksson, ostameistari í Búðardal. „Fram að þessu hefur framboðið af mjólkinni ekki verið mikið en geitamjólkin kemur nær eingöngu frá Jóhönnu á Háafelli. Sauðamjólkin kemur víðar að, bæði að norðan og vestan. Við framleiðum því ekki mikið magn í einu en það hefur ekki verið vandamál að selja vöruna. Ostarnir þykja mjög góðir.“

Magnið í einu er það lítið að safna þarf mjólkinni í frost áður en framleiðsla getur hafist. Ostarnir eru síðan framleiddir eins og hefðbundnir brieostar. Jóhannes segir gæði íslenskra osta einstök.

„Hráefnið er frábært. Við framleiðum eingöngu mygluosta hér í Búðardal og erum með tvær tegundir í sölu í Bandaríkjunum, Höfðingja og Dímon. Bandaríkjamennirnir smökkuðu líka geitabrie-ostinn og spurðu strax hvað þeir gætu fengið mikið af honum, við værum ekki í vandræðum með að selja meira af þessari vöru.“ *- rat*





UPPLÝSINGAR UM
NÁM OG RÁÐGJÖF
FYRIR ATVINNULAUSA

# MENNTATORG

# ATVINNULAUS?

Föstudaginn 6. mars gefst þér tækifæri á að fá gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf á Menntatorgi sem haldið er á vegum samstarfshóps um menntunarúrræði. Fjölbreytt dagskrá.

**FÖSTUDAGINN 6. MARS**
**SKEIFUNNI 8, 2. HÆÐ**
**FRÁ KL. 14:00 - 18:00**

## DAGSKRÁIN

### ÖRNÁMSKEIÐ

Hvert námskeið er 45 mínútur

- Viðbrögð við atvinnumissi — kl. 14:00
- Að koma sér á framfæri — kl. 14:30
- Parketlagnir — kl. 14:30
- GPS staðsetningartæki — kl. 14:30
- Svefn og svefnbætandi ráð — kl. 15:00
- Ítölsk matargerð — kl. 15:30
- Lagnaþekking — kl. 15:30
- Ferilskrá – hvað skiptir máli? — kl. 15:30
- Létt axla- og höfuðnudd — kl. 16:00
- Úrbeining kjöts — kl. 16:30
- Málmsuða – kynning — kl. 16:30
- Langar þig í nám? — kl. 16:30
- Myndirnar þínar í tölvu — kl. 17:00

### VINNUSTOFA

Hugmyndavinna um úrræði og bætta þjónustu vegna atvinnuleysis

- Vinnustofa 1 — kl. 15:00
- Vinnustofa 2 — kl. 16:00

### NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

frá kl. 14:00 til 18:00

- Námsframboð
- Áhugasviðsgreiningar
- Ferilskrárgerð
- Möguleikar á einstaklingsviðtölum
- Hagnýt ráð í starfsleit
- Raunfærnimat

### KYNNINGAR OG REYNSLUSÖGUR

Hver kynning er 20 mínútur

- Menntatorg.is – vefur um nám opnar — kl. 14:00
- Upplýsingar um stofnun fyrirtækja — kl. 14:30
- Náms- og starfsráðgjöf — kl. 15:00
- Raunfærnimat — kl. 15:30
- Vottaðar námsleiðir — kl. 16:00
- Úrræði fyrir lesblinda — kl. 16:30
- Nýttu kraftinn — kl. 17:00
- Deiglan, atvinnu- og þróunarsetur — kl. 17:30

### UPPLÝSINGATORG

frá kl. 14:00 til 18:00

- Nýsköpunarmiðstöð
- Starfsmenntasjóðir
- Fjarnám á framhaldsskólastigi
- IÐAN- fræðslusetur
- Mímir-símenntun
- Hitt húsið
- Námsflokkar Reykjavíkur
- Námsflokkar Hafnarfjarðar
- Framvegis
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Starfsmennt

### ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFA VINNUMÁLASTOFNUNAR

frá kl. 14:00 til 18:00

- Náms- og starfsráðgjöf
- Námssamningar
- Starfsþjálfun og reynsluráðning
- Námsstyrkir og námskeið

**MENNTATORG** verður haldið í Skeifunni 8, 2. hæð
frá kl. 14:00 til 18:00. Barnahorn og veitingar.
Allir velkomnir!

MENNTATORG
www.menntatorg.is

DAGSVERK.IS / FRAE0109

# Lóan er komin í spiladós




Bíum bíum inniheldur 24 lög, íslenskar vísur og dægurlög útsett fyrir spiladós, meðal annars Lóan er komin. MYND/ÚR EINKASAFNI

Geisladiskurinn Bíum bíum inniheldur vögguvísur og lög útsett fyrir spiladós. Diskurinn kom út síðasta haust og útsetur Halldór Warén, tónlistarmaður á Egilsstöðum, lögin á diskinn auk þess að spila þau. Hugmyndin að diskinum kviknaði þegar Halldór var í fæðingarorlofi og leiddist að þurfa að trekkja spiladósina upp aftur og aftur.

„Í upphafi ætlaði ég bara að taka upp spiladósir og fékk lánaðar yfir tuttugu spiladósir með mismunandi lögum. Hljómurinn var hins vegar misjafn og svo auðvitað mikið af amerískum vögguvísum í dósunum,“ segir Halldór. Hann og kona hans, Agnes Brá Birgisdóttir, settust því niður og skrifuðu niður lög og vísur sem þeim þóttu falleg, bæði íslenskar vögguvísur og dægurlög. Halldór lagðist síðan í rannsóknarvinnu á takti spiladósanna og hljómi sem hann segir sérstakan.



„Hljómurinn er mekanískur en samt ekki. Ég spilaði lögin síðan inn sjálfur á hljómborð í tvennu lagi, undirspilið sér og svo laglínuna“

Bíum bíum er alíslensk framleiðsla en öll prentvinna er unnin í héraðinu. Íris Lind Sævarsdóttir, frænka Agnesar, teiknaði myndirnar við vísurnar og bróðir Halldórs, Villi Warén, hannaði grafík. „Þegar diskurinn var svo tilbúinn í haust fannst mér ég hafa gert minnst í honum,“ segir Halldór. Hann sat þó sjálfur við að fjölfalda diskinn og líma saman umslagið fram á nætur. Diskinn selja Halldór og Agnes í versluninni Börn náttúrunnar á Skólavörðustíg í Reykjavík en einnig í gegnum heimasíðu sína, www.warenmusic.com, þar sem hægt er að panta diskinn og fá hann sendan heim inn um lúguna. *- rat*

Íris Lind Sævarsdóttir teiknaði myndirnar á diskinn.



Textar með öllum lögunum fylgja svo hægt er að synga með.



Jón Karlsson og Baldvin Jónsson hafa nú opnað dyr Bergiðjunnar að Smiðshöfða, þar sem þeir smíða margt sem áður fékkst í Bergiðjunni við Klepp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Jón hefur árum saman fengist við að smíða undurfögur skipa- og húsalíkön.

# Listasmíðar Bergiðjunnar

**Dúkkuhús, minigolf, hundastigar og skipslíkön eru meðal þess sem Bergiðjan skapar í nýjum heimkynnum .**

„Við ætluðum að taka yfir Bergiðjuna, þegar sú óskiljanlega ákvörðun var tekin að hætta rekstri hennar á Kleppi, en þegar kreppan skall á var lokað á öll ný úrræði hjá félagsmálaráðuneytinu þannig að við ákváðum að bíða ekki lengur, heldur stofna Bergiðjuna á nýjum stað,“ segir Baldvin Jónsson sem nú, ásamt Jóni Karlssyni, opnaði aftur á Smiðshöfða 12 í Reykjavík. Þar smíða þeir margt af því sem Bergiðjan var þekktust fyrir, eins og minigolf, tröppur og stigakolla, hundastiga og leikföng, enda báðir reyndir starfmenn Bergiðjunnar áður.



Dúkkuhús á þremur hæðum, þar sem hugarflug ræður útfærslum lita og innréttinga.

„Við keyptum talsvert af vélum gömlu Bergiðjunnar og þar á meðal stigavélarnar. Stigarnir hafa notið mikilla vinsælda iðnaðarmanna, sem og annarra, og eins eru hundastigar vinsælir fyrir eigendur eldri hunda sem eru orðnir þungir og svifaseinir, og koma að góðum notum þegar koma þarf þeim upp í bíla og annað,“ segir Jón, þar sem hann leggur lokahönd á gullfallegt skipslíkan.

„Ég hef smíðað líkön skipa og húsa til nokkurra ára, mest heima á stofuborði, og alltaf verið að biðja mig um þetta. Þetta skip smíðaði ég eftir teikningum gamla skipsins Eldborgar, en merkti það til gamans nýjum eiganda á Sægreifanum,“ segir Jón sem ólst upp við sjóinn og stórútgerð föður síns í Sandgerði.

Í nýju Bergiðjunni starfa þrír listasmiðir að fjölbreyttri smíðavinnu, en einnig taka þeir að sér byggingu sumarbústaða, smíði stiga upp í kojur og viðgerðir á útileiktækjum og minni leiktækjum. Síðast en ekki síst smíða þeir dásamleg dúkkuhús sem freista flestra stúlkna.

„Ég sá svipað dúkkuhús á netinu sem ég teiknaði upp og smíðaði; mest til að leika mér, en síðan hefur orðsporið breiðst út og ég haldið áfram smíðunum,“ segir Baldvin sem selur húsin ómáluð því skemmtilegast sé fyrir fólk að innrétta þau í sameiningu með börnum sínum.

Bergiðjan er opin virka daga og öllum velkomið að líta við og gera góð kaup á smíðum hússins, ásamt því að leggja inn sérpantanir. *- þlg*






BRÚNÁS innréttingar

Brúnás–innréttingar eru íslensk hönnun og íslensk framleiðsla, framleiddar af trésmíðaverkstæði Miðás hf. á Egilsstöðum. Þær eru hannaðar af Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni innanhússhönnuðum sem reka saman Go Form design studio í Reykjavík.

Í sýningarsal og verslun Brúnás-innréttinga, Ármúla 17a í Reykjavík, býðst viðskiptavinum fagleg þjónusta og ráðgjöf innanhússhönnuða við val á Brúnás–innréttingum. Sýningarsalur er svo einnig á Egilsstöðum að Miðási 9, í sömu byggingu og framleiðslan fer fram í. Þar er einnig að finna aðalskrifstofu fyrirtækisins.

Miðás 9, 700 Egilsstaðir, sími: 470 1600, fax: 471 1074
Ármúli 17a, 108 Reykjavík, sími: 588 9933, fax: 588 9940



Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið


# Bleiur fyrir montrassa

Taubleiur njóta síaukinna vinsælda og hefur síður en svo dregið úr þeim eftir að kreppan skall á. Grafíski hönnuðurinn Hlín Ólafsdóttir selur heimasaumaðar bleiur á vefsíðunni www.montrassar.net og segist varla anna eftirspurn.

„Ég byrjaði að sauma bleiur fyrir dóttur mína en fór svo að bjóða þær til sölu fyrir um hálfu ári síðan. Í framhaldinu setti ég upp vefsíðu sem ég hef ekki náð að klára sökum anna.“

Hlín saumar bæði bleiuhulstur, eða cover, og vasableiur. Ytra lag vasableiunnar er gert úr svokölluðu PUL-efni sem er vatnshelt polyester. Það er svo fóðrað með flísefni, pólyester eða bambus. Í bleiuna má setja venjulegar taubleiur eða innlegg úr microfiber og hampi sem draga vel í sig. Viðskiptavinir Hlínar geta valið saman hulstur, fóður og smellur og býður hún upp á allt frá einlitum bleium yfir í regnboga- og hlébarðamunstur.

Hlín tekur við pöntunum einu sinni í mánuði og segir hún þeim rigna inn. „Ég hef ekkert auglýst og hefur fiskisagan bara flogið,“ segir Hlín sem saumar bleiurnar á gamla TOYOTA-saumavél móður sinnar.

Spurð segir Hlín fyrst og fremst hafa ákveðið að snúa sér að margnota bleium til að vernda umhverfið en þegar upp er staðið segir hún þær auk þess mun ódýrari kost. Hún segir passlegt að eiga um tólf bleiur og að þannig sé hægt að komast upp með að þvo annan hvern dag. „Við Íslendingar höfum aðgang að nægu vatni og ódýru rafmagni og hér eru því kjöraðstæður til að nota margnota bleiur.“ *- ve*

Hægt er að velja saman hulstur, fóður og smellur í hinum ýmsu litum og er boðið upp á allt frá einlitum bleium yfir í regnboga- og hlébarðamunstur.






EXPO - www.expo.is



Farmers Market er ungt íslenskt hönnunarfyrirtæki sem selur nú vörur sínar í verslunum víða um heim.

„Við leggjum áherslu á að nota náttúruleg hráefni með íslensku ullina í öndvegi. Í línunni eru ýmiskonar skírskotanir í íslenska arfleið og sveitarómantík svífur yfir vötnum.“

– Bergþóra Guðnadóttir
hönnuður

















Farmers Market
iceland
handwash gently

Verslun opin mánudaga - föstudaga kl.11-18

www.farmersmarket.is

**FARMERS MARKET** | Eyjarslóð 9 (bakinngangur) | 101 Reykjavík | sími 552 1960

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Glæsilegt heilnudd. Langar þig í nudd hringdu í s. 662 0841.

**- Heilunarnámskeið - Dáleiðsla - Bowen -**
www.lifoglikami.is - Brynjólfur Einarsson Bowen tæknir - S. 866 0007.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Heilnudd Heilnudd.

Uppl. í s. 616 7232.

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

Vinsælu Comfort ferðanuddbekkirnir. Nokkrir eftir á gamla verðinu. Uppl. 8916447 Óli.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Námskeið



Lærðu að hlaupa á léttari máta með Smart Motion hlaupastílnum. www.smartmotion.org

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

**Leiklistarnámskeið í Iðnó**
**Skemmtilegt, lærdómsríkt og ódýrt skyndinámskeið fyrir fólk á öllum aldri, þó ekki yngra en 16 ára. Námskeiðið hefst sunnudaginn 8. mars. Nemendur fá tilsögn í leikspuna, persónusköpun, raddbeitingu, framsögn, tjáningu og hreyfingum á leiksviði. Möguleiki á að hæfileikafólki verði boðið að koma fram á sýningum Light Nights í sumar. Nánari uppl. í s. 551 9181. Ferðaleikhúsið, Kristín G. Magnús.**

Langar þig að halda námskeið en vantar aðstöðu? Hafðu samband við okkur. Netvistun sími 414-5500

## Ökukennsla

**Ökukennsla. Akstursmat. Endurtökupróf. S. 893 4515.**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/euro raðgreiðslur.**

Gallerí Voff

Auglýsir eftir hundaþjálfara eða einstaklingi 30ára eða eldri með ódrepandi áhuga á hundum. Komdu með hundinn þinn í Gallerí Voff sunnud.8/3 kl:14:00 og sæktu um.

**Fiskar**
Óska eftir sikleu pari eða síkleum. Upplýsingar í síma 864 5290.

Gefins tveir kettir. Högni og læða. 11 mánaða, geldir og örmerktir. S: 8686341

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Vantar grásleppu úthald í sæmilegu standi. S. 894 0878.

Óska eftir byssu CAL 22-250. Uppl. í s. 892 7314.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

husaleiga.is

Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

**Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**
**Upplýsingar í síma 699 6464.**

**Góð 2ja her. íbúð í 109 Rvk.**
**Langtímaleiga.**
**Upplýsingar í síma 699 6464.**

**www.leiguherbergi.is**
**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar ☎ 517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði www.LMH.is. Sími 517 0150.

Herb. með húsgögnum til leigu á 25 þús. á mán. á sv. 107. S. 662 4272.

**TIL LEIGU.**
ný, glæsileg 92 fm, 2ja herb íbúð í Garðabæ, fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin er laus nú þegar. Upplýsingar í síma 693-7304

Stúdíó með sér baði og garði og stórt herbergi til leigu með öllu frá 15. mars. Í Garðabæ. internet fylgir. Uppl. s. 847 7147 & 534 6713

4 herb. 148 fm. Endaraðhús m/bílskúr í Njarðvík. V 120 þús á mán. Uppl í s 772 1742.

Rooms for rent in 101 Rvk from 45.000. Access to all facilities. 6993236.

3ja herbergja íbúð til leiguv. 95þ. + ramagn og hiti. Uppl. í s. 848 3763.

4 herbergja íbúð til leigu í 109 (Seljahverfi). 100fm. Verð 120 þúsund með hússjóði hægt er að fá einhver húsgögn. S: 8222594 Róbert

2herb íbúð á 1.hæð í Mjóuhlíð 105Rvk, 90þ. rafm&hiti ekki innifalið. s:6604526,

Lítið einbýlishús á góðum stað á svæði 109. Uppl. í s. 894 2456

Í Mosfellsbæ 2ja herb íb 65 m2 með rafm.hita, ísskáp,þvottavél allt sér 80.000 á mán.Laus. Páll 8960415

Stór glæsileg 3.herb 100fm.íbúð á Völlunum í Hfj. Stæði í bílageymslu, uppþvottavél, ískápur o.fl. o.fl. Verð 150 þús. Uppl. í síma 496 0706.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir litilli 2 herb. íbúð á sv. 101 fyrir unga stúlku. Reyklaus. S. 696 5900.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 150 fm iðnaðarhúsnæði á Skemmuvegi. Stórar innkeyrsludyr. Lofthæð 370 cm. Uppl. í s. 699 0778.

Iðnaðarbil til leigu í Hafnarfirði, stærðir frá 85 ferm. Hagstæð leiga. Uppl. 8224200

## Geymsluhúsnæði

Til leigu glæsileg 4ra herb. íbúð með bílskúr við Fallahvarf í Kóp. Íbúðin er laus strax. Verð 150.000. Nánari uppl. í síma 898 1010.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu. Annað hvort á Álftanesi eða í Hafnarf. Uppl. í s. 694 2329

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

3ja herb íbúð í Reykjavík - skammtímaleiga. www.123.is/gisting eða 8998220

Tvö pör 30 ára vantar íbúð á Akureyri um páskana. Frekari upplýsingar í síma 849 7979, Hanna.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Pizza Hut

**Vaktstjóri á Pizza Hut**
Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: Stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Allir stjórnendur Pizza Hut fá alþjóðlega stjórnendaþjálfun. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 25 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari upplýsingar veitir Þórey veitingastjóri í síma síma 822-3642

**Veitingahús Nings - Framtíðarstarf**
**Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 22 ára eða eldri, hafa hreint sakavottorð og íslenskumælandi.**
**Endilega hafið samband í síma 822 8840 eða www.nings.is**

Viltu vinna heima og hafa góðar tekjur? Skoðaðu myndböndin á þessari síðu og sjáðu hvort þetta henti þér. www.aukaaur.com

Vanur bakari óskast, fjölbreytt starf í boði hjá Veislunni veitingareldhús. Uppl. í s. 821 1030 Ísak.

**Bar / skemmtistaður**
Óskar eftir dyravörðum og barþjónum í vaktavinnu. Áhugasamir hafi samband í síma 697 8333.

Vantar mann með leyfi til að styrkleikaflokka timbur. Uppl. gefur Halldór í s. 840-7273

Hefur þjóðin efni á að nýta fiskimiðin eins og gert er í dag ? Þar er gríðarleg eyðilegging í gangi af völdum veiðafæra öflugra skipa. Fiskistofnanir gefa bara lítið brot af því sem þeir gætu gefið okkur. Nýttum við miðin meira með smábátum, gæfi það þjóðinni margfalt fleiri störf og meiri tekjur. Aðalsteinn Agnarsson.

## Atvinna óskast

**Sogsverk ehf.**
**Byggingarfyrirtæki, gerum allt inni sem og úti. Erum með stillasa, málum. Vinnum í Grímsnesi, Selfossi og Reykjavík. S. 893 7649.**

Viðskiptafræðingur tekur að sér bókhald, uppgjör, skattskil og fl. fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki. Uppl. í síma 8929599

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Þjónusta




## NÝ TÆKI



**EP FD25 2,5 t. Diesel lyftari**
Hús með miðstöð, hæð 2188 mm.
Lyftigeta 2500 kg. • Hæð á mastri 2160 mm. • Frílyfting 1575 mm.
Lyftihæð 4800 mm.
3200 cc Nissan mótor
Verð: **2.400.000**.- án vsk.
**2.988.000**.- m. vsk.



**EP FD 35 3,5 t. Dieasel lyftari**
Hús með miðstöð, hæð 2188 mm.
Lyftigeta 3500 kg. • Hæð á mastri 2160 mm. • Frílyfting 1575 mm.
Lyftihæð 4800 mm.
3200 cc Nissan mótor
Verð: **2.700.000**.- án vsk.
**3.361.500**.- m. vsk.



**Ausa D150 mini búkolla**
25 ha. vatnskældur Kubota mótor
Burðargeta 1500 kg. • Lengd 3,20 mtr.
Breidd 1,5 mtr. • Eigin þyngd 1375 kg.
Vökvaskipt
Verð: **2.700.000**.- án vsk.
**3.361.500**.- m. vsk.



**Ifor Wiliams GD84 jeppakerra**
Burðargeta 1100 kg. • Dekk 650R-16
Breidd 1255mm. • Lengd 2500 mm.
Blaðfjaðrir, bremsur og varadekk
Verð: **380.000**.- án vsk.
**473.100**.- m. vsk.



**EPT 20-13M Brettatjakkur**
Lyftigeta 1300 kg.
Heildarlengd 1570 mm.
Stiglaus keyrsla
Verð: **299.000**.- án vsk.
**372.255**.- m. vsk.



**EP ES12-12E Staflari**
Lyftigeta 1200 kg.
Lyftihæð 3600 mm.
Byggingarhæð 2335 mm.
Stiglaus keyrsla
Verð: **650.000**.- án vsk.
**840.375**.- m. vsk.

**EP ES16-16E Staflari**
Lyftigeta 1600 kg.
Lyftihæð 4000 mm.
Byggingarhæð 2535 mm.
Stiglaus keyrsla
Verð: **710.000**.- án vsk.
**883.950**.- m. vsk.

VÉLAVER HF
**Sími 588 2600**
**www.velaver.is**

## Til sölu




;ALLT MATUR
Alla föstudaga

## Tilkynningar




## Úthlutanir úr IHM-sjóði

Í samræmi við reglur um ráðstöfun greiðslna frá Innheimtumiðstöð gjalda auglýsir RSÍ hér með eftir umsóknum um fjárframlög úr svonefndum IHM-sjóði Rithöfundasambandsins.

Rétt til úthlutunar eiga rithöfundar, leikskáld, þýðendur og handritshöfundar verka sem flutt hafa verið í sjónvarpi eða hljóðrituð **síðustu tvö almanaksár.** Um úthlutun geta sótt allir þeir sem telja sig eiga rétt, án tillits til félagsaðildar. Höfundum handrita fræðslu- og heimildarmynda er bent á að sækja um til Hagþenkis - félags höfunda fræðirita og kennslugagna.

**Með umsóknum fylgi yfirlit um birt verk umsækjanda í sjónvarpi eða hljóðvarpi 2007 og 2008, taka skal fram lengd flutnings í mínútum og hlutfall ef höfundar eru fleiri en einn.**

Umsóknir skulu berast Rithöfundasambandi Íslands, Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík **fyrir 20. mars nk. rsi@rsi.is**

## Auglýsing um starfsleyfistillögur

Með vísan til 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eða mengandi starfsemi, munu starfsleyfistillögur neðangreinds fyrirtækis liggja frammi hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14, 1. hæð, frá 5. mars til 5. apríl 2009.

| Fyrirtæki/gildistími starfsleyfis í árum: 12 | Almenn skilyrði | Sértæk skilyrði | Staðsetning |
|---|---|---|---|
| Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis | X | X | Skotvöllur í Álfsnesi |

**Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:**

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.

2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.

3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

**Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendast Reykjavikurborg - Umhverfis- og samgöngusviði, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, fyrir 5. apríl 2009.**

## Tilkynningar

### Niðurstaða samvinnunefndar um verulega breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, fyrir vestur hluta Kársnes í Kópavogi.

Á fundi samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem haldinn var þann 27. febrúar 2009 var í samræmi við 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 7371997, samþykkt tillaga að verulegri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 fyrir Kársnes í Kópavogi.

Breytingin nær yfir vestur hluta Kársness og felur í sér að nýr byggðareitur fyrir blandaða byggð til 2024 verður skilgreindur vestast á nesinu. Hann mun ná yfir núverandi iðnaðar- og hafnarsvæði auk nýrra 4 ha landfyllinga vestast á Kársnesi. Tillagan felur jafnframt í sér breytingar á töflum 3.1 og 3.2 í greinargerð svæðisskipulagsins um fjölda íbúða og stærð atvinnuhúsnæðis. Fjöldi íbúða eykst um 550 og stærð atvinnuhúsnæðis í "Kópavogi vestur" minnkar um 10.000 m². Heildarfjöldi íbúða í "Kópavogi vestur" verður eftir breytingu 9.800. Heildarstærð atvinnuhúsnæðis í "Kópavogi vestur" verður eftir breytingar 606.000 m² í stað 616.000 m².

Ofangreind tillaga er breyting á áður auglýstri tillögu og er með því brugðist við framkomnum athugasemdum og ábendingu. Breytingin felur í sér að dregið hefur verið úr fyrirhuguðum landfyllingum á svæðinu sem nemur 9 ha (úr 13 ha í 4 ha) og íbúðum hefur verið fækkað um 250 (úr 800 í 550).

Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir taka afstöðu til tillögu samvinnunefndarinnar innan sex vikna en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt tillöguna.

Tillagan ásamt greinargerð með athugasemdum, ábendingum og umsögn er til sýnis á skrifstofum sveitarfélaganna sem standa að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins; hjá Skipulagsstofnum á Laugavegi 166 í Reykjavík á skrifstofutíma og á skrifstofu SSH Hamraborg 9 2. Hæð til 22. Apríl 2009. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu Kópavogs www.kopavogur.is.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



**Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.**

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttaúttektir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.

Atvinnublaðið
fylgir alltaf með Helgarblaðinu!

Allt sem þú þarft






**VEITINGASTAÐIR** Á öllum veitingastöðum Eldsmiðjunnar er hægt að sitja til borðs og njóta veitinga í notalegu umhverfi **HEIMSENDING** Við bjóðum upp á heimsendingu í flest hverfi Reykjavíkur (sjá www.eldsmidjan.is) **TAKE AWAY** þjónusta er að sjálfsögðu á öllum okkar stöðum, einfalt og þægilegt, enda eitt pöntunarnúmer Gott að muna... **562 3838**

**JÓSEF STALÍN EINRÆÐISHERRA LÉST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1953.**

*„Eitt dauðsfall er harmleikur; milljón dauðsföll eru tölfræði.“*

***Stalín var um áratugaskeið einvaldur í Sovétríkjunum og framdi eitt af stærri þjóðarmorðum mannkynssögunnar.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. MARS 1946

## *Churchill heldur járntjaldsræðu*

Fyrir sextíu og þremur árum síðan hélt Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar, fræga ræðu þar sem hann nefndi járntjaldið í fyrsta skipti.

Nasistaforinginn Joseph Goebbels var fyrstur til þess að vísa til þess að járntjald kæmi yfir Evrópu eftir heimsstyrjöldina í stefnuyfirlýsingu sem hann gaf út í þýska tímaritinu Das Reich í febrúar 1945. Ethel Snowden notaði hugtakið í bókinni Through Bolshevik Russia árið 1920 en járntjaldshugtakið varð hins vegar fyrst almennt eftir að Churcill notaði það í járntjaldsræðunni 5. mars 1946.

Járntjaldið var heiti á þeim sálrænu, hugmyndafræðilegu og oft efnislegu landamærum sem skiptu Evrópu í tvennt frá lokum síðari heimsstyrjaldar 1945 til 1991 eða þar um bil. Á sama tíma hvarf hugtakið Mið-Evrópa nánast úr umræðunni en járntjaldið skipti Evrópu í Austur-Evrópu annars vegar og Vestur-Evrópu hins vegar. Í Austur-Evrópu þess tíma voru Sovétríkin og önnur Varsjárbandalagslönd en í Vestur-Evrópu voru þau Evrópulönd sem voru aðilar að NATO.



## MERKISATBURÐIR

**1638** Frakkland og Svíþjóð gera með sér Hamborgarsamninginn sem kvað á um greiðslu Svía fyrir hernaðaraðgerðir gegn Habsborgurum.

**1865** Kirkjan á Möðruvöllum í Hörgárdal brennur.

**1932** Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur starfsemi.

**1933** Nasistaflokkurinn í Þýskalandi fær 44 prósent greiddra atkvæða í þingkosningum.

**1970** Ísland gerist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu.

**1971** Alþýðubankinn hefur starfsemi sína. Hann varð síðar hluti af Íslandsbanka.

## AFMÆLI



**JÓN ORMUR HALLDÓRSSON** stjórnmálafræðingur er 55 ára.



**SIGURÐUR VALUR SVEINSSON** handknattleiksmaður er fimmtugur.



**MC SOLAAR,** franskur rappari, er 40 ára.



**JOHN FRUSCIANTE,** gítarleikari Red Hot Chili Peppers, er 39 ára.



**EVA MENDES,** bandarísk leikkona, er 35 ára.



**BJARNI ÞÓR VIÐARSSON** knattspyrnumaður er 21 árs.

## Hagsmunaaðilar brjóta lög



Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum skora á almenning að senda inn ábendingar um brot á áfengislögum á heimasíðu sína.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að í tilefni tuttugu ára afmælis bjórsins á Íslandi í vikunni hafi, sem fyrr, áfengisauglýsingum verið beint sérstaklega að börnum og unglingum. Þrátt fyrir fjölda dóma vegna sambærilegra auglýsinga brjóti hagsmunaaðilar lögin daginn út og inn að því er virðist átölulaust.

Sem fyrr segir hvetja samtökin almenning til að sýna hug sinn í verki og senda inn ábendingar á foreldrasamtok.is.



†

**Þorlákur Jónsson**

frá Kiðjabergi,
Kistuholti 3, Biskupstungum,

lést 26. febrúar. Útförin fer fram frá Skálholtskirkju föstudaginn 6. mars kl. 14.00. Jarðsett verður á Stóru-Borg. Fyrir hönd samferðamanna og vina,

**Sigríður Stefánsdóttir, Bræðratungu.**



†

*Bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Arnór Karlsson**

fyrrum bóndi á Bóli,
síðar Arnarholti í Biskupstungum,
Bjarkarbraut 10 í Bláskógabyggð,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 25. febrúar sl., verður jarðsunginn frá Skálholtsdómkirkju laugardaginn 7. mars og hefst athöfnin kl. 14.00. Jarðsett verður í Torfastaðakirkjugarði.

**Systkini hins látna og aðrir venslamenn.**



**ÞAKKLÆTI OG ÁHUGI** Guðmunda segist finna fyrir miklu þakklæti og áhuga frá erlendum konum á Íslandi vegna nýs verkefnis sem Félag háskólakvenna á Íslandi hefur tekist á hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÉLAG ÍSLENSKRA HÁSKÓLAKVENNA:** DÝRÐLEGIR DAGAR MEÐ ERLENDUM KONUM

# Styrkja erlendar konur á Íslandi til náms og starfa

„Félag íslenskra háskólakvenna hefur í gegnum tíðina styrkt íslenskar konur til háskólanáms. Nú hefur hins vegar verið brotið blað í sögu félagsins þar sem við höfum ákveðið að styðja erlendar konur á Íslandi en oft eru þetta konur sem eiga hvergi annars staðar rétt á stuðningi til náms og starfa hérlendis,“ segir Guðmunda Smáradóttir, sem situr í stjórn Félags íslenskra háskólakvenna, og heldur áfram: „Verkefnið kallast Félagsvinur - Mentor er málið og er hugsað til næstu fimm ára í samvinnu við Alþjóðahúsið. Þá ætlar félagið að styðja erlendar konur með fjárstyrk og enn fleiri með félagsstuðningi.“

Í dag er haldinn fræðslufundur á Hótel Holti, í Þingholti, frá klukkan 8.30 til 10 þar sem erlendar konur segja frá löngun sinni til að læra eða fá menntun sína metna að heiman og von sinni að kynnast íslenskum konum og samfélagi. „Þar með fer verkefnið af stað en Ása Hauksdóttir frá Rauða krossinum mun segja frá verkefninu og Ingibjörg Hafstað, kennslustjóri frá Alþjóðahúsinu, verður með framsögu þar sem hún segir frá kynnum sínum og reynslu af erlendum konum. Alþjóðahúsið er í beinum tengslum við þessar konur og bendir okkur á einstaklinga sem eru kannski í hvað mestri þörf,“ segir Guðmunda áhugasöm. „Þá pörum við saman erlenda konu og íslenska eftir áhuga og þörfum, haldið er stutt námskeið og þeim fylgt eftir. Íslenski mentorinn hittir síðan félagsvin sinn einu sinni í viku,“ útskýrir hún og segist finna fyrir miklum áhuga og þakklæti.

Til að standa undir kostnaði eru allir fræðslufundir félagsins fjáröflunarfundir þar sem aðgangseyrir ásamt félagsgjöldum renna í styrktarsjóðinn. „Öll fjáröflun er til þess að styrkja þessar konur og einnig munum við leita eftir styrkjum frá fólki og fyrirtækjum. Um leið njótum við fræðslu og félagsskapar á fundum og eflum tengslanetið,“ segir Guðmunda.

Nú þegar hefur verið haldinn einn fræðslufundur á þessu ári en hann var fyrir um mánuði síðan. „Þá var Anna Gunnarsdóttir hjá okkur sem er fyrsta konan til að verða barnaskurðlæknir á Íslandi. Hún sagði okkur frá lífi sínu og starfi með börnum og var það afskaplega fróðlegur fundur. Næsti fundur er eins og fyrr segir kynning á nýju stuðningsverkefni okkar við erlendar konur en 2. apríl verður morgunverðarfundur með Kristínu Völu Ragnarsdóttur, doktor í jarðefnafræði og forseta verkfræði- og náttúruvísindafræðasviðs Háskóla Íslands,“ segir Guðmunda og nefnir að félagið leggi sig fram við að kynna þær flottu konur sem náð hafa langt á sínu sviði hér á landi.

„Síðan má ekki gleyma vorfundinum 30. maí en þá snæðum við hádegisverð saman og Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri á einum stærsta vinnustað landsins, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, kemur og segir frá því hvernig var að flytja heim frá Noregi og takast á við krefjandi starf. Þar kynnumst við nýrri konu í framlínunni,“ segir hún og bætir við: „Við hvetjum alla áhugasama til að mæta á fræðslumorgnana en þeir eru opnir öllum og ekki er skylda að vera í félaginu. Við erum þakklátar fyrir allan stuðning og auk þess er sérstaklega gaman að hittast á Hótel Holti og fá sér morgunverð saman,“ segir Guðmunda og brosir. **hrefna@frettabladid.is**

**NAFNIÐ MITT:** BLÆNGUR SIGURÐSSON

# *Langar í kaffibolla með Blængjum landsins*

„Þetta er gamalt, íslenskt nafn sem pabbi kaus að gefa mér við skírnarfontinn, því hann vildi að ég héti sérstöku og sjaldgæfu nafni, sem reyndar hefur enn haldist til dagsins í dag," segir Blængur Sigurðsson, verslunarstjóri tískuverslunarinnar G-Stars, um fágætt nafn sitt, en aðeins fimm Íslendingar bera nafnið samkvæmt heimildum Þjóðskrár.

„Blængur þýðir hrafn og kemur upprunalega fyrir í Íslendingasögunum. Sem barni þótti mér undarlegt að heita því, en fór svo að fíla það eftir því sem ég eltist og finnst það passa mjög vel við mig í dag; ekki síst útlits míns vegna, enda svarthærður," segir Blængur og minnist atviks þegar hann var að vaxa úr grasi.

„Þá spurði mig ókunnur maður til nafns og ég svaraði vitaskuld kurteislega, en hann trúði mér ekki, því nafnið var svo sjaldgæft. Eftir talsvert þref endaði með því að hann bað mig um skilríki nafninu til sönnunar, en þetta þótti broslegt eftir á. Enn verður fólk gáttað þegar ég segi til nafns og þykir nafngiftin skrýtin og sérstök, en nafnið venst vel."

Blængur segist ekki enn hafa hitt fyrir nafna sína, utan hvað hann rakst á unglinginn Blæng á Fésbókinni, sem er sá eini sem hlotið hefur nafnið á eftir honum.

„Ég hef svosem pælt í því að stofna félag um okkur Blængina, því það gæti orðið skemmtilegt, en ekki enn látið verða af því. Það yrði vægast sagt undarlegt að taka í höndina á manni einn daginn og heyra hann kynna sig sem Blæng. Ég hugsa að ég yrði hreinlega að fá mér kaffibolla með honum," segir Blængur og skellihlær. **- þlg**



Blængur ber nafn með rentu, enda dökkur yfirlitum sem hrafn. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Safnið á Hólminn komið

Kynningarsýning á verkum og munum í eigu Haraldar Sigurðssonar eldfjallafræðings verður opnuð í Bíóhúsinu í Stykkishólmi í sumarbyrjun. Meðal þess sem þar verður til sýnis eru listaverk tengd eldgosum, bækur og fræðirit tengd sama efni sem og munir frá helstu rannsóknarslóðum Haralds eins og til dæmis Pompei á Ítalíu, Tambora á Indónesíu og á Galapagoseyjum.

Fyrir fjórum árum bauð Haraldur íslenska ríkinu safnið að gjöf og bauðst ríkið þá til að flytja munina hingað til lands. Haraldur sagði í viðtali við Fréttablaðið síðasta sumar að hann hefði orðið fyrir vonbrigðum að síðan hefði það mál sofnað í nefnd. „Nú hefur heimabær hans Stykkishólmur tekið við keflinu og hleypur undir bagga með þessa kynningarsýningu og vonandi verður það til þess að málið komist á rekspöl aftur," segir Steinþór Sigurðsson sýningarstjóri og bróðir eldfjallafræðingsins.

Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri segir að sýningin standi að minnsta kosti fram yfir sumar og að kostnaður vegna hennar sé um 15 milljónir. „En þetta er auðvitað mjög mikils virði fyrir okkur, annars værum við ekki að þessu," segir hún.

Haraldur er meðal þekktustu eldfjallafræðinga heims en kenningar hans um ástæður þess að risaeðlur dóu út hafa vakið heimsathygli og eins fundur hans á þorpinu Tambora sem hvarf undir ösku og hraun eftir sprengigos árið 1815.



Kynningarsýning á verkum og munum í eigu eldfjallafræðingsins Haraldar Sigurðssonar verður opnuð í heimbæ hans í sumarbyrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---



*Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma, og systir,*

**Sjöfn Halldórsdóttir**

frá Þverholtum, Ánahlíð 2, Borgarnesi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 24. febrúar sl. Hún verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 7. mars kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Halldór Sigurðsson** | **Guðrún Samúelsdóttir** |
| **Arilíus Sigurðsson** | **Ingibjörg Þorsteinsdóttir** |
| **Inga Lilja Sigurðardóttir** | |
| **Hrafnhildur Sigurðardóttir** | **Andrés Jóhannsson** |
| **Ámundi Sigurðsson** | **Ragnheiður Guðmundsdóttir** |
| **Hilmar Sigurðsson** | **Þóra Þorgeirsdóttir** |
| **Ásdís Sigurðardóttir** | **Bjarki Jónasson** |
| **Jóhanna Sigurðardóttir** | **Ríkharður Örn Jónsson** |
| **Ingibjörg Sigurðardóttir** | **Valgeir Þór Magnússon** |
| **Ásta Margrét Sigurðardóttir** | **Tómas Þórðarson** |

**barnabörn, barnabarnabörn og systkini hinnar látnu.**

---



*Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför bróður okkar og frænda,*

**Ragnars Jóns Magnússonar**

flugvélstjóra.

Sérstakar þakkir til Flugvirkjafélags Íslands fyrir umhyggju og sýnda virðingu.

**Guðbjörg Magnúsdóttir Thorarensen**
**Anna Danielsen**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Áskær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Örn Ingólfsson**

Heiðarvegi 21a, Keflavík,

lést þriðjudaginn 3. mars á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Jarðarförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Lovísa Jóhannsdóttir** | |
| **Ingólfur Arnarson** | |
| **Linda Arnardóttir** | **Sveinn Sveinsson** |
| **Pétur Jónsson** | |
| **Signý Arnardóttir** | **Sigurður Heimisson** |
| **Elín Arnardóttir** | **Bjarni Gunnólfsson** |

**og barnabörn.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Þorláksson**

lögfræðingur,

sem lést 28. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 6. mars kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Anna Sigurveig Ólafsdóttir** | **Björn Magnússon** |
| **Ragna Ólafsdóttir** | **Jón Árnason** |
| **Emil Ólafsson** | **Lara Arroyo** |
| **Sunna Ólafsdóttir** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og jarðarför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu, systur og mágkonu,*

**Elfu Fanndal Gísladóttur.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Heiðarbæ, hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, fyrir einstaka umönnun og mannkærleika.

| | |
|---|---|
| **Njáll Harðarson** | |
| **Gísli Freyr Njálsson** | |
| **Linda Ýr Njálsdóttir** | **Giovanni Sotgia** |
| **Thor Falco og Gaia Sol Sotgia** | |
| **Íris Fanndal Gísladóttir Merwin** | **Paul Merwin** |
| **Kári Fanndal Guðbrandsson** | **Sigrún Sigurpálsdóttir** |

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þorvaldur Þorvaldsson**

Arnarkletti 30, Borgarnesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness, mánudaginn 2. mars.

**Sigríður Björk Þórisdóttir**

| | |
|---|---|
| **Svanhildur Margrét Ólafsdóttir** | **Jón Þór Þorvaldsson** |
| **Þórir Valdimar Indriðason** | **María Hrund Guðmundsdóttir** |
| **Anna Heiðrún Þorvaldsdóttir** | **Samúel Helgason** |
| **Þorvaldur Ægir Þorvaldsson** | |

**og afabörn.**

---



*Sendum öllum okkar innilegustu þakkir sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurgeirs Þorvaldssonar**

fyrrverandi lögregluþjóns, Stapavöllum 6, Njarðvík.

**Guðrún Finnsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Margrét Sigurgeirsdóttir** | **Erling Ólafsson** |
| **Jóhanna María Sigurgeirsdóttir** | **Guðni Jóhannes Georgsson** |
| **Þorfinnur Sigurgeirsson** | **Hélène Liette Lauzon** |
| **Þórir Sigurgeirsson** | **Ásdís Ósk Valsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Regína Jónsdóttir**

verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 7. mars kl. 14.00.

**Fyrir hönd vandamanna,**

| | |
|---|---|
| **Elva Regína Guðbrandsdóttir** | **Friðleifur Björnsson** |
| **Alma Elisabet Guðbrandsdóttir** | **Páll Hólm Þórðarson** |
| **Bryndís Sif Guðbrandsdóttir** | **Þorsteinn Símonarson** |
| | **Jón Sigurðsson** |

---



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Valgerðar Sóleyjar Ólafsdóttur**

frá Jörfa.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Vífilsstaða fyrir frábæra umönnun.

| | |
|---|---|
| **Sigurður B. Viggósson** | **Sigrún Ársælsdóttir** |
| **Eiríkur E. Viggósson** | **Jóhanna Hauksdóttir** |
| **Alda Viggósdóttir** | **Sigurður P. Sigurjónsson** |
| **Björg Viggósdóttir** | **Baldvin Hafsteinsson** |
| **Ólafur A. Viggósson** | **Theodóra S. Þorsteinsdóttir** |

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Þorsteinsdóttir**

frá Hrauni, Tálknafirði,

verður jarðsungin frá Tálknafjarðarkirkju laugardaginn 7. mars kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Birgir Aðalsteinsson** | **María Jónsdóttir** |
| **Þorsteinn Aðalsteinsson** | **Svandís Jeremíasdóttir** |
| **Guðrún Aðalsteinsdóttir** | **Ástráður Ö. Gunnarsson** |
| **Ingibergur Aðalsteinsson** | |
| **Stella Aðalsteinsdóttir** | **Örn Þórisson** |

**ömmubörn og langömmubörn.**

---



*Eiginmaður minn,*

**Guðmundur Helgi Þórðarson**

læknir, Smáraflöt 5, Garðabæ,

er látinn. Útför auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Lóa Stefánsdóttir.**






NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

# Bleikt og blátt

Fermingarárstíðin er hafin. Fermingarbörn hafa setið í fræðslu í vetur og foreldrar og börn eru komin af stað í undirbúningi veislna sem þykir tilhlýðilegt að halda þennan dag. Mig rámar í að hafa þurft að gefa mitt álit á servíettum, en held að valið hafi staðið á milli hvítra servíettna með eða án myndar af fermingarbarni. Svo lagði ég blessun mína yfir kransaköku og keypti hvíta blúnduhanska.



Úrval af veislubúnaði ýmiss konar er afar mikið núna, alls konar litir í boði fyrir börnin. Frétti af einu fermingarbarni á ferð um síðustu helgi. Stúlkan sú hafði fyrirfram ákveðið að blár litur skyldi ráða ríkjum á hennar fermingarborði, en þegar í verslanir var komið runnu á hana tvær grímur. Skreytt veisluborð blöstu við en þau með bláa litnum voru öll miðuð við stráka, með strákaáletrunum. Ekki að furða að hún velti fyrir sér hvort blátt væri ekki við hæfi stúlkna. Kyngreining lita er svo sem ekki ný af nálinni, nýfæddum börnum er smellt í galla eftir kyni, strákum í bláa, stelpum í bleika. Þannig hefur það verið lengi, en ég held að hin ógurlega litagreining nútímans hafi bara farið vaxandi, bleikir kjólar á stelpur, bláir gallar á stráka. Enda dregur fólk sjálfkrafa þær ályktanir ef maður er með barn í bláum galla að þar sé strákur á ferð.

Þetta lýsir auðvitað miklu hugmyndaleysi, og sömu sögu má segja um stelpu- og strákaskreytingarnar á fermingarborðum. Litir eru auðvitað hið meinlausasta form aðgreiningar kynja, en verra er þegar hlutverk fylgir með: strákar eiga að fíla bíla og bolta, stelpur brúður og ballett.

Ábyrgð foreldra liggur í að gera krökkunum okkar ljóst að allt er í boði, öðruvísi verður jafnrétti ekki náð. Og er það ekki það sem við viljum öll á nýja Íslandi?

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





NÓATÚN
Heitur matur í hádeginu
Ferskir í fiski
Úr fiskborði
Lax í heilu
690
kr. kg
40%
afsláttur
Úr fiskborði
Laxasneiðar
790
kr. kg
30%
afsláttur
Úr fiskborði
Laxaflök beinhreinsuð
1190
kr. kg
ÚTSALA Á LAXI!
Heitur með heim
Grillaður kjúklingur
998
kr. stk.
Úr kjötborði
Lambafram-hryggjasneiðar
1398
kr. stk.
Ýsubitar, roð- og beinlausir
998
kr. kg
Homeblest 400g
199
kr. pk.
Coke 1L
3 fyrir 2
Casa Fiesta vörur á tilboði!
15%
afsláttur
Doritos 2 tegundir
259
kr. pk.
Cocoa Puffs 465 g
469
kr. pk.
Sýrður rjómi
15%
afsláttur
2 í pakka
Colgate tannkrem 2x75 ml
699
kr. pk.
Umhverfisvænir pokar
Vita ruslapokar
25%
afsláttur
Iceberg jöklasalat
449
kr. kg
Paprika rauð og græn
399
kr. kg
KÍKTU Á HEIMASÍÐU NÓATÚNS:
www.noatun.is
NÓATÚN
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

**!** **Kl. 12.00**
*Diddú heldur einsöngstónleika í Hafnarborg í dag. Á efnisskránni eru aríur eftir Bellini, Donnesetti og Dvorak. Undirleik annast Antonía Havesi.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Flækjur symbólismans greiddar



Íslenskur symbólismi er yfirskrift fyrirlestra, umræðna og ljóðalesturs sem skáldið og sýningarstjórinn Sjón mun standa fyrir í Hafnarhúsinu í tengslum við sýninguna Skuggadrengur - Alfreð Flóki í kvöld kl. 20. Tveir framsögumenn flytja erindi, þeir Benedikt Hjartarson og Guðni Elísson, og einnig verður lesið úr ljóðum og textum Sigfúsar Blöndal, Huldu, Sigurðar Nordal, Jóhanns Gunnars Sigurðssonar, Davíðs Þorvaldssonar og fleiri. Hálfri klukkustund fyrir dagskrána, kl. 19.30, mun Sirra Sigurðardóttir, verkefnastjóri fræðsludeildar, vera með leiðsögn um sýningu Alfreðs Flóka.
Benedikt kallar erindi sitt „Unaðssemdir menningar á fallanda fæti: Alfreð Flóki og fagurfræði dekadensins.“ Hann segir fáa íslenska listamenn hafa unnið jafn markvisst með hugmyndalegan og fagurfræðilegan arf þeirra strauma sem koma fram í evrópskri menningu um aldamótin 1900 og Alfreð Flóki og skyggnist inn í táknheim listamannsins og uppsprettur hans í sjónrænni menningu og bókmenntum evrópsks symbólisma og dekadens kannaðar. Sjónum verður beint sérstaklega að slagorðinu „hnignun“ eða „dekadens“ sem kemur upphaflega fram sem níðyrði um nýjungar í bókmenntum og listum um miðja 19. öld.
Guðni Elísson segir frá fulltrúum þeirrar hreyfingar sem kennd er við aldarlokin (fin de siècle) sem koma fram á sjónarsviðið á Íslandi á öðrum áratugi aldarinnar. Þetta er lokaskeið íslenskrar nýrómantíkur og er þróuninni frá appolloniskri viljahyggju umbótaskáldanna til díónýsíkrar nautnahyggju nú lokið. - pbb



**> Ekki missa af …**

**Ellen Kristjánsdóttir** og **Eyþór Gunnarsson** halda tónleika í Borgarneskirkju í kvöld kl. 20. Á efnisskrá eru ýmis þekkt lög af ferli Ellenar í bland við þjóðlög, sálma og nýtt efni af væntanlegum diski sem Ellen vinnur að þessa dagana.

# Alli Nalli og tunglið

Alli Nalli er kominn á svið. Sögur Vilborgar Dagbjartsdóttur af drengnum komu fyrst út árið 1959. Það var fyrsta barnabókin sem Vilborg Dagbjartsdóttir skrifaði og jafnframt fyrsta bókin sem kom út eftir hana. Það er því fimmtíu ára afmæli hennar sem höfundar sem hleypir leiksýningunni af stað en Möguleikhúsið frumsýnir á sunnudag verk sem byggist á sögunum þremur um Alla Nalla. Frumsýningin er á sunnudag kl. 14 í Gerðubergi.

Pössunarpíurnar Ólína og Lína eru mættar til að stytta ykkur stundir næstu þrjá stundarfjórðungana. Þær vita fátt betra en að vera með börnum, fara með þeim í leiki og gera annað skemmtilegt. Þær hafa líka ýmsar sögur að segja af honum Alla Nalla, sem var fyrsti krakkinn sem þær pössuðu. Þótt Alli Nalli væri oftast góður og þægur átti hann stundum til að vera pínulítið óþekkur eins og aðrir krakkar. Eins og til dæmis þegar hann harðneitaði að borða grautinn sinn á kvöldin. Þá gaf mamma hans tunglinu grautinn og tunglið stækkaði og stækkaði…



**LEIKLIST** Anna Brynja Baldursdóttir og Alda Arnardóttir í Alla Nalla og tunglinu.

Bókinni um Alla Nalla og tunglið fylgdu barnabækurnar Sögur af Alla Nalla og Labbi pabbakútur, en það eru einkum þessar þrjár sem leiksýningin byggist á. Í annarri útgáfu fyrstu bókanna tveggja voru þær myndlýstar að nýju af Gylfa Gíslasyni myndlistarmanni. Vilborg hafði þá um langt árabil haldið úti barnasíðu í Þjóðviljanum en sögurnar af litlu stráknum hennar eru sérstakur kapituli í höfundarverki hennar.

Frumsýningin markar einnig upphafið á samstarfi Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og Möguleikhússins en leikhúsið missti húsnæði sitt í fyrra.

Sýningin er ætluð áhorfendum á aldrinum 1 til 8 ára og tekur 45 mínútur í flutningi. Leikstjóri er Pétur Eggerz, tónlist er eftir Kristján Guðjónsson en leikmynd og búningar eftir Messíönu Tómasdóttur. Leikarar eru Alda Arnardóttir og Anna Brynja Baldursdóttir. pbb@frettabladid.is

# Arnar sýnir í Start Art

Í dag verða nýjar sýningar opnaðar í galleríinu Start Art á Laugavegi. Þar eru á ferðinni Arnar Herbertsson í Forsal, Guðrún Öyahals á Loftinu, Björk Viggósdóttir í Austursal niðri og þær Anna Eyjólfsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir og Þuríður Sigurðardóttir í Austur- og Vestursal uppi.

Mestum tíðindum sætir sýning á nýjum verkum Arnars Herbertssonar en hann hóf feril sinn á sjöunda áratugnum í skjóli SÚM.

Arnar fæddist á Siglufirði árið 1933 og stundaði nám í Myndlistaskólanum í Reykjavík frá 1959-1967.

Myndir Arnars hafa þróast til nokkuð sérstæðs myndheims. Í þeim er oft að finna sálrænan þankagang, þar sem myndir eru innan og utan við tíma og rúm og notkun tákna er ríkjandi. Súrrealískur myndheimur og andrúmsloft tímaleysis einkennir verk Arnars sem hefur haldið fáar einkasýningar á ferlinum en tekið þátt í þeim mun fleiri samsýningum hérlendis og erlendis. Aðalsteinn Ingólfsson skrifar inngang að sýningu Arnars og segir þar meðal annars: „Í heimi myndlistarlegrar ofgnóttar er sem betur fer enn hægt að finna verk sem eru svo sérstök – eða hreint og beint sérviskuleg – að þau koma manni fyrir sjónir eins og sendingar frá annarri plánetu. Í þeim flokki eru tvímælalaust verk Arnars Herbertssonar, sem illu heilli verður að teljast einn af huldumönnum íslenskrar nútímamyndlistar. Ekki svo að áhorfandinn velkist í vafa um meginþætti þessara verka, sjálfa tæknilegu hliðina eða grunneiningar þeirra. Hér er um að ræða nostursamlega málaðar olíumyndir á panel, þar sem myndmálið dregur dám af ýmsu því sem við könnumst við, til að mynda úr strangflatamálverki sjötta og sjöunda áratugarins og úr draumaveröld symbólista og súrrealista, kannski líka úr véltæknilegum fantasíum Eduardos Paolozzi.



**MYNDLIST** Eitt verka Arnars á sýningunni í Start Art.

Nýting Arnars á þessari arfleifð – eða efniviði – er hins vegar fordæmalaus; minnir helst á aðferðir sundurgreinandi (analýtískra) kúbista. Í verkum hans sem byggjast upp á samspili eintóna flata eru allir möguleikar uppi á borðinu og nýttir til hins ítrasta: hefðbundin árétting tvíviðra flata, umritun flatanna í þrívídd, svif þeirra um ómælisvíddir eða skipan þeirra í óhagganleg mynstur sem minna um margt á mynsturmálverk áttunda áratugarins.“ pbb@frettabladid.is







ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 7/3 | kl. 14:00 | U | Lau 28/3 | kl. 14:00 | U | Sun 19/4 | kl. 17:00 | U |
| Lau 7/3 | kl. 17:00 | U | Lau 28/3 | kl. 17:00 | U | Lau 25/4 | kl. 14:00 | U |
| Sun 8/3 | kl. 14:00 | U | Sun 29/3 | kl. 14:00 | U | Lau 25/4 | kl. 17:00 | U |
| Sun 8/3 | kl. 17:00 | U | Sun 29/3 | kl. 17:00 | U | Sun 26/4 | kl. 14:00 | U |
| Lau 14/3 | kl. 14:00 | U | Lau 4/4 | kl. 14:00 | U | Sun 26/4 | kl. 17:00 | U |
| Sun 15/3 | kl. 14:00 | U | Lau 4/4 | kl. 14:00 | U | Sun 3/5 | kl. 14:00 | U |
| Sun 15/3 | kl. 17:00 | U | Sun 5/4 | kl. 17:00 | U | Sun 3/5 | kl. 17:00 | U |
| Lau 21/3 | kl. 14:00 | U | Sun 5/4 | kl. 17:00 | U | Þri 5/5 | kl. 18:00 | U |
| Lau 21/3 | kl. 17:00 | U | Lau 18/4 | kl. 14:00 | U | Sun 10/5 | kl. 14:00 | U |
| Sun 22/3 | kl. 14:00 | U | Lau 18/4 | kl. 17:00 | U | Sun 10/5 | kl. 17:00 | U |
| Sun 22/3 | kl. 17:00 | U | Sun 19/4 | kl. 14:00 | U | Lau 16/5 | kl. 14:00 | U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu



Hart í bak (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 5/3 | kl. 20:00 | U | Lau 14/3 | kl. 20:00 aukas. | U | Mið 25/3 | kl. 20:00 aukas. | Ö |
| Fös 6/3 | kl. 20:00 | U | Mið 18/3 | kl. 20:00 | U | Mið 1/4 | kl. 20:00 aukas. | |

Aukasýningar í sölu, sýningum lýkur í apríl

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 13/3 | kl. 20:00 frums. | U | Fim 26/3 | kl. 20:00 4.sýn. | | Fim 16/4 | kl. 20:00 7.sýn. | |
| Fim 19/3 | kl. 20:00 2.sýn. | | Fös 27/3 | kl. 20:00 5.sýn. | | | | |
| Fös 20/3 | kl. 20:00 3.sýn. | | Fös 3/4 | kl. 20:00 6.sýn. | | | | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús LHÍ



Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 7/3 | kl. 13:00 | U | Lau 14/3 | kl. 14.30 | | Lau 28/3 | kl. 13:00 | U |
| Lau 7/3 | kl. 14:30 | | Lau 21/3 | kl. 13:00 | | Lau 28/3 | kl. 14:30 | |
| Lau 14/3 | kl. 13:00 | Ö | Lau 21/3 | kl. 14:30 | | | | |

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mán 16/3 | kl. 21:00 fors. | Ö | Fim 19/3 | kl. 21:00 fors. | Ö | Fim 26/3 | kl. 21:00 | |
| Þri 17/3 | kl. 20:00 fors. | Ö | Fös 20/4 | kl. 21:00 frums. | U | Fös 27/3 | kl. 21:00 | |


EKKI MISSA AF KRASSANDI LEIKHÚSVEISLU.
SÝNINGARTÍMI ER TAKMARKAÐUR.
„Þetta er flott sýning og Kjartansleg í kompósisjón."
PBB. Fréttabl.
„Afar vel unnin sýning, kröftug og skemmtileg og vekur áhorfandann til umhugsunar."
IÞ Mbl.
MILLJARÐAMÆRIN SNÝR AFTUR
„Sýning Kjartans Ragnarssonar leikstjóra … og félaga er metnaðarfull og glæsileg."
SA. TMM
„þungavigtarverk… fín sýning, ljúfsár og umhugsunarverð, falleg og ljót, fyndin og harmræn."
ÞES, Víðsjá
„Þar fer fremst í flokki Sigrún Edda Björnsdóttir …afrek"
JVJ. DV
04/03 UPPSELT
05/03 UPPSELT
06/03 UPPSELT
11/03 UPPSELT
12/03 Ö
15/03 Ö
19/03 Ö
20/03
26/03
29/03
02/04
03/04
Sett upp í samstarfi við
Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið


GRIZZLY BEAR


U2

## > Í SPILARANUM

Grizzly Bear - Veckatimest
Great Lake Swimmers - Lost Channels
Bonnie „Prince" Billy - Beware
Black Lips - 200 Million Thousand
U2 - No Line on the Horizon

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Fatboy Slim í meðferð

Breski plötusnúðurinn Fatboy Slim hefur skráð sig í meðferð í heimalandi sínu til að vinna bug á áfengisfíkn sinni. Umboðsmaður kappans staðfesti þetta. „Þetta er ekkert leyndarmál. Hann fór sjálfviljugur til að leysa þetta áfengisvandamál sitt," sagði hann.

Orðrómur var uppi um að Slim, sem heitir réttu nafni Norman Cook, hafi farið í áfengismeðferð 2002 en hann vísaði því alfarið á bug. Fatboy hefur gert fimm hljóðversplötur á ferli sínum, síðast hina væntanlegu Here Lies Love sem hann samdi með David Byrne úr Talking Heads.

Á meðal vinsælustu laga hans eru Praise You, Right Here Right Now og The Rockafeller Skank sem komu öll út á annarri plötu hans, You´ve Come A Long Way Baby, frá árinu 1998. Hún seldist eins og heitar lummur en síðan þá hefur ferill hans smám saman verið á niðurleið.


**FATBOY SLIM** Plötusnúðurinn Fatboy Slim, eða Norman Cook, hefur skráð sig í meðferð. NORDICPHOTOS/GETTY




## > Plata vikunnar

Jóhann Jóhannsson - Fordlândia

★★★★

„Tónlistin á Fordlândiu er einhvers staðar á mörkum sígildrar tónlistar, kvikmynda- og raftónlistar, en fyrst og fremst er hún falleg og áhrifarík." TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Harðhausar í sérflokki*

Það er oftast gaman á tónleikum, en stundum verður maður vitni að einhverju sem hefur það mikil áhrif á mann að það helst skýrt í minningunni í mörg ár eftir atburðinn sjálfan. Þannig var það með tónleika New Jersey-dúósins Dälek í Iðnó 10. september 2005. Þeir félagar komu þar fram á tónlistarhátíðinni Orðið tónlist sem bauð einnig upp á fína frammistöðu Ghostigital, Kimono o.fl., en þessar sveitir féllu samt alveg í skuggann.

Dälek er skipuð rapparanum dälek og taktasmiðnum og upptökustjóranum Oktopus. Þeir skera sig nokkuð úr tónlistarlega og spila harða blöndu af hip-hoppi og hávaðasömu tilraunarokki. Þeir hafa unnið með Ghostigital, – komu við sögu í laginu Black Sand á In Cod We Trust plötunni og eru á mála hjá sama plötufyrirtæki vestanhafs, Ipecac sem Mike Patton og Greg Werckman, fyrrum forsprakki Alternative Tentacles, reka.


**EFTIRMINNILEGIR** Tónleikar harðhausanna í Dälek Iðnó 2005 eru enn í fersku minni.

Tónleikarnir í Iðnó voru gríðarlega kraftmiklir. Dagskrá Dälek var nær algerlega án hlés milli laga og hávaðinn var mikill. Það var engu líkara en Oktopus hamraði á tækjunum og orkan hjá dälek var engu minni. Plötur Dälek standa fyrir sínu líka þó að þessi líkamlega orka sem stafar frá þeim félögum í návígi sé auðvitað ekki til staðar. Fyrir nokkrum vikum kom fimmta platan þeirra í verslanir. Hún heitir Gutter Tactics og er í ætt við fyrri plöturnar. Orkusprengja. „Eins og hiphop spilað með krafti Melvins eða Black Sabbath," sagði einhver. Það má kannski til sanns vegar færa. Þeir eru algjörlega í sérflokki. Þegar dälek var spurður út í tónlistina nýlega sagði hann það alltaf hafa verið eitt af einkennum hip-hoppsins að leita í tónlist annarra og finna þar eitthvað sem maður gerir að sínu eigin. „Afrika Bambaataa notaði brot frá Kraftwerk og við sækjum í Faust eða My Bloody Valentine."

PARKETLAGNIR - PARKETSLÍPUN
veldu fagmenn til verksins
www.fip.is
FÍP
félag íslenskra parketmanna
tryggir viðskiptavinum faglega og góða þjónustu

Bifreiðaeigendur athugið!
Tímareimaskipti.
Bremsuviðgerðir.
Kúpplingsviðgerðir.
Smurþjónusta.
Tímapantanir í síma
5355826
FRAMTAK
BLOSSI ehf
Drangahrauni 1 – 220 Hafnarfirði – Sími 535 5822


**HELGI HRAFN JÓNSSON** Tónlistarmaðurinn Helgi Hrafn Jónsson hefur gefið út sína aðra sólóplötu, For the Rest Of My Childhood. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ofdekraður í ævintýraleit

**Helgi Hrafn Jónsson hefur sent frá sér sína aðra plötu, For the Rest Of My Childhood. Platan hefur fengið frábærar viðtökur í skandinavískum fjölmiðlum, þar á meðal 5 af 6 í tónlistarritinu GAFFA.**

For the Rest Of My Childhood kom út í Skandinavíu í október og hefur Helgi verið á stanslausu tónleikaferðalagi síðan þá. Í raun hefur hann verið á túr síðustu átján mánuði og skipt þar tíma sínum á milli hins færeyska Teits, Sigur Rósar og danska básúnuleikarans Tinu Dico. Bæði hefur Helgi hitað upp fyrir þau og leikið með þeim uppi á sviði. „Mér finnst mjög gaman að spila með öðru fólki. Maður fær að spila alls konar tónlist og jafnframt get ég komið minni tónlist á framfæri," segir Helgi Hrafn. „Mér finnst ég vera orðin ofdekraður því allt þetta fólk er búið að byggja upp sinn feril á mörgum árum og byggja upp góðan áhorfendahóp. Ég hef fengið tækifæri til að spila fyrir ótrúlega áhorfendur sem eru ekki að drekka sig fulla eða öskra í eyrað á næsta manni. Þetta ár í fyrra var algjört ævintýri."

Langar tónleikaferðir sem þessar hafa samt sína ókosti. „Það er rosalega gaman á svona túrum en það vonda við þá er að þeir skipta lífinu upp í tvennt. Annars vegar er það þessi bóla að vera á túr og síðan er það hitt lífið sem manni þykir vænt um. Það fer algjörlega í rugl og maður missir taktinn. Það getur haft afdrifaríkar afleiðingar eins og ég hef komist að á síðustu vikum."

Á síðustu tónleikaferð sinni um Skandinavíu var Helgi orðinn aðalnúmerið í fyrsta sinn á ferlinum. „Ég var í fyrsta skiptið undir eigin nafni og með eigin bönd til að hita upp fyrir mig, sem er stórt skref tónlistarlega. Í fyrsta lagi þarf maður að spila miklu lengur og í öðru lagi eru menn komnir til að hlusta á þig en ekki öfugt, sem er meiri pressa en mjög gaman."

Helgi flutti til Íslands haustið 2007 eftir að hafa verið í tónlistarnámi í Austurríki og byrjaði þá fljótlega á nýju plötunni. Kláraði hann megnið af henni á fjórum til fimm mánuðum og er mjög ánægður með útkomuna. „Þó að ég sé stoltur af fyrstu plötunni þá var ég dálítið mikið að reyna að finna mína eigin rödd. Hún fór svolítið um víðan völl og þessi nýja plata gerir það örugglega líka en mér fannst bara svo ótrúlega gaman að gera hana," segir hann.

Helgi ætlar að fylgja plötunni vel á eftir á þessu ári og er á leið í þriggja vikna tónleikaferðalag um Bandaríkin. Þar mun hann hita upp fyrir Tinu Dico á átta tónleikum og aðstoða hana við upptökur í New York á tónlist við danska bíómynd. Í maí fer hann síðan í tveggja vikna tónleikaferð um Þýskaland. Í millitíðinni heldur hann útgáfutónleika í Iðnó í byrjun apríl þar sem Íslendingar fá tækifæri til að hlusta á hugljúfa popptónlist hans og angurværa röddina. freyr@frettabladid.is

# Útgáfudegi flýtt um mánuð

Rokktríóið Yeah Yeah Yeahs hefur ákveðið að flýta útgáfudegi sinnar þriðju plötu, It´s Blitz!, um rúman mánuð. Ástæðan kemur fáum á óvart, eða leki á netinu, sem virðist nánast ómögulegt að koma í veg fyrir.

Platan verður gefin út stafrænt 9. og 10. mars og á geisladiski 31. mars og 6. apríl. Upphaflega átti platan að koma út um miðjan apríl en þau áform eru farin út um þúfur. „Leyndarmálið hefur verið opinberað eftir að It´s Blitz! slapp úr klónum á okkur og út í hinn stóra og vonda heim. Hvers vegna ættu sumir að fá að hlusta á plötuna en aðrir ekki?" sagði á heimasíðu sveitarinnar. „YYY hefur verið að springa úr æsingi yfir því að gefa plötuna út. Svona leki er óþolandi en við ráðum ekki við hann."

Til að fylgja henni eftir ætlar hljómsveitin í umfangsmikla tónleikaferð um Evrópu í kjölfar þátttöku sinnar í Coachella-hátíðinni 19. apríl. Fyrstu tónleikarnir verða í Manchester 22. apríl og er þegar uppselt á þá. Þrjú ár eru liðin síðan önnur plata Yeah Yeah Yeahs kom út, Show Your Bones.


**YEAH YEAH YEAHS** Söngkonan Karen O og Nick Zinner úr Yeah Yeah Yeahs. NORDICPHOTOS/GETTY


MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10:00!
SPARISJÓÐURINN Í KEFLAVÍK OG VÍKING KYNNA MEÐ STOLTI
MINNINGARTÓNLEIKAR
Rúnar Júlíusson
2. MAÍ Í LAUGARDALSHÖLL
ÁHÖFNIN Á HALASTJÖRNUNNI • BJARTMAR GUÐLAUGSSON • BJÖRGVIN HALLDÓRSSON
BUFF • DEEP JIMI AND THE ZEP CREAMS • EIRÍKUR HAUKSSON • HJALTALÍN • MEÐLIMIR HLJÓMA
JÓHANN HELGASON • KARLAKÓR KEFLAVÍKUR • KRUMMI • KK • LIFUN • PÁLL ÓSKAR
UNUN & HELGI BJÖRNS • SÁLIN HANS JÓNS MÍNS • STUÐMENN • MEÐLIMIR TRÚBROTS
TÓNLISTARSTJÓRI: ÞÓRIR BALDURSSON • SVIÐSSETNING & HANDRIT: BJÖRN G. BJÖRNSSON
SÉRSTAKIR GESTIR
BALDUR & JÚLÍUS SYNIR RÚNARS
MARÍA BALDURSDÓTTIR EKKJA RÚNARS
BARNABÖRN RÚNARS
SPARISJÓÐURINN
Sparisjóðurinn í Keflavík
VÍKING
BYLGJAN 989
Miðasala á midi.is
og á sölustöðum Miða.is
& bravó!




# bíó

bio@frettabladid.is

### > FOX Í JONAH HEX

Fegurðardísin Megan Fox, sem sló í gegn í Transformers, hefur ákveðið að leika í tveimur myndum byggðum á teiknimyndasögum. Sú fyrri er vestri sem nefnist Jonah Hex þar sem hún leikur á móti Josh Brolin en sú síðari heitir Fathom og er byggð á samnefndri sögu.



## Willis í löggugríni

Bruce Willis og Tracy Morgan úr þáttunum 30 Rock og Saturday Night Live leika aðalhlutverkin í gamanmyndinni A Couple of Cops sem verður fyrsta stórmyndin sem Kevin Smith leikstýrir. Myndin fjallar um löggur sem leita að stolnu hafnaboltaspjaldi, bjarga mexíkóskri fegurðardís og glíma við hina ýmsu glæpamenn. Myndin átti upphaflega að heita A Couple of Dicks og með aðalhlutverkin áttu að fara Robin Williams og James Gandolfini úr The Sopranos en ekkert varð af því.

Willis sést næst á hvíta tjaldinu í vísindatryllinum The Surrogates og Morgan leikur í endurgerð bresku myndarinnar Death at a Funeral.


**BRUCE WILLIS** Willis hefur tekið að sér aðalhlutverkið í gamanmyndinni A Couple of Cops.


**GRAN TORINO** Eastwood leikur pirraðan nágranna, uppfullan af kynþáttafordómum, í Gran Torino.

# Líklega síðasta hlutverkið

**Clint Eastwood hefur lýst því yfir að hlutverk hans í Gran Torino verði hugsanlega hans síðasta á ferlinum. Sjónarsviptir verður af honum á hvíta tjaldinu því slíkir harðjaxlar eru ekki á hverju strái í Hollywood.**

Í Gran Torino, sem verður frumsýnd á morgun, leikur Eastwood þrjóskan hermann á eftirlaunum sem er uppfullur af fordómum gagnvart asískum nágrönnum sínum. Kornið sem fyllir mælinn er þegar einhver reynir að stela bílnum hans Gran Torino frá árinu 1972.

Myndin, sem Eastwood leikstýrir einnig, fær mjög góða dóma, eða 8,4 af 10 á Imdb.com og 80% á Rottentomatoes.com, og greinilegt að sá gamli hefur engu gleymt. Vilji hann hætta í leiklistinni getur hann alla vega snúið sér að leikstjórninni sáttur við sitt lokaverk. Eastwood, sem verður 79 ára í maí, er líklega þekktastur fyrir tvö hlutverk á ferli sínum. Annars vegar sem þögull byssubrandur í spaghettí-vestrum Sergio Leone og hins vegar sem löggan Dirty Harry sem kallaði ekki allt ömmu sína. Einnig vakti hann snemma athygli í sjónvarpsþáttunum Rawhide, eða á árunum 1959 til 1965 þar sem hann lék í 217 þáttum.

Önnur hlutverk koma upp í hugann eins og William Munny í Óskarsverðlaunamyndinni Unforgiven, Robert Kincaid í hinni rómantísku The Bridges Over Madison County og nú síðast sem hnefaleikaþjálfarinn Frankie Dunn í Million Dollar Baby.

„Þetta verður líklega síðasta hlutverkið mitt," sagði Eastwood í viðtali í tilefni af Gran Torino. „Í hvert skipti sem maður leikur í mynd hugsar maður, „jæja, þetta er orðið gott". Mér líður nefnilega alltaf mjög vel á bak við myndavélina," sagði hann. „Það var gaman að leika í þessari mynd en ég held ég leiki ekki í mörgum í viðbót. Ég hef verið ánægður með þær myndir sem ég hef ekki leikið í."

Þess má geta að fimmtán ár eru liðin síðan hann leikstýrði sjálfum sér ekki í bíómynd, eða í In the Line of Fire sem Wolfgang Petersen leikstýrði. freyr@frettabladid.is

### TÍU BESTU HLUTVERKIN:

- Million Dollar Baby (2004)
- The Bridges of Madison County (1995)
- Unforgiven (1992)
- Pale Rider (1985)
- Escape From Alcatraz (1979)
- Dirty Harry (1971)
- Play Misty For Me (1971)
- The Good, the Bad and the Ugly (1966)
- For a Few Dollars More (1965)
- A Fistful of Dollars (1964)



**CLINT EASTWOOD** Harðjaxlinn hefur að öllum líkindum leikið sitt síðasta hlutverk á ferlinum, enda verður hann brátt áttræður. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hundagrín og borgarastyrjöld

Jennifer Aniston og Owen Wilson leika aðalhlutverkin í gamanmyndinni Marley & Me sem verður frumsýnd á morgun. Myndin sat í tvær vikur á toppnum vestanhafs um jólin enda þykir hún lauflétt og skemmtileg.

Marley & Me fjallar um par sem fær sér lítinn hvolp, Marley, sem verður allsráðandi og yfirgengilegur þegar hann stækkar. Hundurinn er taugaveiklaður og nánast brjálaður en parið elskar hann samt og vill ekki gefa hann frá sér. Marley er ótrúlega uppátækjasamur og fyndinn og dafnar sérlega vel hjá fjölskyldu sinni. Myndin fær ágæta dóma, eða 7,3 af 10 á Imdb.com og 61% á Rottentomatoes.com.

Á undan myndinni Gran Torino verður frumsýnd í Háskólabíói klukkan 20 í kvöld stuttmyndin Aldrei stríð á Íslandi eftir Braga Þór Hinriksson. Myndin gerist í miðri borgarastyrjöld í Reykjavík eftir byltinguna miklu. Þar kljást stríðandi fylkingar í landi sem aldrei hefur átt her og tilgangsleysið verður skýrt í augum hermanns sem hefur aldrei drepið mann.


**MARLEY & ME** Þessi hressilega gamanmynd verður frumsýnd á morgun.

# Fermingar – Föt á alla fjölskylduna



Fermingarkjólar
Ýmis merki



Fermingarjakkaföt
Verð frá 19.990.-

| | |
|---|---|
| Skyrtur frá | 2990.- |
| Vesti frá | 5990.- |
| Bindi frá | 1390.- |

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

> SÉR EFTIR HÚÐFLÚRINU

Söngkonan Lily Allen dauðsér eftir því þegar hún og Lindsay Lohan fengu sér sams konar húðflúr á dögunum. Stöllurnar létu húðflúra áletrunina „Shhh…“ á vísifingur sína í síðasta mánuði. Lily komst nýlega að því að söngkonan Rihanna fékk sér alveg eins húðflúr í fyrra. „Ég hélt að þetta væri frumlegt hjá okkur,“ sagði aumingja Lily.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Naglbítur í Helgarútgáfunni

„Þetta verður svona desertinn á eftir lambalærinu á sunnudögum,“ segir Vilhelm Anton Jónsson, betur þekktur sem Villi Naglbítur, um Helgarútgáfuna á Rás 2. Vilhelm mun stýra Helgarútgáfunni frá og með næsta sunnudegi milli 13 og 16 þar sem hann mun ræða við fólk úr öllum áttum og spila tónlist.

„Ég hef unnið í fjölmiðlum og var lengi í sjónvarpi, en þetta er í fyrsta sinn sem ég er í útvarpi. Upp á síðkastið hef ég verið að vinna með Naglbítunum og Lúðrasveit verkalýðsins með allt að 100 manns svo það verður tilbreyting að vera allt í einu bara einn með tæknimanni í stúdíóinu, en mér finnst þetta mjög spennandi og hlakka mikið til,“ segir Vilhelm.

„Ég ætla að spila góða músík, tala við venjulegt eða óvenjulegt fólk og reyna að vera afslappaður, það þýðir ekkert annað á Rás 2 á sunnudegi. Þetta er þægilegur tími, klukkan 13 á sunnudögum, svona eftir lambalærið svo fólk sem er að hlusta er annaðhvort að vaska upp, vakna eftir fylliríi eða keyra úr bústað,“ segir Vilhelm sem er búinn að bóka fyrsta viðmælandann. „Það kemur í ljós á sunnudaginn hver það er, en viðkomandi hefur unnið mikið við dagskrárgerð og lent í kærumálum svo hann er spennandi.“ - ag



**AFSLAPPAÐUR** Villi Naglbítur ætlar að bjóða hlustendum upp á góða músík og afslappaða tónlist í Helgarútgáfunni á sunnudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

## Pólitískur trommari

Dave Rowntree, trommuleikari bresku hljómsveitarinnar Blur, hyggst endurvekja pólitískan feril sinn þegar hljómsveitin hefur lokið tónleikum sem bókaðir hafa verið í sumar. Eftir að hljómsveitin lagði upp laupana árið 2003 hellti Rowntree sér út í pólitík. Hann bauð sig fram fyrir Verkamannaflokkinn í sveitarstjórnarkosningum árin 2007 og 2008.



**DAVE ROWNTREE**

Rowntree náði ekki markmiðum sínum í kosningunum en hefur þó ekki gefist upp. Hann lauk nýverið námi í lögfræði og hefur verið valinn sem fulltrúi Verkamannaflokksins í næstu þingkosningum. Trommarinn stefnir því að því að ná þingsæti eftir tónleikaferð Blur í sumar.

## Dýrustu miðarnir uppseldir

Á tæpum mánuði hafa um tvö þúsund miðar selst á fyrirlestur Dalai Lama í Laugardalshöllinni 2. júní. Þegar er uppselt á dýrasta svæðið, eða í sal A, þar sem miðaverðið var 7.900 krónur. Alls komast 2.900 manns á fyrirlesturinn. „Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel,“ segir Þórhalla Björnsdóttir hjá félaginu Dalai Lama á Íslandi.

Hún segir að friðarboðskapurinn sem Dalai Lama stendur fyrir sé mjög þarfur í þjóðfélagi okkar í dag. „Þessi boðskapur hefur með það að gera að við hægjum á okkur, lítum inn á við og sjáum hlutina í víðara samhengi.“ - fb



**BRITNEY SPEARS** Poppprinsessan er snúin aftur í sinni fyrstu tónleikaferð í fimm ár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fyrsta ferðalagið í fimm ár

**Poppprinsessan Britney Spears hefur lagt af stað í sína fyrstu tónleikaferð í fimm ár undir yfirskriftinni Circus. Fyrstu tónleikarnir voru í heimaríki hennar, Lousiana, og heppnuðust þeir einkar vel.**

Hin 27 ára Britney sýndi á tónleikunum að hún er hvergi dauð úr öllum æðum þrátt fyrir mikla erfiðleika að undanförnu. Til að mynda varð allt vitlaust þegar hún söng slagara sinn, Baby One More Time. Upphaf tónleikanna var sérlega tilkomumikið þar sem hún lét sig síga niður úr loftinu við gífurleg fagnaðarlæti viðstaddra. Í kringum hana hoppuðu síðan fáklæddir dansarar á meðan hún söng sitt fyrsta lag.

Britney talaði reyndar lítið við áhorfendur á þessum tveggja tíma tónleikum, heldur sagði einungis í blálokin: „Takk fyrir, New Orleans“. Kannski vildi hún bara láta verkin tala eftir það sem á undan er gengið. „Við erum rosalega ánægð með að hún sé komin aftur,“ sagði hinn sextán ára Justin Scarbrough frá New Orleans, sem var klæddur stuttermabol með áletruninni „Ég styð Britney Spears“.

Ekki veitir henni af stuðningnum því á þessum fimm árum sem eru liðin síðan Britney fór síðast á tónleikaferð hefur hún marga fjöruna sopið. Hún giftist dansaranum Kevin Federline, eignaðist með honum tvö börn og skildi síðan við hann. Hún rakaði sig sköllótta, fór í meðferð, gekk í gegnum forræðisdeilu, var lögð inn á hæli og missti sjálfræði sitt til föður síns um óákveðinn tíma.

Núna virðast bjartir tímar fram undan hjá söngkonunni. Plata hennar Circus sem kom út í desember hefur selst í 1,3 milljónum eintaka og tvö lög af henni, Womanizer og Circus, komust hátt á vinsældalista. Hún ætlar að syngja í 27 borgum í Bandaríkjunum á næstu mánuðum og eftir það er förinni heitið til Evrópu í júní.



**NOEL GALLAGHER** Noel Gallagher, gítarleikari Oasis, tók þátt í tónleikum til stuðnings Tíbet árið 1997.

## Noel söng fyrir Tíbet

Ástæðan fyrir því að Oasis þurfti að hætta við tónleika sína í Kína var sú að gítarleikarinn Noel Gallagher tók þátt í tónleikum til stuðnings Tíbet árið 1997. Þar söng hann lagið Cast No Shadow en á sömu tónleikum söng Björk lagið Hyper-Ballad.

Í yfirlýsingu frá hljómsveitinni kemur fram að hún sé afar vonsvikin yfir ákvörðun kínverskra stjórnvalda og vonast hún til að þau endurskoði hug sinn. Kínverjar eru mjög viðkvæmir gagnvart listamönnum sem lýsa yfir stuðningi við Tíbet. Það kom berlega í ljós eftir að Björk söng laði „Tíbet“ á tónleikum sínum í Kína í fyrra. Síðan þá hafa yfirvöld ákveðið að rannsaka þá listamenn gaumgæfilega sem vilja koma til landsins.

## Engin kreppa hjá Potter

**Harry Potter-stjarnan Daniel Radcliffe þarf greinilega ekki að hafa áhyggjur af kreppunni eins og við hin. Nú hefur verið opinberað að tekjur hans á síðasta ári námu tæpum sex hundruð milljónum íslenskra króna. Radcliffe er nítján ára gamall og ætti með góðri samvisku að geta boðið vinum sínum upp á nokkra bjóra eftir þessi tíðindi.**

föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun




BÓNORÐ ÚTI Í MÓA

Fjölmiðlaparið Katrín Rut Bessadóttir og Helgi Seljan

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft

# Ekkert bótox fyrir Aniston

Leikkonan Jennifer Aniston hefur heitið því að gangast ekki undir bótox-meðferðir í framtíðinni. Hún segist hafa slæma reynslu af bótoxi, sem gengur út á að efni er sprautað í andlit fólks sem frystir vöðva og felur þar með hrukkur. „Ég prófaði bótox einu sinni og það reyndist mér ekki vel. Mér fannst eins og ég væri með aukaþunga á höfðinu,“ segir leikkonan góðkunna.

Aniston, sem er fertug og þekktust fyrir hlutverk sitt í Friends, varð svo um þessa reynslu sína að hún beinlínis leggur fæð á bótox. Hún segist geta séð úr langri fjarlægð hvort konur séu með bótox í andlitinu, því þær líti allar eins út. Sjálf segist hún sátt við að eldast.

„Mér finnst konur bara verða eldri við þetta. Þær verða harðari í útliti, hlýjan í andlitinu hverfur. Maður sér konur og veit að þær eru ekki ungar – en maður veit samt ekki hversu gamlar þær eru. Það fékk mig til að hætta.



**EKKERT BÓTOX FYRIR MIG** Jennifer Aniston segist hafa slæma reynslu af bótoxi. Hún vill frekar líta ellilega út en gervilega. NORDICPHOTOS/GETTY

# Söfnunarátak

## fyrir Vísindasjóð Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**Hljómsveitin Útlagar leikur lög af nýjum diski sveitarinnar í Hagkaupum Smáralind í dag kl. 13 Diskurinn ber heitið Tvennir tímar og er fáanlegur í öllum verslunum Hagkaupa.**




Allur ágóði af sölu disksins rennur til styrktar Vísindasjóðs Samtaka psoriasis og exem-sjúklinga. Hlutverk hans er að efla rannsóknir á húðsjúkdómum. Allir sem koma að útgáfu disksins gefa vinnu sína til styrktar málefninu.

**Verð aðeins 2.000 kr.**

Félagsmenn hafa nú þegar fengið diskinn sendan ásamt gíróseðli.Stjórn Spoex hvetur alla sem hafa tök á að greiða gíróseðilinn og leggja þannig Vísinda-sjóðnum lið.

SPOEX

Samtök psoriasis- og exemsjúklinga · Bolholti 6, 105 Reykjavík · www.spoex.is




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50D - 8D - 10:20D | L |
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| DEFIANCE | kl. 5:50 - 8:30 | 16 |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:20 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8:30 | 7 |
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50 | L |
| YES MAN | kl. 8 | 7 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| CONFESSIONS SHOPAHOLIC | kl. 6D - 8:10D - 10:20D | L |
| DEFIANCE | kl. 8D - 10:40D | 16 |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 7 - 10:10 | 7 |
| BLOODY VALANTINE - 3D | kl. 6(3D) | 16 |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 8 - 10:20 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:20 | 16 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 8 | L |
| DEFIANCE | kl. 8 | 16 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| SHOPAHOLIC | kl. 8 - 10:10 | L |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:30 | 16 |

SAMbio.is


# Verkfræðinemar selja föt

**Kreppan bitnar á nemum í Háskólanum í Reykjavík eins og öðrum. Verkfræðinemar í skólanum brydda upp á skemmtilegri leið til að fjármagna útskriftarferð sína.**



**NOTUÐ FÖT EÐA HUMAR?** Lóa Fatumata og aðrir útskriftarnemar í verkfræðideild HR hafa verið með ýmiss konar fjáröflun fyrir útskriftarferð og ætla að vera með fatamarkað í gamla Morgunblaðshúsinu um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta er hluti af fjáröfluninni, en það eru aðallega við stelpurnar sem erum í þessu," segir Lóa Fatumata Touray, verkfræðinemi í Háskólanum í Reykjavík, um fyrirhugaðan fatamarkað til fjáröflunar fyrir útskriftarferð.

„Það er búið að vera rosalega mikið um fatamarkaði að undanförnu og okkur finnst mjög sniðugt að fólk geti nálgast ódýr föt og endurnýtt það sem er til. Við ætlum því að umturna gamla Morgunblaðshúsinu, sem er ein af HR byggingunum og halda þar fatamarkað á laugardaginn milli 11 og 18. Við verðum með gömul föt af okkur, mæðrum okkar og frænkum í bland við annað sem var keypt síðasta sumar áður en kreppan skall á og hefur jafnvel aldrei verið notað. Þetta verður allt mjög ódýrt og það verður svona Kolaportsstemning út í gegn," útskýrir Lóa Fatumata.

„Við erum bara annar árgangurinn sem útskrifast úr verkfræði frá HR. Við erum í kringum 30 manns sem förum og það eru nokkrir staðir sem kemur til greina að fara á, svo sem Ibiza, Tyrkland, Mexíkó eða sigling í Karabískahafinu, en við kjósum áfangastaðinn á allra næstu dögum. Ég hef ekki heyrt um að hinar deildirnar séu að gera álíka hluti í fjáröfluninni, en við höfum auglýst markaðinn með því að hengja upp plaköt, fara í framhaldsskóla, auglýst innan HR og á Facebook. Við höfum líka verið með einstaklings vörusölu á klósettpappír, rækjum og humri, en ég held samt að rækjurnar og klósettpappírinn séu vinsælli en humarinn eins og staðan er í dag."

alma@frettabladid.is

# Fleet Foxes á Hróarskeldu

Hljómsveitirnar Fleet Foxes og The Mars Volta hafa bæst í hóp þeirra hljómsveita sem spila á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku í sumar. Fleet Foxes frá Bandaríkjunum sló í gegn með samnefndri plötu sinni á síðasta ári sem var ofarlega á mörgum árslistum tónlistargagnrýnenda.

The Mars Volta var stofnuð upp úr rústum At The Drive In þegar hún lagði upp laupana. Átta manns skipa hljómsveitina og þykir hún sérlega kröftug á tónleikum. Fever Ray! frá Svíþjóð kemur einnig fram á hátíðinni. Sveitin er sólóverkefni Karin Anderson úr The Knife. Á meðal annarra sem spila á Hróarskeldu eru Coldplay, Oasis, Slayer, Madness og Hjaltalín.



**FLEET FOXES** Bandaríska hljómsveitin spilar á Hróarskelduhátíðinni í sumar.


NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000**

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL D | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE INTERNATIONAL LÚXUS D | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 4 - 6 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.15 – 8 – 10.40 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 D | kl. 4 - 6 | L |
| FANBOYS | kl. 8 -10.10 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

**REGNBOGINN SÍMI 551 9000**

750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 - 8 | L |
| FROST/NIXON | kl. 5.30 - 10 | 12 |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 5.30 | L |
| VALKYRIE | kl. 9 | 12 |
| BRIDE WARS | kl. 8 - 10 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919**

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 5.30 - 9 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| MILK | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE WRESTLER | kl. 8 - 10.15 | 14 |
| THE READER | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

**BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500**

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 | L |
| FANBOYS | kl. 10.15 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus




**LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX | kl. 6 - Ísl.tal | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 8 og 10 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |






"fjörug, kraftmikil og oft falleg (sýning) og minnir okkur enn einu sinni á hversu öflugur og fjölhæfur Íslenski dansflokkurinn er"
*Martin Regal, Morgunblaðið 8. feb.*

Listafólkið ræðir við áhorfendur eftir sýninguna

Nýtt verk eftir Katrínu Hall, Peter Anderson og Cameron Corbett.
Tónlist eftir Sigtrygg Baldursson,
Pétur Ben og Frank Hall.
Leikmynd eftir Aðalstein Stefánsson.

Miðasala í síma 568 8000 og á www.id.is.

Aðeins sex sýningar:
05/02 08/02
15/02 22/02
01/03 08/03

Sýnt í Borgarleikhúsinu.

íd

Landsbankinn Traustur bakhjarl Íslenska dansflokksins

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 05. mars**

### Tónleikar

12.00 **Sigrún Hjálmtýsdóttir** sópran og **Antonía Hevesi** verða með tónleika í Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði. Á efnisskránni eru aríur eftir **Bellini**, **Donizetti** og **Dvorak**. Aðgangur ókeypis.

12.15 **Hanna Dóra Sturludóttir** sópran og **Nína Margrét Grímsdóttir** píanóleikari verða með hádegistónleika í Gerðubergi þar sem á efnisskránni eru m.a. verk eftir **Pál Ósílfsson** og **Johannes Brahms**.

20.00 **Chronolium** spila á Fimmtudagsforleik Hins Húsins við Pósthússtræti. Gengið inn Austurstrætismegin. Aðgangur ókeypis og allir 16 ára og eldri velkomnir.



20.00 **Ellen Kristjánsdóttir** og **Eyþór Gunnarsson** verða með tónleika í Borgarneskirkju þar sem á efnisskránni verður nýtt efni frá Ellen í bland við eldra.

20.30 **Valgeir Guðjónsson** er gestur **Jóns Ólafssonar** í tónleikaröðinni **„Af fingrum fram“** í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Sérstakur gestur er Páll Óskar Hjámtýsson.

21.00 **Hammondtríó Þóris Baldurssonar** ásamt **Andreu Gylfadóttur**, verður með tónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg.

### Opnanir

17.00 **Arnar Herbertsson**, **Guðrún Öyahals**, **Björk Viggósdóttir**, **Anna Eyjólfsdóttir**, **Ragnhildur Stefánsdóttir** og **Þuríður Sigurðarsdóttir** opna sýningar í START ART listamannahúsi við Laugaveg 12b.

### Bókmenntakvöld



20.00 **Bókmenntakvöld** verður haldið á Kaffi Kafka við Laugarveg 22 þar sem lesið verður upp úr verkum, þýðingum og frumsömdu efni. Upplesturinn er opinn öllum og aðgangur ókeypis. Fram koma **Birgitta Jónsdóttir**, **Una Björk Sigurðardóttir**, **Davíð Stefánsson**, **Hörður Gunnarsson** og fleiri.

### Tónlist

21.00 **Breakbeat.is** kvöld verður haldið á Jacobsen við Austurstræti. Plötusnúðar kvöldsins verða **Anton**, **TMUS** og **Gunni Ewok**. Aðgangur ókeypis.

22.00 Á **Bítboxkvöldi** Glaumbars við Tryggvagötu koma fram tónlistarmennirnir **Steve Sampling** og **Beatmakin Troopa**. Aðgangur ókeypis.

### Blús

**Blúshátíðin Norðurljósablús** verður haldin á Höfn í Hornafirði dagana 5-7 mars. Ókeypis er á alla viðburði.

21.00 **Guðgeir Björnsson** leikur á Hótel Höfn við Víkurbraut.

### Fyrirlestrar

12.00 **Halla Gunnarsdóttir** heldur fyrirlestur á vegum Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum í stofu 104 á Háskólatorgi við Sæmundargötu 4. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

14.00 **Málþing um áhrif Norðurlanda á umhverfisstefnu ESB** verður haldið í Norræna húsinu við Sturlugötu. **Þórunn Sveinbjarnardóttir**, **Gunnhildur Lily Magnúsdóttir** og **Elin Lerum Boasson** flytja erindi.

17.15 **Júlíana Magnúsdóttir** flytur erindið **„Saga til næsta bæjar“** sem fjallar um sagnir, samfélag og þjóðtrú sagnafólks frá austurhéraði Vestur-Skaftafellssýslu. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 102 í Odda, Sturlugötu 3.

19.30 Fyrirlestrar, umræður og ljóðalestur verður í tengslum við sýninguna **Skuggadrengur - Alfreð Flóki**, í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### Pub Quiz



21.00 **Pub Quiz** verður haldið á Dillon Sportbar við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði. **Einar Ágúst** spilar frá kl. 22. Aðgangur ókeypis.

### Myndlist

**Harpa Dögg Kjartansdóttir** og **Katla Guðrún Jónasdóttir** hafa opnað sýninguna „Innra rými“ í Listasal Iðu-hússins við Lækjargötu. Opið alla daga kl. 9-22.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Múm styrkir Darfur-hérað

Lagið Asleep in a Hiding Place með hljómsveitinni múm er að finna á safnplötunni Causes 2 sem kemur út 5. maí.

Allur ágóði rennur til samtakanna Læknar án landamæra, Mannréttindavaktin og Oxfam America sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta ástandið í Darfur-héraði.

Múm er í góðum félagsskap á plötunni því þar eru einnig sveitir á borð við Gnarls Barkley, LCD Soundsystem, My Morning Jacket, Devendra Banhart og The Decemberists.

Fyrsta Causes-platan kom út 2007 þar sem sveitir á borð við Animal Collective, The Shins og Spoon áttu lög.



**MÚM** Hljómsveitin múm á lag á plötunni Causes 2 ásamt sveitum á borð við Gnarls Barkley og My Morning Jacket.

# Robin frestar uppistandi



**ROBIN WILLIAMS**

Leikarinn Robin Williams hefur frestað fjórum uppistandssýningum sínum vegna veikinda. Hann hefur átt erfitt með andardrátt og var ráðlagt af læknum að taka sér frí í eina viku.

Hinn 57 ára Williams ætlar að koma fram í áttatíu borgum í Bandaríkjunum með sýninguna sem nefnist Weapons of Self-Destruction. Næsta sýning eftir hvíldina er fyrirhuguð í Jacksonville á mánudag.





HÓTEL HOLT

**Nú er gaman á Hótel Holti. Mojito-kvöld öll fimmtudagskvöld í mars. Leikhúsmatseðillinn okkar hefur slegið rækilega í gegn og nú gerum við enn betur og bjóðum þriggja rétta tilboðsmatseðla í hádeginu og á kvöldin. Um helgar bjóðum við alla fjölskylduna velkomna í gourmet lambalæri og Béarnaise.**

***Verið hjartanlega velkomin, starfsfólk Hótel Holts, Gallery Restaurant.***

BAR

MOJITO FIMMTUDAGSKVÖLD Í MARS

Mojito 2 fyrir 1
Havana Club kokteilar 2 fyrir 1
Öl á aðeins 399 kr.

**HAPPY-HOUR ALLA DAGA MILLI 15 OG 18.**

Gallery Restaurant

LEIKHÚSMATSEÐILL

**Leikhúsmatseðill er framreiddur frá kl. 18-20 alla daga vikunnar og er í boði fyrir alla matargesti. Borðapantanir til kl. 19.**

Gufusoðin Klausturbleikja með sveppum og beikoni ásamt döðlugljáa

Steikt dádýr eða fersk smálúða, sellerírótarflauel og rauðvínssósa

Hálfbökuð karamellukaka og vanilluís

**Verð aðeins 4.990 kr.**

Gallery Restaurant

HÁDEGISSEÐILL & TILBOÐSKVÖLDSEÐILL

SUNNUDAGA/MÁNUDAGA/ÞRIÐJUDAGA

**Þriggja rétta kvöldmatseðill á aðeins 4.200 kr.**
**Verð á hádegisseðli: Frá 1.980 kr.**

FORRÉTTIR

Saltfiskbollur og dill Aioli í salatlaup
Brasseraðir folaldaskankar „Oriental“ í opnu ravíolí
Innbökuð gæsalæri í smjördeigi umlukin íslenskum aðalbláberjum
Ekta frönsk lauksúpa að hætti Parísarbúa

AÐALRÉTTIR

Steikt klaustursbleikja, sveppir og beikon í döðlum ásamt flauelismjúkum kartöflum
Gufusoðin lúða á pottaelduðu grænmeti í engiferkrydduðu soði
Íslenskar sjávarafurðir og kanadískur humar í humarsósu að hætti „Fernand Point“
Dádýrasteik ásamt kremuðum villisveppum, steiktum kartöflum og rauðvínssósu

EFTIRRÉTTUR

Kirsuber í eigin safa ásamt vanilluís og vöfflu
Crème Brûlée

*Gallery Restaurant býður 15% afslátt af matseðli, a la carte, öll kvöld vikunnar.*

*Borðapantanir í síma 552 5700 og á gallery@holt.is*
*Opið alla daga í hádeginu og á kvöldin.*

Bergstaðastræti 37 s. 552 5700 holt@holt.is www.holt.is

## > Kári Kristján líklega til Sviss



Línumaðurinn sterki í Haukum, Kári Kristján Kristjánsson, er líklega á leiðinni til svissneska félagsins Amicitia Zürich í sumar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ganga viðræður um tveggja ára samning vel og gæti dregið til tíðinda í vikunni. Ef af verður mun Kári leysa norska línumanninn Frank Löke af hólmi en Guðmundur Guðmundsson, tilvonandi þjálfari danska liðsins GOG, náði á dögunum samningum við Norðmanninn sterka. Amicitia Zürich er svissneskur meistari og á góðri leið með að verja titilinn.

**sport**

sport@frettabladid.is

**TEITUR ÖRLYGSSON, ÞJÁLFARI STJÖRNUNNAR:** ÞRÍR TAPLEIKIR Í RÖÐ EFTIR AÐ BIKARMEISTARATITILLINN KOM Í HÖFN

# *Verðum jarðaðir ef við spilum eins og á móti Blikum*

Bikarmeistarar Stjörnunnar eiga á hættu að missa af úrslitakeppninni í Iceland Express-deild karla í körfubolta eftir þrjú töp í röð. Liðið vann óvæntan sigur á toppliði KR í bikarúrslitaleiknum í Höllinni á dögunum en hefur síðan tapað fyrir KR, Keflavík og Breiðabliki í deildinni. Stjarnan fær eitt heitasta lið deildarinnar, Snæfell, í heimsókn í Garðabæinn í kvöld.

„Við bjuggumst alveg við því eftir bikarúrslitin að lið myndu taka okkur alvarlega. Við erum reyndar búnir að tapa fyrir tveimur af betri liðunum, Keflavík og KR, en ég var alveg hrikalega svekktur með leikinn á móti Breiðabliki,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar.

„Við erum aftur komnir með bakið upp við vegginn ef við ætlum að koma okkur inn í þessa úrslitakeppni,“ segir Teitur. Hann sér ekki betur en vandamálið í síðustu leikjum liggi í hausnum á hans mönnum. „Ég held að þetta sé aðallega í hausnum á mönnum þegar menn eru að klikka á sniðskotum og vítaskotum sem menn geta gert hundrað sinnum í röð án þess að klikka úr þeim. Þegar svoleiðis fer forgörðum þá er þetta allt í hausnum,“ segir Teitur en Stjarnan klikkaði á fimmtán vítum í fimm stiga tapinu á móti Blikum.



Það gæti dugað Stjörnunni að vinna einn leik til viðbótar en liðið mætir Snæfelli á heimavelli í kvöld og FSu á útivelli á sunnudagskvöldið. „Við hugsum bara um Snæfell núna. Þeir eru með hrikalega vel mannað byrjunarlið. Þeir eru stórir og skynsamir allir og það er ekkert sem kemur þeim úr jafnvægi. Þeir eru yfirvegaðir og með reynslu þannig að við þurfum að ná okkar allra besta leik til þess að eiga roð í þá,“ segir Teitur og Stjörnuliðið þarf þá að rífa sig upp eftir síðasta leik á móti Blikum. „Ef við spilum eins og á móti Breiðabliki þá verðum við jarðaðir. Það er bara þannig. Við vorum mest svekktir með Blikaleikinn af öllum þessum tapleikjum af því að okkur fannst við vera að tapa fyrir verra liði,“ sagði Teitur rétt fyrir síðustu æfingu liðsins fyrir leikinn í kvöld.



**ENGAR AUKAGREIÐSLUR** Stefán lenti ekki í neinu vafasömu á sínum glæsta ferli. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Stefán Arnaldsson:

## Aldrei boðnar mútur

**HANDBOLTI** Það er um fátt annað talað í handboltaheiminum þessa dagana en hið meinta mútumál sem tengist Kiel og þjálfaranum Noka Serdarusic.

Ísland átti eitt besta dómarapar Evrópu til margra ára - þá Stefán Arnaldsson og Gunnar Viðarsson - og Stefán sagði í samtali við Vísi í gær að hann hefði aldrei lent í því að vera boðnar mútur í starfi sem handknattleiksdómari.

„Það þýddi aldrei neitt að ræða við dómara frá Norðurlöndunum um þessi mál. Við fréttum því aldrei af neinu þessu líku,“ sagði Stefán við Vísi í gær.

„Hins vegar hefur þessi umræða alltaf skotið upp kollinum af og til - að dómarar frá gömlu austurblokkinni væru í þessu. En ég hélt að stórlið eins og Kiel tækju ekki þátt í svona löguðu. Þetta eru bestu félagslið í heimi og ég hélt að þau færi ekki niður á svona plan. En hvað veit maður svo sem,“ sagði Stefán Arnaldsson að lokum. - hbg / esá

# Sögulegur og sannfærandi sigur

**Ísland vann 3-1 sigur á Noregi í fyrsta leiknum á Algarve-bikarnum í gær. Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði tvö mörk og pakkaði saman einum besta leikmanni heims. Landsliðsþjálfarinn var rosalega ánægður.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu vann frábæran og sögulegan sigur á Norðmönnum í fyrsta leik sínum á Algarve-bikarnum. Þetta er í fyrsta sinn sem A-landslið kvenna vinnur Norðmenn sem höfðu unnið fjóra síðustu landsleiki þjóðanna með markatölunni 16-3. Sara Björk Gunnarsdóttir átti stórleik og skoraði tvö mörk en þriðja mark íslenska liðsins var sjálfsmark.

Norðmenn eru í 6. sæti á Styrkleikalista FIFA og hafa unnið heimsmeistara- (1995), Evrópumeistara- (1987 og 1993) og Ólympíutitil (2000). Þetta er í fyrsta sinn sem kvennalandsliðið vinnur lið svo ofarlega á listanum en Frakkland var í 7. sæti þegar liðið tapaði fyrir Íslandi sumarið 2007.

„Kvennalandsliðið hefur ekki áður unnið svo sterkan andstæðing. Þjálfari Noregs kom til mín eftir leikinn og sagði að sigurinn hefði verið vel verðskuldaður og sagði að við værum með áhugavert lið,“ sagði Sigurður Ragnar landsliðsþjálfari kátur í leikslok.

„Það var gott skipulag á varnarleiknum og við sköpuðum okkur líka fleiri færi. Rakel Hönnudóttir fékk mjög góð færi og Katrín Jónsdóttir átti skalla í slána. Við sköpuðum okkur mun fleiri færi í leiknum heldur en Noregur,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

Íslenska landsliðið hefur nú unnið 14 af 22 leikjum sínum undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar frá því að hann tók við liðinu í ársbyrjun 2007 en Sigurður Ragnar segir að þessi leikur í gær sé í hópi þeirra bestu. „Þetta var flottur leikur. Ég er rosalega ánægður með liðið í þessum leik og hvað liðsheildin er orðin öflug. Það er komið mikið sjálfstraust í liðið og framtíðin er björt,“ sagði Sigurður Ragnar.



**FLOTTAR** Kvennalandsliðið vann einn sinn stærsta sigur í sögunni þegar liðið lagði Norðmenn 3-1 að velli í Algarve-bikarnum í gær. Hér fagna Sigurður Ragnar og stelpurnar góðum úrslitum á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Íslenska kvennalandsliðið hefur nú unnið sjö leiki í röð á Algarvebikarnum, tvo síðustu leiki sína árið 2007, alla fjóra leikina í fyrra og svo fyrsta leikinn í ár í gær.

„Við byrjuðu rosalega vel og fyrstu 20 mínúturnar voru mjög góðar. Síðan gáfum við aðeins eftir svo þær voru meira með boltann seinni hluta fyrri hálfleiks eftir að við komust 1-0 yfir. Þær voru aðeins betri í seinni hluta fyrri hálfleiks en svo komu stelpurnar mjög sterkar út í seinni hálfleikinn og kláruðu leikinn á fyrstu tíu mínútunum í seinni hálfleik. Við skoruðum tvö mörk, það var mjög gott skipulag á liðinu og við gáfum þeim ekki nein færi á okkur í seinni hálfleik,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari sem var ekkert að breyta um leikstíl þótt liðið væri að spila við eitt besta landslið í heimi.

„Við byrjuðum leikinn á hápressu eins og við erum vanar og ætluðum síðan bara að sjá til hvar við stæðum á móti þeim,“ sagði Sigurður Ragnar.

Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði tvö marka íslenska liðsins og kom liðinu yfir í bæði skiptin, fyrst í 1-0 strax á 16. mínútu og svo í 2-1 á sjöttu mínútu síðari hálfleiks. Bæði mörk hennar voru skallamark. „Sara átti frábæran leik, skoraði tvö mörk og eiginlega pakkaði saman einum besta leikmanni í heimi á miðjunni hjá Noregi,“ sagði Sigurður Ragnar um frammistöðu Söru Bjarkar Gunnarsdóttur en hún fór illa með Ingvild Stensland sem leikur með sænska liðinu Kopparbergs/Göteborg FC.

„Allt liðið átti frábæran leik og það er erfitt að taka einhvern út. Liðið spilaði fantavel. Ég notaði samt sex skiptingar og allar þær sem komu inn á stóðu vel fyrir sínu,“ sagði Sigurður Ragnar.

Íslenska landsliðið spilar næst við Bandaríkin á föstudaginn. „Það verður ekkert léttur leikur næst þegar við mætum Bandaríkjunum. Þær eiga að vera besta lið í heimi samkvæmt þessum heimslistanum og það verður rosalega gaman að mæta þeim. Þá reynir bara enn frekar á liðið og við sjáum hvar við stöndum,“ sagði Sigurður Ragnar að lokum. ooj@frettabladid.is

FLOTGÓLF GIFS&MÚRVERK

Flotgólf ehf. býr yfir vel þjálfuðum starfsmönnum, besta fáanlega búnaði til múrframkvæmda og rekstraraðilar þess eru frumkvöðlar í vélvæðingu í múrverki. Verslaðu við fagmenn - það margborgar sig!

Ertu að byggja eða breyta?

Vantar þig trausta aðila til að koma upp milliveggjum úr gifsi láta flota eða flísaleggja.

Hafðu samband
Við klárum málið

Flotgólf ehf. - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 555 6888 -flotgolf@flotgolf.is - www.flotgolf.is

**Aðalfundur**
**Knattspyrnudeildar Fylkis 2008**

**Aðalfundur Knattspyrnudeildar Fylkis verður haldinn í Fylkishöll fimmtudaginn 19. mars 2009 kl. 20.30.**

**Dagskrá;**
**1. Venjuleg aðalfundarstörf**
**2. Önnur mál**

**Stjórn Íþróttafélagsins Fylkis.**

Liverpool og Chelsea neita að gefast upp:

## Baráttan er ekki búin

**FÓTBOLTI** Þó svo Man. Utd hafi vænlega stöðu á toppi ensku úrvalsdeildarinnar hafa liðin í næstu sætum á eftir, Liverpool og Chelsea, neitað að játa sig sigruð í baráttunni.

Liverpool sækir Man. Utd heim þann 14. mars og Rafa Benitez, stjóri Liverpool, lítur eðlilega á þann leik sem lykilleik.

„Ef við vinnum þann slag verður allt önnur staða upp á teningnum,“ sagði Benitez sem var allur að hressast eftir sigurinn á Sunderland á þriðjudag.

Kollegi Benitez hjá Chelsea, Guus Hiddink, tekur í svipaðan streng og Spánverjinn.

„United á vissulega leiki inni og er á mikilli siglingu. United hefur reynsluna með sér en það er gott að við séum að vinna okkar leiki til þess að halda pressunni á þeim. Ég er mjög ánægður með viðbrögð leikmanna sem hafa sýnt styrk í erfiðum stöðum. Leikmenn eru ekki sáttir þegar illa árar og bíta frá sér til þess að ná úrslitum,“ sagði Hiddink. - hbg



**HALDA HAUS** Hiddink vill halda pressunni á United. NORDIC PHOTOS/GETTY



**TILÞRIF** Þriðja keppnin í Meistaradeild VÍS fer fram í kvöld. MYND/JENS EINARSSON

Meistaradeild VÍS í kvöld:

## Keppt í slaktaumatölti

**HESTAR** Þriðja mótið í Meistaradeild VÍS fer fram í Ölfushöllinni í kvöld. Þá verður keppt í slaktaumatölti.

Eyjólfur Þorsteinsson leiðir einstaklingskeppnina með 17 stig eftir tvö mót en Sigurður Sigurðarson kemur annar með 12 stig. Þrír knapar eru síðan jafnir með 10 stig.

Í liðakeppninni er lið Málningar efst með 85 stig og Skúfslækur er annar með 78 stig. - hbg


FERMINGAR
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM FERMINGAR TILBOÐUM
HVERGI BETRA VERÐ
50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNISKORTUM
MESTA ÚRVAL LANDSINS AF CREATIVE
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CREATIVE VÖRUM
HVERGI MEIRA ÚRVAL
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNISLYKLUM
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# ÚRSLIT

## *N1-deild karla*

| Akureyri-HK | 25-25 (12-11) |
|---|---|

**Mörk Akureyrar:** Árni Þór Sigtryggsson 7 (15), Andri Snær Stefánsson 4 (5), Hörður Fannar Sig þórsson 4 (6), Jónatan Magnússon 3 (5), Goran Gusic 2/1 (2), Björn Óli Guðmundsson 2 (4), Heiðar Þór Aðalsteinsson 1 (3), Oddur Grétarsson 1 (3), Rúnar Sigtryggsson 1 (3).
**Varin skot:** Hafþór Einarsson 9 (29/1 31%), Hörður Flóki Ólafsson 4 (9 44%)
**Hraðaupphlaup:** 2 (Andri, Oddur)
**Mörk HK:** Ólafur Bjarki Ragnarsson 5 (10), Valdi mar Þórsson 5/1 (11), Ásbjörn Stefánsson 4 (4), Brynjar Hreggviðsson 4 (4), Ragnar Hjaltested 3 (5), Gunnar Steinn Jónsson 2 (7), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (1), Einar Ingi Hrafnsson 1 (3), Ragnar Snær Njálsson 0 (1).
**Varin skot:** Sveinbjörn Pétursson 13 (38 34%)
**Hraðaupphlaup:** 4 (Brynjar 3, Ragnar)

## *Iceland Express kvenna úk.*

| Valur-Hamar | 51-70 (28-34) |
|---|---|

**Stigahæstar:** Signý Hermannsdóttir 12 (23 frák., 8 stoðs.), Ösp Jóhannsdóttir 8, Ragnheiður Theodórsdóttir 7, Lovísa Guðmundsdóttir 6 - Lakiste Barkus 29, Julia Demirer 11 (15 frák.), Fanney Lind Guðmundsdóttir 10, Johanna Björk Sveinsdóttir 7, Íris Ásgeirsdóttir 6.

## *Enska úrvalsdeildin:*

## *Enska Ãºrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| FULHAM - HULL CITY | 0-1 |
| 0-1 Manucho (90.) | |
| MANC. CITY - ASTON VILLA | 2-0 |
| 1-0 Elano (23.), 2-0 Shaun Wright-Phillips (88.). | |
| NEWCASTLE-MAN. UNITED | 1-2 |
| 1-0 Peter Lovenkrands (8.), 1-1 Wayne Rooney (19.), 1-2 Dimitar Berbatov (55.). | |
| STOKE-BOLTON | 2-0 |
| 1-0 James Beattie (13.), 2-0 Ricardo Fuller (72.). | |
| TOTTENHAM-MIDDLESBROUGH | 4-0 |
| 1-0 Robbie Keane (8.), 2-0 Roman Pavlyuchenko (13.), 3-0 Aaron Lennon (39.), 4-0 Lennon (78.). | |
| WIGAN-WEST HAM UNITED | 0-1 |
| 0-1 Carlton Cole (33.) | |
| BLACKBURN-EVERTON | 0-0 |

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **27** | **20** | **5** | **2** | **48-12** | **65** |
| Chelsea | 28 | 17 | 7 | 4 | 48-16 | 58 |
| **Liverpool** | **28** | **16** | **10** | **2** | **45-20** | **58** |
| Aston Villa | 28 | 15 | 7 | 6 | 42-29 | 52 |
| **Arsenal** | **28** | **13** | **10** | **5** | **41-26** | **49** |
| Everton | 28 | 12 | 9 | 7 | 36-28 | 45 |
| **West Ham** | **28** | **11** | **6** | **11** | **34-34** | **39** |
| Man. City | 28 | 10 | 5 | 13 | 45-36 | 35 |
| **Wigan** | **28** | **9** | **8** | **11** | **27-27** | **35** |

## *Enska B-deildin:*

| Coventry-Sheff. United | 1-2 |
|---|---|
| Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn. | |

## *Skoska úrvalsdeildin:*

| Hearts-Motherwell | 2-x |
|---|---|
| Eggert Gunnþór Jónsson lék allan leikinn. | |

## *Þýska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| Kiel-Gummersbach | 36-30 |
| Róbert Gunnarsson skoraði 3 mörk. | |
| Rhein-Neckar Löwen-Nordhorn | 32-29 |
| Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 1 mark. | |
| Flensburg-Wetzlar | 35-25 |



**FRÁBÆR** Lakiste Barkus. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úrslitakeppni kvenna:

# Hamar komið í undanúrslitin

**KÖRFUBOLTI** Hamar vann öruggan og sannfærandi 19 stiga sigur á Val í öðrum leik liðanna í 1. umferð úrslitakeppni Iceland Express deildar kvenna. Hamar vann einnig fyrri leikinn og vann því einvígið 2-0.

Lakiste Barkus átti frábæran dag í liði Hamars og réðu Valsstúlkur ekkert við þennan kvika bakvörð sem var með 29 stig, 9 fráköst og 6 stoðsendingar. Fanney Lind Guðmundsdóttir og Íris Ásgeirsdóttir léku einnig vel og Julia Demirer skilaði sínu.

Hjá Val stóð Signý Hermannsdóttir upp úr með 12 stig, 23 fráköst og 8 varin skot en bandaríski bakvörðurinn Melissa Mitidiero var skelfileg, klikkaði á 7 af 9 skotum sínum og fór snemma útaf með 5 villur. - óój

Manchester United náði aftur sjö stiga forskoti í ensku úrvalsdeildinni en Aston Villa tapaði fyrir Man. City:

# Edwin van der Sar loksins sigraður í gær

**FÓTBOLTI** Edwin van der Sar fékk á sig sitt fyrsta deildarmark síðan í nóvember en það kom þó ekki í veg fyrir sigur Manchester United sem vann sinn ellefta deildasigur í röð og náði aftur sjö stiga forskoti á Cheslea og Liverpool á toppi ensku úrvalsdeildarinnar.

Edwin van der Sar hafði ekki fengið á sig mark í 1.311 mínútur þegar hann gerði mistök og missti frá sér boltann til Peter Lovenkrands sem kom Newcastle í 1-0 eftir aðeins níu mínútna leik. Mörk frá Wayne Rooney og Dimitar Berbatov færðu meistarana enn nærri enska meistaratitlinum. Manchester á líka leik inni á næstu lið nú þegar aðeins tíu umferðir eru eftir.



**80 MÍNÚTUR FRÁ EVRÓPUMETI** Peter Lovenkrands sést hér búinn að skora framhjá Edwin van der Sar. NORDICPHOTOS/GETTY

Aston Villa mistókst að ná aftur sex stiga forskoti á Arsenal í baráttunni um fjórða og síðasta sætið inn í Meistaradeildina þegar liðið tapaði 2-0 fyrir Manchester City. Elano og Shaun Wright-Phillips skoruðu mörk City.

Carlton Cole skoraði sigurmark West Ham á Eigan á 34. mínútu en fékk síðan sitt annað gula spjald þremur mínútum síðar. West Ham hélt úti manni færri.

Tottenham vann stærsta heimasigur vetrarins þegar liðið skellti Middlesbrough 4-0 en tapið þýðir að staða lærisveina Garreths Southgate er orðin slæm á botninum á sama tíma og Toittenham menn fjarlægðust fallbaráttuna. James Beattie hefur slegið í gegn hjá Stoke og í gær skoraði hann sitt fimmta mark í sjö leikjum í 2-0 sigri á Grétari Rafn Steinssyni og félögum í Bolton. - óój

# Hungrið og gleðin aftur til staðar

**Björgólfur Takefusa segir það fullvíst að hann ætli að halda áfram að spila knattspyrnu nú í sumar og þá helst með KR. Hann hafi þó í haust fengið leiða á fótboltanum og umtalinu sem honum fylgdi.**

**FÓTBOLTI** Björgólfur Takefusa var lengi óákveðinn í haust og fram eftir vetri hvort hann ætlaði sér að spila knattspyrnu nú í sumar. Hann staðfestir hins vegar í samtali við Fréttablaðið að hann hafi fundið „gleðina og hungrið“ á ný og að hann hlakki til að fara á æfingar á hverjum degi.

Hann er sem stendur samningslaus en hefur verið að æfa með KR, þar sem hann hefur spilað síðan 2006.

„Ég á eftir að tala betur við KR-inga en ég vona að við komumst að einhverju samkomulagi. Því fyrr, því betra. En það er mikill vilji fyrir hendi,“ sagði Björgólfur.

Hann íhugaði að hætta í knattspyrnunni nú í haust eftir að KR varð bikarmeistari. „Það var mjög freistandi að hætta á toppnum - með titli hjá KR. Það eru nefnilega miklar fórnir sem þarf að færa í knattsyrnunni og ég held að fólk átti sig ekki á hversu mikill tími fer í raun í þetta. Ég er svo sem ekki að segja að við séum þvílíkar hetjur en þó svo að tímabilið sé stutt fáum við aðeins einn mánuð í frí á ári. Svo tekur við örugglega lengsta undirbúningstímabil í heimi og æfingamótin byrja strax í janúar. Ég fór því að íhuga hvort það væri eitthvað betra sem ég gæti gert við tímann minn.“

Björgólfur útskrifaðist úr háskóla með mastersgráðu nú um áramótin og hafði ákveðnar áætlanir vegna þess.

„Ég var að gæla við þá hugmynd að finna mér vinnu erlendis. Eða þá að vera áfram hér heima og einbeita mér þá fyrst og fremst að vinnunni en ekki boltanum. En svo gerðist auðvitað það sem gerðist. Ástandið í dag er allt öðruvísi en það var - ekki bara á Íslandi heldur í öllum heiminum. Þá þurfti ég að gera nýjar áætlanir og endurskoða hlutina.“



**VONANDI MEÐ KR** Björgólfur bindur vonir við að spila með KR í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Björgólfur hefur í gegnum tíðina mikið verið á milli tannanna á knattspyrnuáhugamönnum, ekki síst þar sem mörgum þykir hans líkamlega form ekki eins og best verði á kosið.

„Ég hef alltaf fengið minn skerf af gagnrýni og neikvæðri umfjöllun. Svo brilleruðuð þið á Fréttablaðinu og komuð með þessa skemmtilegu mynd. Þá kom önnur bylgja af gagnrýni. En þetta er bara eitthvað sem fylgir,“ sagði Björgólfur og átti þar við mynd sem birtist eftir umfjöllun um leik með KR í sumar. Myndin sýndi að Björgólfur væri í meiri holdum en margir aðrir knattspyrnumenn.

„Ég er búinn að finna hungrið og gleðina aftur. Ég er farinn að hlakka til að koma á æfingar og allt sem því fylgir. Til dæmis að fara í sturtu með Bjarna Guðjóns og líta bara nokkuð vel út í samanburði,“ sagði hann og hló. Hann segist óðum vera að komast í ágætt form en segir of mikið einblínt á líkamlegt ástand sitt.

„Það sem skiptir mig mestu máli í fótbolta er að ég geti lagt mitt af mörkum fyrir liðið og kannski helst skorað mörkin. Hitt er eitthvað sem fylgir og tekur maður því. Ef mamma er sátt við mig er ég góður.“

Sem fyrr segir vonast hann til að spila með KR í sumar en útilokar ekki að fara annað.

„Ég vil ekki vera hjá liði þar sem ekki eru not fyrir mig. Þá yrði ég að leita annað ef það væri möguleiki. Ef einhver vill fá Japana með one-pack þá má skoða það.“

eirikur@frettabladid.is

Akureyri og HK skildu jöfn í lykilleik í baráttunni um sæti í úrslitakeppni N-1 deild karla í handbolta í gær:

# Súrsætar tilfinningar eftir jafnteflisleik

**HANDBOLTI** Akureyri og HK halda áfram að berjast um sæti í fjögurra liða úrslitakeppninni eftir 25-25 jafntefli nyrðra í gær. HK er með jafn mörg stig og FH en einum leik færra og Akureyri tveimur stigum þar á eftir.

Akureyringar voru skrefinu á undan allan fyrri hálfleikinn. Bæði lið voru nokkurn tíma að koma sér í gang og bar á mistökum hjá báðum liðum. Hafþór varði vel hjá Akureyri sem náði aldrei meira en tveggja marka forystu. Staðan 12-11 eftir fyrri hálfleik.

HK byrjaði seinni hálfleikinn af krafti og komst fljótlega yfir. Þeir leiddu með tveimur til þremur mörkum og allt leit út fyrir útisigur gestanna þegar rúmar þrjár mínútur lifðu leiks, HK tveimur mörkum yfir og með boltann. Akureyringar gáfust þó ekki upp og náðu að komast yfir eftir ótrúlegan kafla.

Í síðustu sókninni gleymdu Akureyringar sér og HK jafnaði í 25-25. Niðurstaðan var því sanngjarnt jafntefli en báðir þjálfarar vildu eðlilega vinna leikinn.



**MARKAHÆSTUR** Árni Þór Sigtryggson skoraði 7 mörk fyrir Akureyri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Við vorum virkilegir klaufar síðustu mínúturnar,“ sagði Gunnar Magnússon, þjálfari HK. „Tveimur mörkum yfir brjótum við á manni í hraðaupphlaupi og lendum manni undir. Það var dýrt. Við vorum með leikinn algjörlega í okkar höndum,“ sagði Gunnar sem var þó ánægður með stigið eftir allt.

„Þetta stig gerir það að verkum að við erum enn með í baráttunni um sæti í úrslitakeppninni,“ sagði Gunnar og Rúnar Sigtryggsson, kollegi hans hjá Akureyri tók í sama streng fyrir hönd sinna manna.

„Hefðum við unnið hefði staðan verið mun betri. Eðlilega. En þetta er ekki búið ennþá, við gerum bara upp í lokin. Ég vildi vinna þennan leik en því miður gefum við þeim fjögur dauðafæri úr hægra horninu sem er algjörlega óæskilegt að okkar hálfu og þau nýttu þeir öll. Þetta var bara léleg varnarmennska þeim megin,“ sagði þjálfarinn.

„Við vorum allt í lagi í fyrri hálfleik en duttum niður í þeim seinni. Það var þó karakter að koma til baka. Við misstum Andra Snæ útaf með þrefalt nef en hann kom sterkur inn í lokin. Mér fannst að við hefðum átt að vinna þetta. Við fáum á okkur mark þegar fjórar sekúndur voru eftir og það er ekki ásættanlegt. Ég hefði ekki viljað sjá neitt gróft brot, menn áttu bara að taka sinn mann,“ sagði Rúnar. - hþh




**Ford Fiesta Trend**
1,4 bensín beinskiptur 5 dyra
Fast númer TJ195
Skrd. 06/2007. Ek. 45.000 km.
Ásett verð 1.850.000 kr.
Afsláttur 370.000 kr.
Tilboðsverð 1.480.000 kr.

## Ný dæmi
um verð og gæði

Ford
Nýtt tákn um gæði

# Við erum á tánum í dag – fyrir þig

**Nýtum það sem við eigum**
**Endurnýtum gjaldeyrinn**
**Kaupum notaðan bíl**
**Komdu í Brimborg í dag**

# Áfram Ísland

Semdu við okkur um verð

selja gamla

kaupa nýjan notaðan

Fjöldi annarra Ford bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.




**Ford Explorer Limited 4x4**
4,6 V8 bensín sjálfskiptur 5 dyra
17" krómfelgur, leður, sóllúga, dráttarbeisli ofl.
Fast númer JZ866
Skrd. 08/2005. Ek. 56.000 km.
Ásett verð 3.720.000 kr.
Afsláttur 370.000 kr.
Tilboðsverð 3.350.000 kr.




**Ford F150 SuperCab XLT 4x4**
4,6 V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra
Dráttarbeisli, lok á palli, gangbretti ofl.
Fast númer RM013
Skrd. 04/2004. Ek. 79.000 km.
Ásett verð 1.990.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr.
Tilboðsverð 1.690.000 kr.




**Ford Focus Trend**
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Upphitanleg framrúða, loftkæling ofl.
Fast númer ZZ420
Skrd. 05/2006. Ek. 29.000 km.
Ásett verð 2.250.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
Tilboðsverð 1.890.000 kr.




**Ford Fusion Trend**
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer VH616
Skrd. 07/2007. Ek. 11.000 km.
Ásett verð 2.185.000 kr.
Afsláttur 325.000 kr.
Tilboðsverð 1.860.000 kr.




**Ford Escape Limited AWD**
3,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur, leður, hraðastillir ofl.
Fast númer TB410
Skrd. 11/2005. Ek. 25.000 km.
Ásett verð 2.990.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.
Tilboðsverð 2.590.000 kr.




**Ford Fiesta Trend**
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Fast númer GIR46
Skrd. 09/2007. Ek. 24.000 km.
Ásett verð 2.170.000 kr.
Afsláttur 290.000 kr.
Tilboðsverð 1.880.000 kr.




**Ford Expedition Limited 4x4**
5,4 V8 bensín sjálfskiptur 8 manna
Leður, 35" breyting, dráttarbeisli ofl.
Fast númer VG074
Skrd. 08/2005. Ek. 38.000 km.
Ásett verð 4.560.000 kr.
Afsláttur 600.000 kr.
Tilboðsverð 3.960.000 kr.




**Ford Mondeo Ghia**
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur, tölvust. miðstöð ofl.
Fast númer YA233
Skrd. 08/2006. Ek. 54.000 km.
Ásett verð 2.550.000 kr.
Afsláttur 460.000 kr.
Tilboðsverð 2.090.000 kr.

## Semdu við okkur um gott verð

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins.
Komdu í Brimborg í dag.

## Notað
**Eingöngu bílar sem sérfræðingar Ford mæla með**

Cohn & Wolfe Public Relations Ísland

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

> **William Shatner**

„Ég lít á lífið sem listaverk og að það sé dýrmætt að ég skapi eitthvað gott með því sem lifir áfram eftir mína lífdaga.“ Shatner leikur lögfræðinginn og glaumgosann Denny Crane í þættinum Boston Legal. Í kvöld hefst lokaþáttaröðin á Skjáeinum.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER ÓVIÐRÆÐUHÆF VIÐ SJÓNVARPSGLÁPIÐ

# *Dáleiðslumáttur imbakassans*

„Þú heyrir ekkert hvað ég er að segja,“ segir karlinn glettinn og potar í konuna sína sem hrekkur upp úr djúpum þönkum og tekur þá loks augun af skjánum. „Ha jú, nei hvað?“ segir þá konan hálf skömmustuleg enda veit hún upp á sig sökina.

Annars ætti karlinn að vera búinn að læra að ekki þýðir að hafa samskipti við konu sína meðan kveikt er á sjónvarpinu, ekki nema ganga úr skugga um að ná augnsambandi áður. Það er nefnilega farið fyrir þeirri konu eins og sjálfri mér að hún dáleiðist auðveldlega af sjónvarpi.

Að tala í síma og horfa á sjónvarp á sama tíma er mér algerlega um megn. Þá þarf ég annaðhvort að slökkva á sjónvarpinu, halda fyrir augun eða snúa mér undan. Þeir sem þekkja mig vita hvað um er að vera þegar ég verð



fjarlæg í símann, svara með einsatkvæðisorðum, humma og segi já og nei á stöðum í samtalinu sem á alls ekki við. Slík samtöl fara yfirleitt á þann veg að viðkomandi gefst upp og segir: „Ég tala við þig þegar þátturinn er búinn.“

Þessi meinlegi galli hefur einnig farið illa með félagslífið. Ég hef mjög sterkar skoðanir á því að banna eigi sjónvörp á börum enda hef ég oftar en einu sinni lent í því að missa af skemmtilegum samræðum vegna þess að ég hef sogast inn útsendingu af enska boltanum eða einhverju álíka áhugaverðu. Því gæði sjónvarpsefnisins hafa ekkert að gera með það hvort ég dáleiðist af sjónvarpinu eður ei. Það geta verið nauðaómerkilegir þættir á borð við Biggest Loser, Simpson eða þúsundasta endursýning af Vinum. Þegar kveikt er á skjánum fær hann hug minn allan, slíkur er máttur sjónvarpsins.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.20 Game Tíví** SKJÁREINN



▶ **20.20 Eli Stone** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50 The Mentalist** STÖÐ 2



▶ **21.00 Skins** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.35 NBA** STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Finnur finnur upp** (3:3) (e)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Dansað á fákspori** Þáttaröð um Meistaramót Norðurlands í hestaíþróttum. Umsjónarmaður er Steinn Ármann Magnússon.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.20 Eli Stone** (11:13) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum.

**21.05 Myndbréf frá Evrópu** (Billedbrev fra Europa) Í þessum stuttu norsku þáttum er brugðið upp svipmyndum frá nokkrum stöðum í Evrópu og sagt frá helstu kennileitum þar.

**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Bílfélagar** (Carpoolers) (11:13) Bandarísk gamanþáttaröð um félaga sem eru samferða í vinnuna, úr úthverfi og inn í borg og skrafa saman um lífið og tilveruna á leiðinni. Meðal leikenda eru Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller, Jerry O'Connell, Allison Munn, Jerry Minor og Tim Peper.

**22.45 Sommer** (Sommer) (13:20) (e)

**23.45 Kastljós** (e)

**00.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 Diary of a Mad Black Woman**

**08.05 Ice Age. The Meltdown**

**10.00 Murderball**

**12.00 Corpse Bride**

**14.00 Diary of a Mad Black Woman**

**16.00 Ice Age. The Meltdown**

**18.00 Murderball**

**20.00 Corpse Bride**

**22.00 The Business**

**00.00 The Touch**

**02.00 Breathtaking**

**04.00 The Business**

**06.00 Rocky Balboa**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Krakkarnir í næsta húsi.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (266:300)

**10.15 Tim Gunn's Guide to Style** (7:8)

**11.05 Ghost Whisperer** (46:62)

**11.50 Men in Trees** (12:19)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (139:260)

**13.25 Wings of Love** (19:120)

**14.10 Wings of Love** (20:120)

**14.55 Ally McBeal** (15:24)

**15.40 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.03 Háheimar**

**16.28 Smá skrítnir foreldrar**

**16.48 Hlaupin**

**16.58 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (5:23)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.10 Markaðurinn með Birni Inga**

**19.40 The Simpsons** (21:22)

**20.05 The Amazing Race** (8:13) Hér mæta til leiks leiks nokkrir af sterkustu keppendunum úr tíu fyrstu seríunum til að fá úr því því skorið hvert sé sterkasta parið frá upphafi.

▶**20.50 The Mentalist** (4:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.

**21.35 Twenty Four** (6:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

**22.20 Final Approach** Seinni hluti framhaldsmyndar mánaðarins.

**23.50 Damages** (1:13)

**00.50 Mad Men** (11:13)

**01.35 U.S. Seals II**

**03.10 Final Approach**

**04.45 The Mentalist** (4:23)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Mallorca - Barcelona** Útsending frá leik í spænska bikarnum.

**17.55 Mallorca - Barcelona** Útsending frá leik í spænska bikarnum.

**19.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

**20.00 Atvinnumennirnir okkar** Pétur Jóhann Sigfússon.

**20.40 Bardaginn mikli** Í boxsögunni eru margir umtalaðir bardagar. Einn sá frægasti fór fram í Maníla á Filippseyjum árið 1975. Þá mættust Muhammad Ali og Joe Frazier en Ali, sem hafði sigur í 14. lotu, sagðist hafa verið nær dauða en lífi í þessum bardaga.

▶**21.35 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**22.30 Atvinnumennirnir okkar** Pétur Jóhann Sigfússon

**23.10 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Newcastle - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.05 Blackburn - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**18.45 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.15 Newcastle - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review 2008/09**

**21.55 Tottenham - Middlesbrough** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.35 Wigan - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Rachael Ray**

▶**19.20 Game Tíví** (5:8) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 Rules of Engagement** (10:15) Jeff og Audrey sannfæra Adam og Jennifer um að koma með sér í ferðalag en helgin tekur óvænta stefnu þegar Adam og Jennifer komast að því hvers vegna þeim var boðið með.

**20.30 The Office** (8:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael á í fjárhagsvandræðum og alt gengur á afturfótunum hjá Dwight.

**21.00 Boston Legal** (1:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston. Þetta er fimmta og jafnframt síðasta þáttaröðin af þessum frábæru þáttum. Alan Shore mætir fyrrum ástkonu í réttarsalnum og hefur áhyggjur af því að hann nái sér ekki á strik. Denny hefur einnig áhyggur af sinni frammistöðu... í bólinu.

**21.50 Law & Order** (22:24) Knapi er myrtur og félagarnir Fontana og Falco rannsaka litríkan hóp af knöpum, þjálfurum og forríkum hestaeigendum til að komast að því hver vildi þennan lánlausa knapa feigan.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 Britain's Next Top Model** (8:10) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Á fimmtudegi eru menn á öndverðum meiði um stjórnmálin.

**21.00 HH** Þáttur um ungt fólk í umsjá Hins hússins.

**21.30 Suðurnesjamenn** Páll Ketilsson ritstjóri hefur umsjón með þættinum en í honum er myndum af mannlífi á Suðurnesjum brugðið upp.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT KL. 20.00

### Atvinnumennirnir okkar – Pétur Jóhann Sigfússon

Eitt best geymda leyndarmál íslenskrar íþróttasögu sýnir allar sínar bestu hliðar en þessi ástsælasti íþróttamaður Íslands fyrr og síðar leiðir Auðun Blöndal í gegnum allan sannleikann um hæfileika sína á hinum ýmsu sviðum. Pétur Jóhann Sigfússon og hreint út sagt frábær lokaþáttur af atvinnumönnunum okkar í kvöld á Stöð 2 Sport.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Corpse Bride

### Stöð 2 bíó

Margrómuð teiknimynd frá leikstjóranum Tim Burton. Ungur maður æfir brúðkaupsheitin í einrúmi í skóginum en hittir þar fyrir draug sem fyrir misskilning telur sig vera brúði hans. Leikararnir Johnny Depp og Helena Bonham-Carter ljá aðalpersónunum rödd sína.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Sögur úr Síðunni
**15.30** Gullmolar úr hljóðritasafninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Tónlistarkvöld Útvarpsins: Myrkir músíkdagar 2009
**21.20** Eftirminnilegt sumar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.19** Útvarpsleikhúsið: Rödd án líkama
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (138:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (139:260)
**17.00 Seinfeld** (18:24)
**17.30 Lucky Louie** (7:13)
**18.00 Skins** (2:9)
**19.00 Hollyoaks** (138:260)
**19.30 Hollyoaks** (139:260)
**20.00 Seinfeld** (18:24) Georg kemst að því sér til mikillar gleði að hann á enn flest stig í skólaleiknum frá því hann var í framhaldsskóla. Raðmorðingi þvingar Jerry í nýtt samband.
**20.30 Lucky Louie** (7:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
▶ **21.00 Skins** (2:9) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**22.00 Gossip Girl** (5:25) Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi. Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartíi.
**22.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC PRIME

**10.10** EastEnders **10.40** Coupling **11.10** The Inspector Lynley Mysteries **12.00** The Inspector Lynley Mysteries **12.45** Coupling **13.15** The Weakest Link **14.00** EastEnders **14.30** Coupling **15.00** The Black Adder **15.35** The Weakest Link **16.20** The Inspector Lynley Mysteries **17.10** The Inspector Lynley Mysteries **17.55** EastEnders **18.25** The Weakest Link **19.10** Coupling **19.40** The Black Adder **20.10** Waking the Dead **21.05** Waking the Dead **21.55** The Black Adder **22.30** Coupling **23.00** Waking the Dead **23.50** Waking the Dead

## DR 1

**12.00** Mission. Baby **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.40** S, P eller K **14.50** Boogie Update **15.20** S, P eller K **15.30** Mille **16.00** Den amerikanske drage **16.25** F for Får **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Min italienske drøm **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Saved! **22.25** Sugar Rush **22.50** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** En Noman i Pakistan **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Sørens ønskestøvler **17.05** Fritt fram **17.35** Suppeopera **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Veien til øyriket **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Höök **21.30** Folk i farta **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Fornuftens fiender **23.30** Mesternes mester **00.30** Kulturnytt

## SVT 1

**12.05** Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Mia och Klara **16.25** Mat och grönt på Friland **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** På liv och död **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Diplomaterna **23.30** Öga mot öga **00.00** Sändningar från SVT24



## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér hafragraut í morgunmat. Um helgar er það yfirleitt Hunangs Cheerios, eða beint í eitthvað gott eins og Serrano eða Taco Bell ef maður vaknar eftir hádegi þar sem ég er yfirleitt að spila til morguns.“*

Brynjar Már Valdimarsson, útvarps- og tónlistarmaður.

# Bítlarnir og tívolí í meistararitgerð

„Við erum tengdari Bítlunum en við höldum,“ segir Ingólfur Margeirsson sem er að skrifa meistararitgerð í sagnfræði um uppbygginguna í Reykjavík í kjölfar stríðsáranna. Þar beinir hann sjónum sínum að tívolíinu í Vatnsmýrinni sem var starfrækt frá 1946 til 1964 og ber það saman við tívolíið í New Brighton á Englandi sem Bítlarnir sóttu á uppvaxtarárum sínum. Lagið Day Tripper er einmitt byggt á reynslu þeirra frá þessum tíma.



**INGÓLFUR MARGEIRSSON** Blaðamaðurinn og sagnfræðingurinn er að undirbúa meistararitgerð sína sem fjallar um Reykjavík eftirstríðsáranna.

„Tívolíið er mjög tengt sögu Bítlanna. Þeir sem fóru á bát til New Brighton voru kallaðir Day Trippers og ég er klár á því að Bítlarnir voru kallaðir þetta,“ segir Ingólfur, sem hefur kynnt sér tívolíið ítarlega undanfarin ár. „Ég hef skoðað gamlar ljósmyndir af þessu og það er fyndið hvað þetta er líkt tívolíinu í Vatnsmýrinni enda eru tæki eins og parísarhjólið keypt þaðan. Það halda allir að tívolíið hafi komið frá Kaupmannahöfn en það kom frá New Brighton.“

Ingólfur, sem býst við að klára ritgerðina á næsta ári, unir sér vel í sagnfræðinni. „Hún er æðisleg og ég hvet alla til að kynna sér hana. En merkilegasta sagan er að gerast fyrir framan nefið á okkur núna og það er talsverð ábyrgð hjá sagnfræðingum að safna þessu saman. Ég ligg í þessu en maður sér þetta ekki með augum blaðamanns lengur heldur með augum sagnfræðings.“ - fb



**BÍTLARNIR** Bítlarnir sömdu Day Tripper sem er byggt á reynslu þeirra í New Brighton.



**TÍVOLÍ** Parísarhjólið í New Brighton kemur við sögu í ritgerð Ingólfs.



**LÁRÉTT**
2. sálar, 6. ógrynni, 8. tala, 9. skarð, 11. númer, 12. reyna, 14. hroki, 16. halló, 17. stilla, 18. tunna, 20. tveir eins, 21. ferðast.

**LÓÐRÉTT**
1. húsaþyrping, 3. ónefndur, 4. rafall, 5. drulla, 7. útskúfa, 10. hélt á brott, 13. spor, 15. bakki, 16. ull, 19. ólæti.

**LAUSN**
LÁRÉTT: 2. anda, 6. of, 8. níu, 9. rof, 11. nr, 12. prófa, 14. dramb, 16. hæ, 17. róa, 18. áma, 20. rr, 21. rata.
LÓÐRÉTT: 1. þorp, 3. nn, 4. dínamór, 5. aur, 7. fordæma, 10. fór, 13. far, 15. barð, 16. hár, 19. at.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. 15 þúsund tonn.
2. Raimundo Pereira.
3. Margrét Helga Jóhannsdóttir.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

MICHAEL LEWIS: ÍSLAND LITAÐ DÖKKUM LITUM Í VANITY FAIR

# Allir á Íslandi fría sig ábyrgð

„Ég held að ég hafi sagt alveg nóg, þetta var mjög löng grein og ég hef engu við hana að bæta,“ segir bandaríski blaðamaðurinn Michael Lewis. Hann skrifaði býsna langa grein um efnahagshrunið á Íslandi sem nýverið birtist í glanstímaritinu Vanity Fair og hefur vakið mikla athygli. Ekki síst hér á landi þar sem vefútgáfa greinarinnar hefur mikið verið til umfjöllunar.

Myndin sem dregin er upp í Vanity Fair er ekki fögur. „Hættan er að við séum að verða eins konar alþjóðlegur samnefnari fyrir fjármálarugl – í greininni er beinlínis talað um mesta brjálæði fjármálasögunnar,“ segir Egill Helgason sjónvarpsmaður á sinni síðu eftir lestur greinarinnar.

Lewis þessi er með þekktari blaðamönnum Bandaríkjanna, skrifar reglulega í New York Times, en hann var verðbréfasali áður en hann tók til við skriftir. Lewis hefur skrifað nokkrar greinar um upphafið að endinum á Wall Street og er víst ekki vinsælasti maðurinn í verðbréfahöllinni.

Lewis vísaði í samtali við Fréttablaðið annars á spurningar&svördálk sem finna má við hlið greinarinnar á vefsíðu Vanity Fair. Þar er hann meðal annars spurður hvort sé skrýtnara, Ísland eða Kúba? Lewis veltir því fyrir sér heimspekilega og segir vissulega skrýtið að koma til Kúbu vegna stjórnmálakerfisins. „Ekki þarf lengi að gá til að sjá eitthvað fjarstæðukennt við ástandið þar. En þegar þú hefur komið auga á það skrýtna við Ísland, það hvað allir eru eins, þá hefur Ísland vinninginn,“ skrifar Lewis.

Lewis hefur ekki hugmynd um hvernig greininni verði tekið á Íslandi. „Ég held að samfélagið sé að reyna að fría sig ábyrgðinni. Það tóku allir þátt í þessu en nú vill enginn kannast við neitt. Ég held reyndar að gefa ætti Íslendingum annað tækifæri. Ef þeir klúðra því líka þá missa þeir landið sitt,“ svarar Lewis sem spáir því að Íslendingar muni ganga í Evrópusambandið og taka upp evru áður en um langt líður. Spurður hvort hann sjái eitthvað viðlíka í uppsiglingu á Wall Street segist Lewis sannfærður um að svo sé. „Það er leitt að segja, en já, ég sé það alveg gerast í nánustu framtíð.“

freyrgigja@frettabladid.is



**GEIR, LEWIS OG FIDEL**
Blaðamaður Vanity Fair segir að Ísland sé skrítnara en Kúba meðal annars vegna þess að á Íslandi séu allir eins. Og enginn vill gangast við ábyrgð. Eftir lestur greinar Lewis kvað Egill Helgason upp úr með það að Ísland væri að verða samnefnari fyrir fjármálarugl.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Vonir **Jóns Ólafssonar** um að tónleikar hans í Salnum í Kópavogi, sem byggja á sjónvarpsþáttum hans Af fingrum fram, nái að festa sig í sessi virðast ætla að ganga eftir. Magnús Eiríksson og Magnús Þór Sigmundsson hafa verið á dagskrá og var troðið á tónleikana þá. Í kvöld er það svo Valgeir Guðjónsson sem verður í öndvegi og sérstakur gestur tónleikanna er Páll Óskar. Til stendur að fara með dagskrána á Græna hattinn á Akureyri um miðjan mars.



**Ástþór Magnússon** fer nú mikinn í undirbúningi nýrrar útvarpsstöðvar - Lýðvarpið. Og hefur hann leitað til nokkurra blaðamanna og boðið þeim starf. Þannig hringdi hann í Val Grettisson sem nú starfar á Vísi og sagði að honum litist svo dæmalaust vel á Val … eftir að hann hætti á DV. Þá mun Ástþór einnig hafa sett sig í samband við Kristin Hrafnsson og boðið honum starf á útvarpsstöð sinni. Á heimasíðu Lýðvarpsins segir að þarna sé um fyrsta fjölmiðilinn að ræða sem þjóðin ræður yfir.

Sveppi og Auddi sáust nýverið í Sundhöllinni ásamt **Aroni Pálma** í ærslafullum leik – skvettuleik. Fóru þeir svo saman í sturtu félagarnir og var ekki að sjá annað en afar vel færi á með þeim. Ekki er það þó svo að Sveppi og Auddi séu að skipta Eiði Smára út úr sínu fræga þríeyki heldur er Aron Pálmi næsti gestur þáttarins Sveppi og Auddi á Stöð 2 annað kvöld. - jbg



TILBOÐSSPRENGJA
hjá fiskiprinsinum
Kaupir 1kg af steiktum fiskibollum og færð annað FRÍTT
Ýsa í raspi
Ýsa í karry-toscana-sinnepssósum 690kr/kg
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
www.hafid.is

# Íslensk-sænsk samvinna á Myspace

Lagahöfundurinn og saxófónleikarinn Einar Bragi Bragason nýtti sér netið með góðum árangri þegar hann samdi lagið Don´t Say Goodbye sem hefur fengið mikla útvarpsspilun að undanförnu.

Meðhöfundar hans að laginu eru sænsku hjónin Jens og Stina Engelbrecht sem hann kynntist í gegnum Myspace-síðuna. Einar og þau hjón hafa aldrei hist og aðeins fjórum sinnum hafa þau talað saman í gegnum síma en Einar Bragi hefur lítið við það að athuga. „Það var fyrst Stina sem „addaði“ mér inn á síðuna hjá mér. Ég komst að því að hún var í bandi og svo kynntist ég manninum hennar fljótlega líka. Við ákváðum að við ættum að prófa að gera lag saman eftir að þau uppgötvuðu að ég hefði stigið á svið í Eurovision,“ segir Einar Bragi og á þar við lögin Eitt lag enn og Þá veistu svarið. Sjálf höfðu þau Jens og Stina tekið þátt í sænsku Eurovision-keppninni og gátu þau því byggt á sameiginlegri reynslu.

Einar Bragi bjóst reyndar við því að ekkert yrði af samstarfinu fyrr en síðasta haust þegar hann samdi megnið af Don´t Say Goodbye og sendi það til Stinu, hálfskjálfandi að eigin sögn, og þá varð ekki aftur snúið. Enskur texti var búinn til og Stina söng inn á prufuupptöku af laginu. Þjóðlagakennd rödd hennar þótti ekki henta og í framhaldinu var Erna Hrönn, sem var áður í Bermúda, komin um borð. Lagið var sent inn í undankeppni Eurovision en komst ekki í gegn en hefur nú fengið uppreisn æru í útvarpinu þar sem það nýtur vaxandi vinsælda. - fb



**EINAR BRAGI BRAGASON** Lagahöfundurinn og saxófónleikarinn nýtti sér Myspace-síðuna með góðum árangri.

# OUTLET CENTER

## -Nýjar vörur



Leggings st: S-L verð: **1.490,-**
kJÓLL Stripp verð: **3.490,-**



Mia bolur st: 1-5 litur svartur og hvítur verð: **1.990,-**
London kápa st: Xs-L verð: **5.990,-**



Nokky peysa st: xs-l nokkrir litir verð: **3.490,-**



Soho peysa verð: **4.990,-**
Hlýrabolur verð: **990,-**
Aladín Buxur: **3.990,-**



Jakkaföt St: 44-62 Nokkrir litir



Yes Poncho st: s-l nokkrir litir verð: **4.990,-**

Ljósm. Valgerður Bachman



Loss peysa verð: **2.490,-**
leggings st:s-l verð: **1.490,-**



Max kósý peysa verð: **4.990,-**
Hlýrabolur: st:xs-xl litur svartur og hvítur **verð: 990,-**



Go prjónapeysam st:s-l nokkrir litir verð: **2.990,-**

**OPIÐ ALLA VIRKA DAGA $11^{00}$- $18^{00}$ LAUGARDAGA $11^{00}$- $18^{00}$ SUNNUDAGA $12^{00}$ - $17^{00}$**

**OUTLET CENTER • FAXAFEN 8 • SÍMI 534 4450**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga
milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Ástandsmat í sturtu*

Ég hitti kunningja í sturtunni. Við þurrkuðum fagurlega skapaða líkama okkar og ræddum um (bætið við hryllingsáhrifamúsík í huganum) Ástandið.

**MAÐUR** var svaka áhugasamur fyrst og lá yfir öllum fréttatímum, sagði kunninginn, „en svo núna veigrar maður sér við að hafa kveikt á fréttunum. Fólk er alveg að missa sig í svartnættinu. Ekkert nema drungi og vonleysi. Maður vill bara vernda fjölskylduna sína fyrir þessu. Maður býður ekki krökkunum upp á kreppu allan sólarhringinn.“

**JÁ, ÞAÐ** hefur orðið algjör viðsnúningur,“ sagði ég. „Þjóðin er eins og geðhvarfasjúklingur. Fyrir stuttu var allt æðislegt. Bankar skiluðu skrilljón í hagnað á fyrsta ársfjórðungi, hús sem enginn myndi nota þutu upp um allt land, allir sáu framtíð sína í rósrauðum bjarma, en núna er allt í steik og fólk voða ánægt með launalækkun bara ef það heldur vinnunni. Af hverju þarf alltaf allt að vera annaðhvort í ökkla eða eyra hérna?“

**ÓSKILJANLEGT,“** sagði kunninginn. „Hvernig væri að ná bara einhverjum jöfnum og góðum dampi?“ bætti ég við. „Ég skil ekki hvernig við höfum getað fokkað málum okkar svona gjörsamlega upp. Ég meina, örfáar hræður á skeri fullu af náttúruauðlindum og meintri snilld fólksins, en samt erum við með allt niðrum okkur.“

**MMM-HMM,“** sagði kunninginn, sem var farinn að raka sig. Ég elti hann að vaskinum og hélt áfram að mala. „Fyrir nokkrum árum þegar Steingrímur Joð var með eitthvert stjórnarandstöðu svartsýnisraus á Alþingi skammaði Davíð Oddsson hann. Spurði hvort hann ætlaði að bera ábyrgð á því að „tala góðærið niður“. Þá mátti ekki blása á spilaborgina.“

**ÆI, DAVÍÐ**. Gimmí a breik,“ sagði kunninginn. „Já já,“ sagði ég. „En þetta er samt alveg satt sem karlinn sagði um að það vantaði einhvern til að blása þjóðinni stuði í brjóst. Og ekki með úreltu gildunum. Þjóðin var montin, gráðug og heimsk. Það þarf ný gildi. Ný markmið. Ekki einhverja steypu um að við eigum að vera „ríkasta þjóð í heimi“. Við þurfum ekki einu sinni að vera eitthvað „í heimi“. Það þarf bara að hamra á góðu gildunum. Jafnræðinu. Að við séum í þessu saman. Að þjóðfélagið sé metið út frá því hvernig sá aumasti hefur það, ekki sá sterkasti. Einn fyrir alla, allir fyrir einn!“

**HEI,** rólegur á framboðsræðunni,“ sagði kunninginn og glotti.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er fimmtudagurinn 5. mars, 64. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.21 | 13.39 | 18.59 |
| Akureyri | 8.09 | 13.24 | 18.40 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


VIÐSKIPTAÞING 2009

# ENDURREISN HAGKERFISINS

Á HILTON REYKJAVÍK NORDICA FIMMTUDAGINN 12. MARS 2009 KL. 13:20 - 17:00

**DAGSKRÁ:**

**13:00 SKRÁNING**

**13:20 RÆÐA FORMANNS VIÐSKIPTARÁÐS**
ERLENDUR HJALTASON, FORSTJÓRI EXISTA

**13:35 RÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA**
JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

**13:50 CRISIS 101: WHAT TO DO AND NOT TO DO?**
PEDRO VIDELA, PRÓFESSOR VIÐ IESE BUSINESS SCHOOL

**14:10 SPURNINGAR ÚR SAL**


ERLENDUR HJALTASON
FORSTJÓRI EXISTA


JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
FORSÆTISRÁÐHERRA


PEDRO VIDELA
PRÓFESSOR Í HAGFRÆÐI


JÓN KARL ÓLAFSSON
FUNDARSTJÓRI


KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
MENNTAMÁLA-RÁÐHERRA

**14:25 KAFFIHLÉ**

**14:50 AFHENDING NÁMSSTYRKJA VIÐSKIPTARÁÐS**
KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, MENNTAMÁLARÁÐHERRA

**15:00 ÁHERSLUR STJÓRNMÁLAFLOKKANNA**
UMRÆÐUR UNDIR STJÓRN BOGA ÁGÚSTSSONAR


GEIR H. HAARDE
FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐIS-FLOKKSINS


GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON
FORMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS


INGIBJÖRG S. GÍSLADÓTTIR
FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR


SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON
FORMAÐUR FRAMSÓKNAR-FLOKKSINS


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
FORMAÐUR VINSTRI HREYFINGARINNAR GRÆNS FRAMBOÐS

**15:40 VIÐBRÖGÐ ATVINNULÍFSINS**
UMRÆÐUR UNDIR STJÓRN BOGA ÁGÚSTSSONAR


JÓN SIGURÐSSON
FORSTJÓRI ÖSSURAR


KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR
FORSTJÓRI AUÐAR CAPITAL


SVAFA GRÖNFELDT
REKTOR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK


TÓMAS MÁR SIGURÐSSON
FORSTJÓRI ALCOA FJARÐAÁLS


VILHJÁLMUR ÞORSTEINSSON
STJÓRNARFORMAÐUR CCP


BOGI ÁGÚSTSSON
STÝRIR UMRÆÐUM

**16:20 MÓTTAKA Í BOÐI VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS**

SKRÁNING Á WWW.VI.IS EÐA Í SÍMA 510-7100